




SKOÐUN Allra hagur er að ungir afbrotamenn eigi þess kost að bæta fyrir brot sín, skrifar Svala Ísfeld Ólafsdóttir. **13**



MENNING Helga Friðbjörnsdóttir býr til þverslaufur á karlmenn úr fiskroði. **30**



SPORT „Heillandi tilhugsun að starfa áfram með þessum strákunum,“ sagði Lars Lagerbläck eftir leikinn í gær. **26**

KÖBEN
FRÁ
9.900 KR.
Gildir frá 25. nóvember

FRÉTTABLAÐIÐ

Miðvikudagur
20. nóvember 2013
273. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt örennbláskortun Casaprem Gallup janúar - mars 2014

MARKAÐURINN



Bókaútgáfa veltir 4,6 milljörðum króna

Fyrir jólin eru um sjö hundruð bókar-titlar til sölu. Fimm stærstu útgáfufyrirtækin gefa út um 44 prósent af bókum ársins. Forlagið er með flesta titla í sölu þetta árið.

FRÉTTIR

Kalla á bráðabirgðalausnir

Samtök leigjenda leggja til að sveitarfélög og ríki hafi milligöngu um að reisa bráðabirgðahúsnæði. **2**

Mikil aðsókn í skipstjórnarnám

Aðsókn að Skipstjórnarskóla Tækniskólans hefur verið með slíkum ágætum síðustu ár að erfitt er að bæta við fleiri nemendum. **6**



Bolungarvík	-4°		S	8
Akureyri	-7°		SV	5
Egilsstaðir	-3°		V	3
Kirkjubæjarkl.	-4°		N	2
Reykjavík	-2°		S	5

BJARTVIÐRI Hægur vindur í fyrstu og yfirleitt bjartviðri en vaxandi suðvestanátt síðdegis með hlýnandi veðri og þykkar upp vestan til. **4**

4 SÉRBLÖÐ

Markaðurinn | Eldvarnir og öryggisfatnaður | Stöð 2 | Fólk



GENGIÐ AF VELLI Í HINSTA SINN Eiður Smári hughreystir Gylfa Þór Sigurðsson eftir tapið í Zagreb. Eiður Smári leggur nú landsliðsskóna á hilluna eftir sautján ára feril.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Kveðjustund Eiðs Smára

Eiður Smári Guðjohnsen tilkynnti eftir 2-0 tap Íslands gegn Króatíu í Zagreb í gær að landsliðsferli hans væri lokið. Með tapinu varð draumur Íslendinga um að komast á HM í knattspyrnu næsta sumar að engu.

FÓTBOLTI Ísland verður ekki meðal þátttökubjóða á HM sem fer fram í Brasilíu næsta sumar. Það varð ljóst eftir 2-0 tap fyrir Króatíu í Zagreb í gærkvöldi. Eftir leikinn tilkynnti Eiður Smári Guðjohnsen að sautján ára landsliðsferli sínum væri lokið.

„Ég er ansi hræddur um að þetta hafi verið minn síðasti landsleikur,“ sagði tárvotur Eiður Smári í viðtali við RÚV skömmu eftir að

leikurinn var flautaður af. Hann sagði við Fréttablaðið stuttu síðar að hann vildi ekki draga athyglina að sér.

„Ég held að við ættum að reyna að halda upp á þann árangur sem við náðum. Strákarnir eiga hrós skilið og svo sjáum við til hvað gerist,“ sagði Eiður Smári.

Eiður Smári er 35 ára gamall og á langan og glæsilegan feril að baki. Hann lék sinn fyrsta lands-

leik þegar hann kom inn á sem varamaður fyrir Arnór, föður sinn, í 3-0 sigri á Eistlandi ytra þann 24. apríl 1996.

Til stóð að Eiður og Arnór myndu spila saman næsta landsleik en Eiður meiddist stuttu síðar illa í unglíngalandsleik gegn Írum og hann spilaði ekki annan landsleik í rúm þrjú ár.

Eiður spilaði alls 78 landsleiki á ferlinum og skoraði í þeim 24

„Ég er ansi hræddur um að þetta hafi verið minn síðasti landsleikur.“

Eiður Smári Guðjohnsen

mörk. Hann er markahæsti leikmaður íslenska landsliðsins frá upphafi og þegar hann sló markamet Ríkharðs Jónssonar árið 2007 hafði það staðið óhaggað í 45 ár.

- esá, ktd / sjá síðu 26

Ætluð barnsmóðir hælisleitanda á flóttu er talin beitt þrýstingi:

Grunaður um aðild að mansali

LÖGREGLUMÁL Hælisleitandi sem lögregla leitar að og átti að senda úr landi í gær er grunaður um aðild að mansalsmáli sem kom upp á Suðurnesjum í sumar.

Ætluð barnsmóðir mannsins, sem einnig er hælisleitandi, ber við að hún sé mansalsfórnarlamb og gefa rannsóknargögn til kynna að hún sé beitt þrýstingi um að segja manninn föður barnsins. Þetta kemur fram í rökstuðningi innanríkisráðuneyt-

isins um synjun á endurupptöku á úrskurði um að senda manninn úr landi.

Mál mannsins hefur vakið mikla athygli síðustu daga og mótmæli skipulögð við innanríkisráðuneytið í dag undir yfirskriftinni „Mótmæli gegn sundrun flóttafjölskyldu frá Nígeríu“. Kemur fram á Facebook-síðu mótmælanna að brottvísun mannsins sé lögbrot þar sem hann eigi hér unnustu og ófætt barn.

→ Hælisleitandinn hefur farið huldu höfði undanfarið.

Í rökstuðningi innanríkisráðuneytisins kemur aftur á móti fram að maðurinn eigi ekki í sambandi við meinta barnsmóður sína, heldur eigi hann í sambandi við Íslenska konu. Einnig að faðernisviðurkenning muni fara fram í kjölfar fæðingar barnsins.

- ebg

HJARTNÆM OG AFHJÚPANDI

Áhrifamikil ástarsaga þeirra Jónínu og Jóhönnu
www.forlagid.is

OPIÐ 24 TÍMA

Nú er opið allan sólarhringinn í Engihjalla

Iceland

ÍSLENSKA HAMB ORGARA FABRIK KAN 2010

DRAUMURINN
ALVÖRU STEIKARBORGARI
140 gr. steikarborgari úr hreinni nautalund með bræddum íslenskum osti. Borinn fram nakinn í brauði með trufflubarnaisesósu og frönskum kartöflum.

MATSEÐILLINN FYLGIR BLAÐINU

SPURNING DAGSINS



Andrea, voru ekki allir strengjabrúður í hruninu?

„Þær voru margar. Bara verst hvað brúðumeistararnir voru lélegir enda floppuðu allar stærstu sýningarnar þeirra.“

Andrea Ösp Karlsdóttir leikkona tók þátt í brúðusýningunni Sögu sem fjallar um Ísland og afleiðingar efnahagshrunsins.

Óttast að gos undir Suðurskautslandi geti hækkað yfirborð sjávar:

Kvika undir Suðurskautslandi

VÍSINDI Jarðvísindamenn hafa staðfest tilvist kvikuhólfs djúpt undir Suðurskautslandinu. Þeir óttast að komi til eldgoss undir kílómetra þykkri íshellunni gæti bráðnun íss hækkað yfirborð sjávar.

Kvikuhólfið liggur undir endanum á fjallgarði sem ber hið einkennilega nafn Framkvæmdastjórnarfjöll (e. Executive Committee Range), að því er fram kemur í umfjöllun vísindaritsins Science. Fjöllin sem mynda fjallgarðinn eru grafin undir ísum og

eru þau því yngri sem sunnar dregur. Elsta fjallið er talið hafa myndast fyrir 13,2-13,7 milljónum ára en það yngsta á síðustu milljón árum.

Aðeins risavaxið eldgos gæti orðið til þess að bræða kílómetra þykkari ísinn. Minni gos gætu þó brætt gríðarlegt magn og þar með hækkað yfirborð sjávar. Ómögulegt er að spá um hversu mikil slík hækking gæti orðið, en líklega yrði hún minniháttar að mati Roberts Bindshadler, jöklafræðings hjá NASA.



HRÆRINGAR Mælingar vísindamanna á jarðhræringum á Suðurskautslandinu leiddu í ljós að kvikuhólf er að finna á 25 til 40 kílómetra dýpi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Stýrði fundi EES-ráðsins:

Styrkja þátttöku Íslands

UTANRÍKISMÁL Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra lagðist gegn því að ályktað yrði um maktarmálið á fundi EES-ráðsins í gær. EES-samningurinn tæki ekki til fiskveiða. Gunnar Bragi stýrði fundinum fyrir hönd EFTA/EES-ríkjanna þar sem Ísland gegnir nú formennsku í fastanefnd EFTA.

Meginefni fundarins var staða og framkvæmd EES-samningsins. Gunnar Bragi sagði að styrkja bæri þátttöku Íslands innan EES og bæta innleiðingu reglugerða. -ebg



FYRIR OFAN HAKIÐ Veruleg hálsa myndaðist á vegum í og í grennd við Þjóðgarðinn á Þingvöllum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI


Rúta með erlendum ferðamönnum fór á hliðina:

Rann í hálfu við þjóðgarðinn

Rúta með 49 manns fór á hliðina við Öxará á Þingvöllum í gær. Ekki urðu mikil slys á fólki en farþegarnir voru allir erlendir ferðamenn.

Gríðarleg hálsa er á vegum á svæðinu og erfiðar aðstæður fyrir ökutæki. Farþegar rúttunnar hrósuðu bílstjóranum fyrir hárrétt viðbrögð, en hann náði að hægja vel á rúttunni áður en hún rann út af vegnum. Einnig hafði hann sagt öllum að spenna bílbeltin um tveimur mínútum áður en slysið varð en aðeins tveir farþeganna fengu minniháttar áverka. -fbj, sáþ

Stúlkan sem lést hét Eva



EVA MARÍA ÞORVARÐARÐÓTTIR

ANDLÁT Stúlkan sem lést í samkvæmi í Vesturbænum aðfaranótt laugardags hét Eva María Þorvarðardóttir og var fædd árið 1992. Dánarorsök liggur ekki fyrir en haldin var bænastund í Grafarvogskirkju í fyrrakvöld til minningar um Evu og komu um fimm hundruð manns saman í kirkjunni. -hva

Forstjóri Atlantic Airways:

Magni fékk 60 milljónir króna við starfslokin

FÆREYJAR Magni Arge, sem sagt var upp störfum sem forstjóra færeyska flugfélagsins Atlantic Airways, fékk jafngildi tvennra árslauna, sem svarar til um 60 milljóna íslenskra króna, útgreiddar samkvæmt starfslokasamningi. Þetta kemur fram á vefnum portal.fo.

Uppsögn Magna vakti mikla athygli þar í landi, enda hefur hann verið þar við stjórnvöllinn frá stofnun, í 18 ár. Þar sem félagið er í meirihlutaeigu færeysku landsstjórnarinnar þótti mörgum vel í lagt með starfslokasamningum. -bj

Bráðabirgðalausnir á húsaleigumarkaði

Samtök leigjenda leggja til að sveitarfélög og ríki hafi milligöngu um að reisa bráðabirgðahúsnæði til að leysa bráðan húsnæðisvanda leigjenda.

HÚSNÆÐISMÁL „Okkar hugmynd er að það verði sett upp bráðabirgðahúsnæði, en það hefur verið gert í öðrum aðstæðum, til dæmis í snjóflóðunum fyrir vestan,“ segir Jóhann Már Sigurbjörnsson, formaður Samtaka leigjenda. Þrátt fyrir að samtökin hafi verið stofnuð fyrir aðeins tveimur mánuðum hafa fulltrúar þeirra nú þegar náð eyrum stjórnvalda. Samtökin eru í hópi fjölmargra hagsmunasamtaka sem taka þátt í stefnumótun- og vinnu velferðaræðuneytisins í húsnæðismálum.

Samtök leigjenda leggja áherslu á að leysa bráðahúsnæðisvanda. „Það fer ekki mikið fyrir þessu í umræðunni, en við höfum átt samtöl við og heimsótt fólk sem býr við óviðunandi aðstæður.“

Hugmynd samtakanna er að reisa bráðabirgðahúsnæði sem hægt væri að taka til notkunar innan hálfars. „Allar lausnir, sem borgin og ríkið fara í, taka tvö til þrjú ár, og auk þess tekur tíma að ræða málin áður en þau verða að veruleika,“ segir Jóhann Már.

Samtökin krefjast þess að sveitarfélög útvegi fjármagn til að reisa húsnæðið og vísa þar til 5. greinar húsnæðislaganna, sem kveður á um að sveitarfélög beri ábyrgð á og hafi frumkvæði að því að leysa húsnæðisþörf fólks sem þarfnast aðstoðar við húsnæðisöflun. Í ljósi þágrar fjárhagsstöðu margra sveitarfélaga verði ríkið jafnframt að koma til skjalanna.

Húsnæðið sem um ræðir væri eingöngu hugsað sem tímabundin lausn, en myndi slíkt húsnæði ekki hafa á sér yfirbragð braggabyggðar í líkingu við þá sem búið var í víða á höfuðborgarsvæðinu langt fram eftir síðustu öld?



ÓDYRT HÚSNÆÐI Samtök leigjenda leggja til að reist verði bráðabirgðahúsnæði til þess að leysa bráðahúsnæðisvanda fólks. MYND/SAMTÖK LEIGJENDA

Umfang húsnæðisvandans er óljóst



JÓHANN MÁR SIGURBJÖRNSSON

Erfitt er að leggja mat á umfang bráðs húsnæðisvanda þar sem vandinn er oft falinn. Samtök leigjenda giska á að um 3.500 einstaklinga sé að ræða. Í umsögn samtakanna um þingsályktunartillögu um bráðaaðgerðir á leigumarkaði, sem er til umfjöllunar hjá velferðarnefnd Alþingis, segir: „Þrjár fjölskyldur hafa misst húsnæði sitt dag hvern frá hruni, margar fjölskyldur hafa í kjölfarið lent á vanskilaskrá og eiga því ekki möguleika á leiguhúsnæði, búa inni á vinum og ættingjum, sem og námsmenn og þær fjölskyldur sem ekki hafa ráð á leigu lengur.“ Jóhann Már Sigurbjörnsson, formaður Samtaka leigjenda, segir að þegar leiguhúsnæði á viðráðanlegu verði sé auglýst sýni ávallt um 500 manns áhuga. Aðstæður leigjenda séu þó ólíkar eftir sveitarfélögum. Hann bendir jafnframt á að ávallt sé stór hópur námsmanna á hverri önn sem missir húsnæði vegna vanskila.

„Það eru til margar útgáfur af þessu. Þetta húsnæði, sem hugmyndin gerir ráð fyrir [og kynnt var velferðarnefnd Alþingis], lítur ekki út fyrir að vera afskaplega fátæklegt og örugglega hægt að

gera það ágætt með því að mála og láta falla inn í umhverfið. Aðalmálið er að þetta eru bráðabirgðalausnir til að leysa bráðavanda,“ segir Jóhann Már.

eva@frettabladid.is

Filippseyingar á Dalvík stóðu fyrir fjáröflun til styrktar neyðarstarfi UNICEF: Seldu vorrúllur fyrir neyðarstarf

HJÁLPARSTARF Filippseyingar búsettir á Dalvík tóku sig saman á sunnudag og stóðu fyrir fjáröflun til styrktar neyðarstarfi Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna, UNICEF, á Filippseyjum. Framtakið fólst í sölu á vorrúllum og tóku bæjarbúar framtakinu opnum örmum. Alls söfnuðust 438.500 krónur.

Annalou Perez er meðlimur félags Filippseyinga á Dalvík, FILCOM Dalvík, og ein af skipuleggjendum fjáröflunarinnar. „Þetta var alveg ótrúlegt. Ég er ekkert smá ánægð með viðbrögðin,“ segir hún.

Annalou og félagar fengu hjálp frá Taflendingum og Pólverjum við að útbúa vorrúllurnar en fyrirtækið Samherji útvegaði hráefnið. Samanlagt urðu rúllurnar yfir þrjú þúsund og seldust þær upp

á innan við klukkustund. Þá var enn biðröð fyrir utan Samherja og ákvað fólk þá að gefa pening í söfnunina. „Fólkið á Dalvík er mjög hjálpsamt,“ segir Annalou, sem er mjög þakklát fyrir peningana sem söfnuðust.

Taflendingar búsettir á Dalvík lögðu Filippseyingunum einnig lið með því að selja núðlur fyrir 78 þúsund krónur.

Aðspurð segist Annalou ekki eiga skyldmenni sem lentu í hamförum á Filippseyjum en hún viti af fólki sem er enn að leita að skyldmennum sínum. „Það er gott að vita til þess að börnin á Filippseyjum fái þennan pening. Ég á börn sjálf. Ég get gefið þeim að borða þegar þau eru svöng og hlýjað þeim þegar þeim er kalt. Þess vegna er mjög erfitt að hlusta á börnin úti á Filippseyjum gráta.“ -fb



BJUGGU TIL VORRÚLLUR Filippseyingar og Pólverjar á Dalvík hjálpuðust að við að búa til vorrúllurnar. MYND/ALBERT CAPIN

3.000 Alls seldust yfir þrjú þúsund vorrúllur á Dalvík.

Jólaseríur
sem þola íslenska veðráttu

Pfaff Grensásvegi 13 Sími 414 0400 www.pfaff.is

PFAFF

GEYSIR



— Sláin Tígla frá GEYSI —

**ÞELINU MJÚKA
OG ÞOLGÓÐU TOGI
ÞÖKKUM VIÐ HLÝJU
OG FÖGNUM NÝJUM VETRI.**



GEYSIR

SVONA ERUM VIÐ



2 í viku að meðaltali borða íslendingar fisk sem aðalrétt.

Ýsa er vinsælasta tegundin á borðum landsmanna og er neytt um einu sinni í viku, en næst á eftir er þorskur.

Að jafnaði taka Íslendingar lýsi um fjórum sinnum í viku, en alls tekur um helmingur landsmanna lýsi daglega og 62% þrisvar í viku eða oftar.

Heimild: Mats

Karlmaður sem var ákærður fyrir kynferðisbrot gegn tveimur drengjum:

Níðingur talinn ósakhæfur

DÓMSMÁL Karlmaður var í gær dæmdur til að sæta öryggisráðstöfunum á réttargeðdeild, víðeigandi samþýli eða sambærilegum stað vegna kynferðisbrota sem hann framdi gegn tveimur drengjum, þá þrettán og fimm ára gömlum.

Manninum var gefið að sök að hafa brotið gegn yngri drengjum árið 2004. Hann játaði að hafa látið drenginn afklæðast og sýna sér kynfærin en ekki að hann hefði snert drenginn á lærum og taldist það því ekki sannað.

→ Maður sem í gær var dæmdur ósakhæfur braut 2004 gegn fimm ára dreng.

Manninum var einnig gefið að sök að hafa í september á þessu ári áreiðt eldri drenginn. Maðurinn játaði að hafa skrifað á við drenginn á netinu og leitað eftir kynferðislegu stefnumóti við hann. Ekki taldist sannað að hann hefði beðið hann að senda sér ljósmyndir af sér nöktum. Fyrir dóminn komu geðlæknar

sem báru vitni um andlegan vanþroska mannsins vegna þroska-hömlunar og lítillar greindar. Töldu þeir að hann væri ófær um að stjórna gerðum sínum, sérlega hvað varðaði kynlíf og kynferðismál.

Héraðsdómur Reykjavíkur taldi andlegt ástand mannsins svo skert á verknaðarstundu að hann hafi verið ófær um að stjórna gerðum sínum. Auk þess að vera sendur á réttargeðdeild var manningunum gert að greiða drengjunum samtals eina milljón króna í miskabætur. - fbj

Samtök í velferðarþjónustu: Heilsustofnun njóti sanngirni

HEILBRIGÐISMÁL „Mikilvægt er að yfirvöld virði gerða samninga,“ segir í ályktun Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu vegna áætlaðs fimm prósentu niðurskurðar til Heilsustofnunar NLFÍ.

Samtökin segja stofnunina fyrir löngu hafa sannað sig sem mikilvægan hlekk í heilbrigðisþjónustu landsmanna og staðið við þjónustusamning við ríkið. Er því beint til heilbrigðisyfirvalda að gæta jafnræðis og sanngirni í úthlutun fjármuna. - gar



NÝJA MINNISMERKIÐ Lagt í rúst daginn eftir að forsætisráðherra vígði það. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Aftur ólæti á Tahrir-torgi: Skemmdu minnismerki

EGYPTALAND, AP Uppreisnarmenn mættu á Tahrir-torg í Kaíró í gær, tókust á við stuðningsmenn stjórnarinnar og unnu skemmdir á minnismerki, sem nýbúið var að reisa á torginu.

Minnismerkið var vígt daginn áður, en það var reist til minningar um þá sem létu lífið í mótmælunum á Tahrir-torgi gegn Hosni Mubarak snemma árs 2011.

Snemma í gærmorgun mætti svo hópur ungra manna sem brutu minnismerkið og skrifuðu með rauðri málningu ókvæðisorð jafnt gegn fyrrverandi stjórn Múhameds Morsí sem núverandi stjórn, sem nýtur stuðnings hersins. - gb

Ungur piltur í Fredrikshavn: Varð undir lest og missti fætur

DANMÖRK Sextán ára piltur missti báða fætur eftir að hafa orðið fyrir lest við járnbrautarstöðina í Fredrikshavn á Norður-Jótlandi snemma á sunnudag. Danskir miðlar segja frá þessu.

Óhappið átti sér stað klukkan álf sex um morguninn, en pilturinn var umsvifalaust fluttur á slyshadeild sjúkrahússins í Álaborg. Lestarferðir til og frá Álaborg lágu niðri í tvær klukkustundir á meðan rannsókn lögreglu á málavöxtum stóð yfir. - bj

Fjárlög skerða tekjustofninn

Stefnt er að lækkingu tekjustofns Fæðingarorlofssjóðs af almennu tryggingagjaldi. Lækkingun mun leiða til þess að gengið verður á eigið fé sjóðsins. Ekki verður hægt að auka réttindi nema með lækkingu tryggingagjaldsins.

FÉLAGSMÁL „Það er verið að lækka þennan markaða tekjustofn sem Fæðingarorlofssjóður hefur af almennu tryggingagjaldi. Ríkisstjórnin mun helminga tekjustofninn og færa yfir í almannatryggingar. Það er alveg ljóst að þetta setur framtíðarþróun fæðingarorlofsréttinda verulegar skorður,“ segir Þorsteinn Víglundsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, um væntanlegar breytingar sem gerðar verða á hlut Fæðingarorlofssjóðs í tryggingagjaldi launa. Í fjárlagafrumvarpinu fyrir árið 2014 er gert ráð fyrir nærri helmingslækkingu úr 1,28% í 0,65%.

Áhrif lækkingarinnar á stöðu Fæðingarorlofssjóðs er veruleg, en í svari félagsmálaráðherra við óundirbúinni fyrirspurn Guðmundar Steingrímssonar þingmanns um stöðu Fæðingarorlofssjóðs kom fram að á næsta ári verður gengið á eigið fé sjóðsins sem nemur 1,9 milljörðum króna. Samkvæmt áætlun verður bundið eigið fé sjóðsins 6,5 milljarðar í lok árs 2013 en verður 4,6 milljarðar árið 2014.

„Þau geta gengið ansi hratt á fé sjóðsins og að minnsta kosti verður svigrúm hans til frekari hækkunar á tekjubakinu ekkert. Það verður ekki gert nema að hækka tryggingagjaldið enn frekar,“ bendir Þorsteinn á.

Tryggingagjald launa var síðast hækkað fyrir tveimur árum en hækkuninni fylgdi loforð um að hún gengi til baka þegar atvinnuástand lagaðist. Nú bendir allt til þess að ekki verði staðið við gefin loforð þar sem versnandi staða Fæðingarorlofssjóðs á næstu árum muni kalla á hækkun gjaldsins.

„Ríkisstjórnin er að skapa svigrúm til að hækka almenna gjaldið, en það þýðir að við stöndum frammi fyrir hækkun aftur á

næsta eða þar næsta ári vegna stöðu Fæðingarorlofssjóðs. Þá situr atvinnulífið uppi með hækkunina,“ segir Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASI.

Stefnubreytingin kemur forystu atvinnulífsins í opna skjöldu, enda var ákvörðun síðustu ríkisstjórnar um að hækka tryggingagjaldið gagnrýnd af núverandi stjórnarflokkum.

„Ríkisstjórnin virðist vera að marka sér stefnu um mjög mikla hækkun tryggingagjalds á næstu árum. Við áttum ekki á von á þessu frá þessari ríkisstjórn,“ segir Þorsteinn. Tryggingagjald er stór liður í launakostnaði atvinnurekenda.

Aðspurður um áhrif breytinga á tryggingagjaldi á komandi kjarasamninga segir Þorsteinn of snemmt að meta það en það sé ekkert launungarmál að atvinnurekendur gerðu ráð fyrir lækkingu tryggingagjalds.

„Við höfum lagt megináherslu á lækkingu tryggingagjaldsins og að staðið verði við loforð í tengslum við að sú hækkun, sem þegar hefur orðið, gangi til baka þegar atvinnuástand lagist vegna minni fjárþarfar atvinnuleysistryggingasjóðs. Nú horfum við fram á hækkun almenna sjóðsins í staðinn.“ Hann bendir á að ef kostnaður fyrirtækja af starfsfólki verður hærri, takmarki það svigrúm til launabreytinga.

eva@frettabladid.is

ÞORSTEINN OG GYLFI Forysta ASI og SA hefur áhyggjur af því að staða fæðingarorlofssjóðs leiði til hækkunar tryggingagjalds á næstu árum.



VIÐ KVENNADEILD LSH Þróun fæðingarorlofsréttinda eru settar skorður með helmingun tekjustofns Fæðingarorlofssjóðs. MYND/VILHELM


Skora á stjórnvöld að standa við lengingu

Ríflega 1.200 manns hafa skrifað undir áskorun til íslenskra stjórnvalda um að standa við lengingu fæðingarorlofs. Þannig sé stuðlað að velferð barna og fjölskyldna þeirra, enda séu fyrstu mánuðir og árin í lífi einstaklings þau mikilvægustu. Ásta Sól Kristjánsdóttir stendur fyrir áttakinu, sem hófst 4. nóvember síðastliðinn. Hún gerir ráð fyrir að afhenda félagsmálaráðherra undirskriftirnar. „Ég vonaðist til að þetta myndi vekja athygli fólks á þessum breytingum sem verið er að gera og lítið er talað um. Ólétur konur eru kannski ekki hópur sem hefur orku í að hlaupa um og verja réttindi sín,“ segir Ásta, sem sjálf á von á barni í byrjun nýs árs.

Jafnframt er skorað á stjórnvöld að hverfa frá þeim áformum að lækka um helming hlutfall tryggingagjalds launa sem nú rennur til Fæðingarorlofssjóðs. „Afleiðingin hlýtur að vera að sjóðurinn skerðist á nokkrum árum. Það verður að hverfa frá þessu til að viðhalda jafnrétti í landinu.“

Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi



HLÝNAR Í KVÖLD Heldur vaxandi suðvestanátt með hlýnandi veðri í kvöld og þykkar upp vestan til. Strekkingsvindur á morgun og skúrir eða slyðuél vestra en bjartviðri á austanverðu landinu. Kólnar á ný á föstudag með norðanátt.

Alicante 16°	Billund 5°	Gautaborg 5°	London 7°	Orlando 24°	San Francisco 15°
Basel 9°	Frankfurt 5°	Kaupmannahöfn 5°	Mallorca 16°	Ósló 1°	Stokkhólmur 4°
Berlín 5°	Friedrichshafen 4°	Las Palmas 22°	New York 7°	París 7°	

Elísabet Margeirsdóttir veðurfréttamaður

LISTERINE ZERO™

ÁN ALKÓHÓLS

- Mildara og minna bragð
- Fyrir alla fjölskylduna
- Fyrir börn frá 6 ára aldri
- Tvöfalt flúormagn 0,05%
- Fyrirbyggir tannskemmdir
- Minnkar tannsyklu
- Dregur úr andremmu

Fæst í apótekum

Listerine Zero inniheldur sömu virku efni og annað Listerine en án alkóhóls

Rauðir dagar 18.-22. nóvember

Verðtryggt eða óverðtryggt?

- Verðtryggt
- Óverðtryggt
- Blanda beggja
- Hvorugt

Það eru Rauðir dagar í útibúinu þínu
alla vikuna með fræðslu og fundum
um fjármál heimilisins.

Komdu og spurðu okkur spjörunum úr.

Rauðir dagar - í útibúinu þínu

Á Rauðum dögum Íslandsbanka 18.-22. nóvember
leggjum við sérstaka áherslu á fræðslu um flest það
sem viðkemur fjármálum heimilisins.

Boðið verður upp á opna fundi og fyrirlestra á
völdum stöðum og heitt kaffi í útibúinu þínu.

Nánar á islandsbanki.is

 **Opið til kl. 17 á morgun í útibúinu þínu**

Miðvikudagur 20. nóvember Hús og heimili



Efri árin og fjármálin

Fræðslufundur um fjármál við starfslok.
Íslandsbanki Kirkjusandi kl. 10.00.



Tölvun og snjallsíminn

Kennsla á Netbankann og Íslandsbanka Appið.
Öll útibú kl 12.15-12.45.



Húsnæðislán á mannamáli

Fræðslufundur um húsnæðismál með áherslu á kaup á
fyrstu eign. Íslandsbanki Suðurlandsbraut kl. 16.30.

Við bjóðum
góða þjónustu

islandsbanki.is | Sími 440 4000


Íslandsbanki

VEISTU SVARIÐ?



1. Hvaða kínversku vefverslun hafa Íslendingar stundað viðskipti við í stórum stíl undanfarið?
2. Við hvaða erlendu umboðsskrifstofu hefur glæpasagnahöfundurinn Yrsa Sigurðardóttir gert samning?
3. Í hvaða bæjarfélagi hafa hreindýr gert sig heimakomin og hámað í sig gras á fótboltavelli bæjarins?

SVÖR:

1. Alltíð. 2. Salomonsson. 3. A. Þ. Þ. Þ. Þ. Þ.

Ráðherra upplýsir að hafin sé sameining þriggja stofnana sem fara með réttindamál minnihlutahópa: Ekki farsælt að blanda Persónuvernd í hópinn

STJÓRN MÁL Þingheimur er ekki sammála um hvert hlutverk nýrrar stofnunar um borgaraleg réttindi eigi að vera og hvaða stofnanir skuli sameina.

Hugmynd að slíkri stofnun má finna í tillögum hagræðingarhóps ríkisstjórnarinnar.

Freyja Haraldsdóttir, varaþingmaður Bjartrar framtíðar, var málshafjandi sérstakrar umræðu um stofnun borgaralegra réttinda á Alþingi í gær.

Meðal þess sem Freyja auk

fleiri þingmanna gagnrýndi var að nafn stofnunarinnar afmarkaði hlutverk hennar eingöngu við borgaraleg réttindi en tæki ekki til annarra mannréttinda og fleiri hópa.

Þá kom fram gagnrýni á að samkvæmt tillögum hagræðingarhópsins ætti að sameina ólíkar stofnanir á borð við Jafnréttisstofu og Persónuvernd.

„Mér finnst það skrytið því starf Persónuverndar varðar ekki hagsmunum undirmálshópa



FREYJA HARALDSDÓTTIR

Eygló Harðardóttir, félags- og húsnæðismálaráðherra upplýsti

í samfélaginu. Persónuvernd er mannréttindamál, en hún varðar heildarhagsmunum almennings en ekki ákveðinna hópa. Það er ekki farsælt blanda,“ segir Freyja.

að hafinn væri undirbúningur að sameiningu þriggja stofnana, Jafnréttisstofu, Fjölmenningsseturs og réttindagæslu fatlaðra. Helstu rökin með sameiningu væru hagræðing í rekstri og betri nýting fjármagns.

Ráðherra sagðist sjá fyrir sér að nýja stofnunin myndi aðallega fjalla um félagsleg, menningarleg og efnahagsleg réttindi, svo það væri hægt að ræða nafnið sem hagræðingarhópurinn gaf stofnuninni.

Skipstjórnarskólinn þéttsetinn nemum

Aðsókn að Skipstjórnarskólanum er með mesta móti og hefur mikil stígandi verið síðustu árin. Skólastjóri segir margt stuðla að aukningunni, en erfitt verði að bæta við fleiri nemendum. Nemandi segir mörg tækifæri bjóðast eftir nám.

MEINTUN Aðsókn að Skipstjórnarskóla Tækniskólans hefur verið með slíkum ágætum síðustu árin að vart er hægt að bæta við í bili. Skólastjóri segir stöðuga eftirspurn eftir skipstjórnarmenntuðu fólki.

„Aðsóknin hefur verið nokkuð stöðug og góð síðustu ár og fjölgun, sérstaklega í dreifnáminu,“ segir Vilbergur Magni Óskarsson, skólastjóri Skipstjórnarskóla Tækniskólans, í samtali við Fréttablaðið.

Aðspurður segir Vilbergur að bæði séu að koma inn nýir nemendur og gamlir að snúa aftur.

„Nýir nemendur eru að sækja sér réttindi og flestir þeirra stefna að því að klára þau öll. Svo erum við líka með mikið af nemendum sem eru að koma aftur, jafnvel eftir langan tíma, til að bæta við sig réttindum.“

Vilbergur segir erfitt að gefa sér mikið um ákveðna tilhneigingu í náminu.

„En það eru að koma inn menn með gamla fiskimannaprófið og sækja sér farmannaréttindi. Sérstaklega ef þeir eru að sigla á stærri fiskiskipum til útlanda og þurfa aukin réttindi þess vegna. Svo eru sumir að skipta um vettvang og fara yfir í farmennsku. Það er allt til í þessu.“

Með 242 nemendum, þar af 103 í dagskóla, er erfitt að bæta við nemendum.

„Ég hugsa að við eigum ekki að óbreyttu auðvelt með að taka á móti fleiri nemendum, bæði er það aðstaðan, sérstaklega fyrir verklegu kennsluna, og svo eru það kennarar, en það er ekki fleirum til að dreifa sem stendur.“

Aðspurður hvort mikil eftirspurn sé eftir útskriftarnemendum úr skólanum segir Vilbergur að svo sé.

GAMLI SJÓMANNASKÓLINN

Aðsókn að Skipstjórnarskólanum hefur aukist stórum síðustu árs.

FRÉTTABLAÐIÐ/HARI



Hefur fjölgað mikið frá hrúni

Nemendum í Skipstjórnarskólanum hefur fjölgað mikið frá árinu 2008.

	Dagskóli	Dreifnám	Samtals
2008	56	32	88
2009	72	75	147
2010	80	83	163
2011	90	122	212
2012	88	157	245
2013	103	139	242

→ Stúdentsprófið heillaði

Sigurður Friðfinnsson er að hefja sinn þriðja vetur í Skipstjórnarskólanum. Hann sagði að það hefði blundaði í honum að fara í skólann áður en hann lét slag standa.

„Ég var búinn að vera í landi í nokkur ár áður en ég ákvað að drífa mig í námið. Það var ýmislegt sem heillaði við þetta, meðal annars að þegar ég klára öll réttindin útskrifast ég líka með stúdentsprófi.“


Aðspurður um hvað taki við að námi loknu segir Sigurður að hann stefni að því að fara á sjóinn.

„En svo er líka möguleiki á því að fara í sjávarútvegsfræði í framhaldinu, mögulega í fjarnámi.“

„Það hefur í sjálfu sér ekki verið gerð nein sérstök greining á þörfinni fyrir skipstjórnarfólk hér á Íslandi, nú eða í framtíðinni, en það er alltaf nokkur endurnýj-

unarþörf, auk þess sem margir sækja sér réttindi og fara svo utan til að vinna. Ég get ekki betur sér en að þeir sem við útskrifum fá allir vinnu.“

SIGURÐUR FRÍÐFINNSSON



Rauðir dagar 18.-22. nóvember

Er fólk nokkurn tímann of gamalt til að spara?

Já, eftir fimmtugt Já, við starfslokaaldur
 Já, 100 ára Nei, sparnaður gagnast alla ævi

Miðvikudagur 20.11.
 Íslandsbanki Kirkjusandi kl. 10.00
 Fræðslufundur um fjármál við starfslok.

Við bjóðum góða þjónustu

Sígræna jólatréð

-eðaltré ár eftir ár!

Skátahreyfingin hefur um árabil selt sígræna eðaltré í hæsta gæðaflokki og prýða þau þúsundir heimila og fyrirtækja.

Frábærir eiginleikar:

- 10 ára ábyrgð
- 12 stærðir (90-500 cm)
- Stálfótur fylgir
- Ekkert barr að ryksuga
- Veldur ekki ofnæmi
- Eldtraust
- Parf ekki að vökva
- Íslenskar leiðbeiningar

Sígrænu jólatrén eru seld í Skátamiðstöðinni Hraunbæ 123 í Reykjavík, s: 550 9800 og á skátavefnum: www.skatar.is

Mannvirðing

Síðmennt styður opið, viðsýnt og fjölbreytt samfélag

www.sidmennt.is

kynntu þér málið!

Skólanefnd Menntaskólans í Reykjavík boðaði til fundar í hádeginu í gær: Fundað vegna fjársveltis skólans

SKÓLASTARF Skólanefnd Menntaskólans í Reykjavík, MR, boðaði til fundar í gær með fulltrúum kennara, foreldra og nemenda, ásamt stjórnendum skólans til að ræða stöðu mála. Samkvæmt fyrirbyggjandi fjárlagafrumvarpi fær MR lægsta framlagið miðað við sambærilega bóknámsskóla á landinu, leiðrétt fyrir nemendafjölda.

„Stjórn skólans boðaði til þessa fundar vegna þess að hún hefur áhyggjur af þessu langvarandi fjársveltis sem skólinn hefur verið í. Samkvæmt núverandi fjárlagafrumvarpi virðist engin breyting ætla að verða á því,“ segir Magnús Gottfredsson, formaður foreldrafélags MR. „Skólinn hefur mátt þola mun meiri niðurskurð en aðrir framhaldsskólar á undanföllum árum. Töluleg gögn frá hinu opinbera staðfesta það. Foreldrar eru uggandi yfir þessu. Við finnum að húsnæðið og aðbúnaðurinn er víða á tæpasta vaði og okkur finnst ástæða til að snúa af þessari braut.“

Að sögn Magnúsar á framlag til hvers nemanda að hækka um 3,3 prósent frá því í fyrra. „Þetta er í



Á FUNDINUM Magnús segir að skólinn hafi mátt þola mun meiri niðurskurð en aðrir framhaldsskólar á undanföllum árum.

raun óbreytt framlag, því þetta nemur rétt um það bil breytingunum á verðlagsforsendum,“ segir hann. „Það sem við foreldrum blasir er að skólinn mun eiga í erfiðleikum með að standa undir hlutverki sínu ef þetta heldur svona áfram.“



Upplýsingar og skráning:
544 4500 / www.ntv.is

„Ég fékk nóg af bakstri, þeirri iðn sem ég lærði. Ég ákvað því að venda kvæði mínu í kross og læra kerfisstjórn hjá NTV. Það nám hefur opnað nýjar dyr fyrir mig.“

Björn Þórsson Björnsson
Tæknimaður hjá Advania

„Ég tók Diplómanám í forritun samhliða meistaranámi í Bókasafns- og upplýsingafræði í HÍ. Hjá NTV lærði ég þá undirstöðu í forritun sem ég þurfti.“

Hrafn H. Malmquist
Sérfræðingur hjá Landsbókasafni

„Ég hafði komið víða við í vinnu. Síðasta starfið fyrir námið hjá NTV var kokkastarf. Eftir Kerfisstjórabrotina fékk ég frábært starf hjá Isavía.“

Guðni Thorarensen
Kerfisstjóri hjá Isavía

TÆKNINÁM NTV SKILAR ÁRANGRI!

Skráningar á vorönn standa yfir

Kerfisstjórabrot - 371 stundir - Verð: 564.000.-

Nám fyrir þá sem vilja hasla sér völl sem kerfisstjórnar hjá fyrirtækjum og stofnunum. Nemendur öðlast viðtækan skilning á uppsetningu netkerfa, viðgerðum og bilanagreiningu á vélbúnaði og uppsetningu stýrikerfa. Námið samanstendur af 3 námskeiðum: Tölvuviðgerðir, Win 7/8 & Network+ ásamt MCSA Netstjórnun og er gefinn 10% afsláttur af öllum pakkanum.

3 alþjóðleg próf innifalin: „Microsoft Certified Solutions Associate“

| Morgunnámskeið byrjar 28. jan. | Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 27. jan. |

Kerfisumsjón - 180 stundir - Verð: 268.000.-

Nám fyrir þá sem vilja hasla sér völl sem kerfisumsjónarmenn hjá minni fyrirtækjum og stofnunum. Allar kennslugreinar eru kenndar frá grunni og er rétt að gera ráð fyrir nokkurri heimavinnu.

| Morgunnámskeið byrjar 28. jan. | Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 27. jan. |

Cisco CCNA Routing & Switching - 85 stundir - Verð: 289.000.-

CCNA Routing & Switching er talin ein öflugasta gráðan í upplýsingatækni.

Ef þú hefur áhuga á að verða sérfræðingur í uppbyggingu á tölvunetum og þeim tækjum sem notuð eru í samskiptum í netheiminum í dag, þá er þetta námskeið fyrir þig. Námið er undirbúningur fyrir prófið 200-120 sem er CCNAX prófið frá Cisco og er það innifalið í verði.

Þetta er nám sem gerir talsverðar kröfur til nemenda, en styrkir án efa stöðu þeirra á vinnumarkaðinum.

| Kvöldnámskeið byrjar 7. janúar |

Win 7/8 og Network+ - 108 stundir - Verð: 169.000.-

Markmiðið með þessu námskeiði er að nemendur öðlist færni og kunnáttu til að setja upp og hafa umsjón með tölvum sem keyra á Windows stýrikerfinu. Nemendur öðlast einnig viðtækan skilning á netkerfum og geta leyst vandamál sem að þeim snúa. Auk þess er kynntur fyrir nemendum Windows 2012 Server. Eftir námið á nemandi að geta séð um rekstur minni eða meðalstórra tölvuneta.

| Morgunnámskeið byrjar 27. feb. | Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 26. feb. |

Fornám í forritun - 108 stundir - Verð: 149.000.-

Forritun er fjölbreytt, skapandi, alþjóðleg og skemmtileg starfsgrein sem stöðugt virðist vanta nýja starfskrafta. Markmiðið með þessu námskeiði er að undirbúa nemendur fyrir Diplómanám í forritun og einnig að gera nemendum betur kleift að meta hvort þeir hafi áhuga og getu til að halda áfram á þessari braut. Til þess að komast áfram í diplómanámið þurfa nemendur að ná lágmarkseinkunn í þeim prófum sem lögð eru fyrir.

Stúdentspróf eða hliðstæð menntun veitir beinan aðgang í Diplómanámið.

| Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 8. apríl |

Diplómanám í Forritun - 282 stundir - Verð: 399.000.-

Öflugt starfsnám þar sem leitast er við að leggja traustan þekkingargrunn og byggja ofan á hann með skriflegum og verklegum æfingum. Að námi loknu eiga nemendur að hafa góða undirstöðuþekkingu og yfirsýn yfir þær aðferðir sem helst eru notaðar í nútíma hugbúnaðargerð og vera í stakk búnir að sækja um starf á þessu sviði.

Námið byggir á stöðluðum námskeiðum frá Microsoft og að námi loknu eiga nemendur að vera færir að taka 3 alþjóðleg próf.

| Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 4. febrúar |

Tölvuviðgerðir - 78 stundir - Verð: 129.000.-

Nám fyrir þá sem vilja hasla sér völl á viðgerðarsviðinu. Verklegur undirbúningur fyrir A+ gráðurnar frá Comptia. Eftir námið eiga nemendur að vera í stakk búnir að uppfæra, bilanagreina og gera við tölvubúnað, ásamt því að setja upp viðeigandi stýrikerfi og koma tölvum í netsamband.

| Morgunnámskeið byrjar 28. jan. | Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 27. jan. |

MCSA kerfisstjórnun - 185 stundir - Verð: 329.000.-

MCSA námið er fyrir þá sem vilja starfa sem sérfræðingar við umsjón Microsoft netkerfa. Markmiðið með náminu er að nemendur læri undirstöðuatriði við rekstur og hönnun netkerfa byggðum á Windows stýrikerfinu og geti að náminu loknu tekið þau þrjú alþjóðlegu próf sem innifalin eru og þarf til að fá gráðuna: „Microsoft Certified Solutions Associate“

| Morgunnámskeið byrjar 28. jan. | Kvöld- og helgarnámskeið 27. eða 28. jan. |



LEIKSKÓLABÖRN Færa á lausar stofur frá leikskólanum Hvammi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTÓN

Foreldrar mótmæla:

Vilja ekki missa lausar stofur

HAFNARFJÖRÐUR Foreldrafélag leikskólans Hvamms í Hafnarfirði segir að ef lausar skólastofur verði fluttar burt frá Hvammi og á Vellina eins og áformað er, fái börn á Öldutúnssvæðinu ekki pláss í sínu hverfi.

Foreldrar segja að lausn fyrir Vellina eigi ekki að felast í því að minnka húsnæði Hvamms. „Lausnin er of léttvæg og skammsýn til þess að hana sé hægt að réttlæta,“ segir í bréfi til fræðsluráðs bæjarins sem ætlar að skjóta á fundi með foreldrunum.

-gar

LANDBÚNAÐUR

Býflugnarækt í lagi

Sveitarstjórn Reykhólahrepps gerir ekki athugasemdir við áform Guðjóns D. Gunnarssonar um býflugnarækt á Reykhólum.

Nautakjöttssala svipuð

Sala á nautakjöti frá nóvember í fyrra og út október í ár er 1,1 prósent meiri en á sama tímabili ári fyrr, segir á vef Landssambands kúabænda.

Þingmenn vilja læra af síldardauða í Kolgrafafirði

Þingmenn telja uppbyggingu samgöngumannvirkja eins og í Kolgrafafirði verða að taka mið af síldardauða í firðinum. Ekki liggur fyrir hvort og hvernig verður reynt að fyrirbyggja frekari síldardauða. Fjörðurinn er í gjörgæslu.

NÁTTÚRA Síldardauðinn í Kolgrafafirði verður að vera mönnum víti til varnaðar í framtíðinni við uppbyggingu samgöngumannvirkja við áþekkar aðstæður og þar eru. Þó ósannað sé að brúin yfir fjörðinn og tengd mannvirki sé ástæða síldardauðans þá verður að leggja áherslu á meiri og betri rannsóknir í framtíðinni við þverun fjarða.

Þetta var áberandi skoðun þeirra þingmanna sem kvöddu sér hljóðs í gær eftir að Sigurður Ingi Jóhannsson, umhverfis- og auðlindaráðgjafi, flutti Alþingi munnlega skýrslu sína varðandi síldardauðann í Kolgrafafirði og viðbrögð stjórnvalda.

Guðbjartur Hannesson, Samfylkingu, sagði að huga yrði að því hvaða áhrif „mannanna verk“ gætu haft á náttúruna, og að hve miklu leyti „vegagerðin átti þátt í því að þetta fór svona“.

Steingrímur J. Sigfússon, Vinstri grænum, tók í sama streng um leið og hann varaði við því að hlaupið yrði til og „eitthvað gert“ vegna þrýstings þar um. Það verður að læra af þessu, sagði þingmaðurinn, „og ekki síst hvort við séum að búa til viðsjárverðar aðstæður [...]“.

Svandís Svavarsdóttir, Vinstri grænum, sagði að stjórnvöld hefðu skýra skyldu til að endurmeta

þverun fjarða í ljósi atburðanna í Kolgrafafirði.

Ásmundur Friðriksson, Sjálfstæðisflokki, kom inn á þetta atriði ásamt fleirum, og taldi að menn ættu að hugsa sig um áður en fleiri „dauðagildir“ yrðu búnar til.

Róbert Marshall, þingmaður Bjartrar framtíðar, setti atburðina í enn víðara samhengi og minnti á að hafrannsóknir og aðrar rannsóknir á lífríkinu fengju ekki fjármagn í samræmi við mikilvægið.

Í lok umræðunnar sagði Sigurður Ingi í framhaldi af ræðum annarra þingmanna um þverun fjarðarins: „Það þarf að velja fyrir sér þessum þverunum fjarða. Það er margt sem bendir til þess að umhverfismatið, sem gert var á sínum tíma, hafi ekki tekið nægilegt tillit til strauma. Menn hafi verið uppteknari af tófum og fuglahreiðrum, sem m.a. kom fram í máli heimamanna þegar ég heimsótti þá fyrir skömmu.“

Sigurður Ingi reifaði það sem gert hefur verið undanfarna mánuði. Kom hann sérstaklega inn á að hugmyndir til lausnar vandanum væru fjölmargar, og hafði reyndar með sér í pontu nokkur þéttskrifuð blöð þar sem þær voru útlistaðar. Ákvarðanir hafa hins vegar ekki verið teknar um hvort og með hvaða hætti verður gripið til sértækra aðgerða í firðinum.

svavar@frettabladid.is



Í KOLGRAFAFIRÐI Heimamenn vilja loka firðinum en þingheimur hikar við að taka það skref. Ráðherra útilokar þó ekki þá lausn frekar en aðrar.

„Það er margt sem bendir til þess að umhverfismatið sem gert var á sínum tíma hafi ekki tekið nægilegt tillit til strauma. Menn hafi verið uppteknari af tófum og fuglahreiðrum.“

Sigurður Ingi Jóhannsson, umhverfis- og auðlindaráðgjafi



www.volkswagen.is

SMÁTT ER STÓRT STÓRT STÓRT

Aukabúnaður á mynd: solþak, þokuljós í framsíðara, skyggðar rúður og 16" dælgur

Lítill að utan og stór að innan

Volkswagen up! setur ný viðmið í hönnun smábíla með því að sameina nett ytra rými og rúmgott innra rými. Hvergi er gefið eftir í kröfum um aksturseginnleika, gæðum né öryggi og því til sönnunar eru einróma hrós bílablaðamanna um allan heim og 5 stjörnu einkunn í árekstrarprófunum EuroNcap. Niðurstaðan er einföld: Volkswagen up! er alvöru smábíll.

Eyðsla frá
4,1 l/100 km

Volkswagen up! kostar frá
2.050.000 kr.





HÚYJAR Í KULDANUM

Full búð af vönduðum vetrarúlpum

**20%
AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM
ÚLPUM**



DIDRIKSONS FELIX ÚLPA
Svört.
Stærðir: 130-170

15.992 KR.

Verð áður 19.990 kr.



COLUMBIA SPACE ÚLPA
Tveir litir.
Stærðir: 2XS-L

15.992 KR.

Verð áður 19.990 kr.



COLUMBIA POWDER LITE DÚNÚLPA
Stráka og stelpu, fjórir litir.
Stærðir: 2XS-L

10.392 KR.

Verð áður 12.990 kr.



COLUMBIA PRETTY ÚLPA
Barnaúlpur. Þrjú litir.
Stærðir: 104-152

14.392 KR.

Verð áður 17.990 kr.



DIDRIKSONS SARAH ÚLPA
Svört og ljósblá.
Stærðir: 130-170

15.992 KR.

Verð áður 19.990 kr.



COLUMBIA MINI LAY DÚNÚLPA
Svört
Stærðir: 104-152

15.992 KR.

Verð áður 19.990 kr.



COLUMBIA ALPINE ÚLPA
Tveir litir.
Stærðir: 104-152

11.992 KR.

Verð áður 14.990 kr.



DIDRIKSONS RONJA ÚLPA
Þrjú litir.
Stærðir: 36-46

23.192 KR.

Verð áður 28.990 kr.



DIDRIKSONS ALVAR ÚLPA.
Tveir litir.
Stærðir: S-XXL

35.600 KR.

Verð áður 44.500 kr.



Leitaðu ráða hjá okkur. Hjá Ellingsen starfa sérfræðingar í öllum deildum. Við veitum faglega og vandaða ráðgjöf og finnum réttu vörurnar sem uppfylla þínar þarfir. Við seljum eingöngu þrautreyndar hágæðavörur sem henta fyrir íslenskar aðstæður.

REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • mánud.-föstud. 10-18 • laugard. 10-16
AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3 • Sími 460 3630 • mánud.-föstud. 8-18 • laugard. 10-16 • ellingsen.is





PATREKSFJÖRÐUR Ríkisvaldið vill sameina heilbrigðisstofnanir á Vestfjörðum. MYND/EGILL

Bæjarráð Vesturbyggðar ósátt við ráðherra:

Harma skilningsleysi

HEILBRIGÐISMÁL „Það er ómurlagt að ekkert sé hlustað á rök heimamanna og forsvarsmanna Heilbrigðisstofnunarinnar á Patreksfirði gegn sameiningu,“ segir í ályktun sem bæjarráð Vesturbyggðar samþykkti í gær.

Bæjarráðið fundaði á föstudag með Kristjáni Þór Júlíusssyni heilbrigðisráðherra.

„Engin stefnubreyting hefur orðið hjá ráðherra varðandi sam-

einingu heilbrigðisstofnana og enginn áhugi er hjá ráðherra að gera samning við sveitarfélagið um yfirtöku þess á rekstri Heilbrigðisstofnunarinnar á Patreksfirði,“ segir bæjarráð sem kveðst harma „skilningsleysi ráðherra á landfræðilegri sérstöðu byggðar á sunnanverðum Vestfjörðum og erfiðum samgöngum innan Vestfjarða“.

- gar

Reykjavíkurborg í landakaupum gangi áform eftir:

Vilja eignast lóð Björgunar

SKIPULAGSMÁL Lóðir Björgunar og Sementsverksmiðjunnar í Elliða-vogi munu færast úr höndum Faxaflóahafna til Reykjavíkurborgar gangi áform borgarinnar um kaup á lóðunum eftir. Borgin vill jafnframt víðræður við ríkið um yfirtöku á leigusamningi á lóð Sementsverksmiðjunnar.

Aðalskipulag borgarinnar gerir ráð fyrir blandaðri byggð á þessu svæði sem nú er skilgreint sem hafnarsvæði. Með erindi borgarinnar til Faxaflóahafna fylgja



BRYGGJUHFVERFIÐ Íbúar vilja Björgun burt. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

undirskriftir 349 íbúa í Bryggjuhverfinu sem vilja Björgun burt af svæðinu.

- gar

Fréttum um njósnir í Noregi vísað á bug

Greenwald segist standa við fullyrðingar sínar um að bandaríska leyniþjónustan hafi njósnað um Norðmenn. Solberg biður fólk um að halda ró sinni. Bandarískir dómarmar hafa ítrekað gagnrýnt stjórnlausa söfnunarárættu leyniþjónustunnar.

NOREGUR Kjell Grandhagen, yfirmaður norsku leyniþjónustunnar, vísar á bug fréttum um að leyniþjónustan hleri símtöl og netsamskipti Norðmanna í stórum stíl og láti bandarísku þjóðaröryggisstofnuninni síðan upplýsingarnar í té.

Norska blaðið Dagbladet full-yrti þetta í gær og vísaði í skjöl frá uppljóstraranum Edward Snowden. Blaðið viðurkendi hins vegar síðar að þarna kynni að vera misskilningur á ferð.

Breski blaðamaðurinn Glenn Greenwald, sem fyrstur manna birti upplýsingar upp úr skjölunum frá Snowden og skrifaði auk þess greinina í Dagbladet ásamt norskum blaðamanni, segist þó standa við fullyrðingar í greininni. Hann sé með gögn í sínum fórum sem styðja það og einnig gögn sem sýna að Bandaríkjamenn hafi stundað njósnir um Norðmenn með svipuðum hætti og gert hefur verið í mörgum öðrum löndum.

Norska leyniþjónustan viðurkenni að vísu að safnað hafi verið upplýsingum um 33 milljónir símtala í Noregi á mánaðartímabili um síðustu áramót, eins og fullyrt var í Dagbladet, en þetta hafi ekki verið símtöl í Noregi heldur erlendis, einkum í tengslum við þáttöku norska hersins í aðgerðum utan landsteinanna, sér í lagi í Afganistan.

„Það er ekki rétt að þetta snúist um bandaríska upplýsingasöfnun í Noregi,“ er haft eftir Grandhagen á vef norska ríkisútvarpsins NRK.



ERNA SOLBERG Forsætisráðherra Noregs sagði í fyrstu njósnirnar ekki koma á óvart, en það menn svo um að halda ró sinni. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

„Það er ekki rétt að þetta snúist um bandaríska njósnasöfnun í Noregi.“

Kjell Grandhagen, yfirmaður norsku leyniþjónustunnar

Grandhagen viðurkenni sömuleiðis að þessar upplýsingar hafi verið látnar leyniþjónustustofnunum annarra landa í té, en það sé fullkomlega löglegt og þess hafi auk þess verið skýrt getið í síðustu ársskýrslu leyniþjónustu norska þjóðþingsins.

Erna Solberg, forsætisráðherra Noregs, segist trúa yfirmanni

leyniþjónustunnar og biður fólk um að halda ró sinni. Fyrstu viðbrögð hennar voru hins vegar þau, að uppljóstranir um víðtækar njósnir um Norðmenn komi ekki á óvart.

Bandaríska leyniþjónustan opinberaði í gær þúsundir síðna af skjölum, sem tengjast eftirliti hennar með símtölum og netsamskiptum.

Þar kemur meðal annars fram að dómarmar við hinn leynilega dómstól, sem sér um að gefa bandarísku leyniþjónustunni njósnarheimildir, hafa ítrekað gagnrýnt stjórnlausa söfnunarárættu leyniþjónustunnar. gudsteinn@frettabladid.is

PÍRÍ PÍRÍ KJÚKLINGUR



PANTA & SÆKJA

5 78 78 74

SAFFERAN

HEIMURINN



Árás á sendiráð

1 LIBANON Tvær sprengjuárásir við franska sendiráðið í Beirút, höfuðborg Líbanons, kostuðu meira en tuttugu manns lífið í gærmorgun. Gríðarlegar skemmdir urðu á byggingum og bifreiðum. Árásin var gerð í hverfinu Janah, þar sem Hesbolla-samtökin hafa mikil ítök. Sprengingarnar eyðilögðu völdugt hlið, sem er fyrir framan sendiráðsbygginguna, en ekki er enn vitað hvort einhver varð fyrir meiðslum í sendiráðinu sjálfu.

Fárviðri á Sardiníu


2 SARDINÍA Eitt versta óveður sem gengið hefur yfir eyrna Sardiníu varð að minnsta kosti sautján manns að bana í fyrrinótt. Úrhellisrigning, flóð og færviðri kaffærði brýr og feykta bifreiðum til og frá. Enrico Letta, forsætisráðherra Ítalíu, lýsti yfir neyðarástandi og úthlutaði 20 milljónum evra, jafnvirði rúmlega 330 milljarða króna, til neyðaraðstoðar.



Verður leyft að giftast

3 GRÆNLAND Danska stjórnir hefur kynnt frumvarp um að prestar á Grænlandi megi gefa samkynhneigð þör saman. Sofie Petersen, biskup á Grænlandi, hefur lýst því yfir að hún sé fylgjandi þessu. Að sögn grænlensku útvarpsstöðvarinnar KNR eru þó misjafnar skoðanir á þessu meðal presta á Grænlandi. Nýja fyrirkomulagið á að taka gildi um mitt næsta ár, verði frumvarpið að lögum. Bæði danska þjóðþingið og grænlenska landsþingið þurfa að veita samþykki sitt.

living with
style



Open By Night

ÖPÐ
Í DAG
10-22

20% afsláttur*

af öllum vörum í verslun - aðeins í dag 20. nóvember



Dagskrá
eftir kl. 18:30
Lifandi tónlist
Frostrósir
Karl K.Karlsson
Ölgerðin
ILVA kaffi
Freistingar Thelmu



Full verslun
af fallegri
jólavöru



Komdu
og gerðu
frábær kaup



* afsláttur gildir af öllum vörum nema vörum merktum "Everyday Low Price"

ILVA Korputorgi, s: 522 4500 www.ILVA.is
laugardaga 10-18, sunnudaga 12-18, mánudaga - föstudaga 11-18:30

shop  online

Forsætisráðherrann skammar Seðlabankann:

Stórt áhyggjuefni

Hnútukast Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar í forsvarsmenn Seðlabankans vegna varnaðarorða þeirra um skuldalækkunarform ríkisstjórnarinnar er furðulegt. Reyndar ekkert furðulegra en þau áform öll og ekki minna áhyggjuefni.

Í stjórnarsáttmálanum segir að nýta eigi svigrúm, sem „að öllum líkindum“ verði til samhliða uppgjöri þrotabúa bankanna til skuldaleiðréttingar. Því er haldið opnu að stofna sérstakan skuldaleiðréttingarsjóð.

Forsætisráðherrann er búinn að lofa að á næstu tíu dögum liggi fyrir hvernig málið verði útfært. Í ljósi þess að langt er í að uppgjöri þrotabúanna ljúki, hefur verið spurt hvort láta ætti Seðlabankann fjármagna leiðréttingarsjóðinn í millitíðinni.

Spurt var að þessu á fundi efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis með seðlabankamönnum í fyrradag. Már Guðmundsson seðlabankastjóri svaraði því til að ef til stæði að fjármagna aðgerðirnar á efnahagsreikningi Seðlabankans væri það ígildi seðlaprentunar. „Það þarf ekki að stafa ofan í ykkur hvaða afleiðingar það hefur,“ sagði Már. Og þess þarf ekki; flestir vita að slíkt myndi leiða af sér verðbólgu.

Þórarinn Pétursson, aðalhaf fræðingur bankans, benti á að ef menn breyttu lögum til að fjármagna slíkar aðgerðir í gegnum efnahagsreikning bankans væri það „öruggasta leiðin til að senda lánshæfismat ríkisins beinustu leið í ruslflokk“.

Sama dag sagðist Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra vilja forðast allar ráðstafanir sem lækkuðu lánshæfismat Íslands. Hann vildi heldur ekki skuldbetta ríkissjóð til að fjármagna skuldaleiðréttingu; þvert á móti ætti að lækka skuldir ríkisins.

Forsætisráðherrann finnst hann líklega í æþrengri stöðu þegar hann leitar leiða til að uppfylla kosningaloforðið um róttækustu skuldaleiðréttingu í heimi. Alltént brást hann reiður við og skammaði seðlabankamennina; sagði nálgun þeirra „sérkennilega“ og eiga meira skylt við pólitík en hagstjórn. „En við látum ekki Seðlabankann stöðva okkur,“ sagði ráðherrann.

Samkvæmt lögum er aðalmarkmið Seðlabankans að berjast gegn verðbólgu. Hann á líka að passa upp á fjármálastöðugleika. Forsvarsmenn hans vara við aðgerðum sem gætu stefnt þessu í hættu. Það er þeirra hlutverk og ummælin ríma við áhyggjur ótalmargra hagfræðinga af stóra skuldaleiðréttingarloforðinu.

Einn þeirra er Jón Sigurðsson, áður formaður Framsóknarflokksins og seðlabankastjóri. Hann skrifar pistil í Pressuna og rekur 23 spurningar sem svara þurfi um skuldaleiðréttinguna, til dæmis um áhrifin á verðlag og hvernig eigi að bæta Seðlabankanum það, verði hann látinn standa undir leiðréttingarsjóði.

Um hugmyndir um að borga brúsann með peningum frá kröfuhöfum segir Jón: „Afsláttur af kröfum erlendra kröfuhafa eða sérstök gengisfelling í greiðslum til þeirra losar ekki fjármagn til ráðstöfunar. Ekki er því að sjá að neitt fé komi úr þessari átt.“

Forsætisráðherrann hefði getað svarað varnaðarorðum Seðlabankamanna með því að lýsa yfir að engin áform væru um að fara leiðir sem ógnuðu verðlags- eða fjármálastöðugleika í landinu eða spilltu lánshæfismati ríkissjóðs. Þá hefðu margir orðið rólegri. En fyrst hann brást við hart og sakaði menn, sem sinna því hlutverki sem þeim ber samkvæmt lögum, um annarleg sjónarmið og pólitík, er fyllsta ástæða til að hafa áhyggjur.

FRÁ DEGI TIL DAGS

Albaníu-Bjarni

Árni Páll Arnason, formaður Samfylkingarinnar, greindi á heimasíðu sinni frá sinni sýn á reiðilestu forsætisráðherra í garð Seðlabankans í fyrradag, þar sem Sigmundur Davíð sakaði Seðlabankann um að vera í pólitík með því að mæla gegn skuldaleiðréttingarleiðum Framsóknarflokksins. Árni Páll sagði reiðilesturinn ekki hafa verið ætlaðan Seðlabankanum, heldur Bjarna Benediktssyni fjármálaráðherra sem hafði áður tjáð sig um skuldaleiðréttingar með þeim hætti að ekki megi auka skuldir ríkisins. Lífti



Árni þessum reiðilestri við stjórnarherra Sovétríkjana sem í gamla daga helltu sér yfir Albaníu, þegar þeir þorðu ekki að skamma Kínverja.

Ráðherra kristinfræðikennslu?

Ögmundur Jónasson, þingmaður Vinstri grænna og fyrrverandi innanríkisráðherra, lagði út frá ávarpi Hönnu Birnu Kristjánsdóttur á kirkjubingi um helgina í pistli á heimasíðu sinni í gær. Á þinginu fór Hanna Birna mikinn um hættur sem stöðjuðu að kristinfræðikennslu í grunnskólum landsins. Sagði hún meðal annars: „...er þannig markvisst unnið að því að halda öllu sem skilgreina má sem



trúarlegt frá skólabörnum. Ég er ekki sammála þeirri stefnu [...] A sama tíma og börnin okkar kynnast flestu ef ekki öllu sem gerist í samfélaginu [...] dvelja flest óáreitt langdvölum í netheimum – er Gídeonfélagið hins vegar sett á bannlista samhliða því sem af alvöru er rætt um að heimsóknir barna í kirkjur landsins, einstaka Faðir vor eða jólasálmur geti skaðað æsku þessa lands.“ Ögmundur spyr sig í pistli sínum, eðlilega, að því hvort ráðherrann meini að hún hyggtist auka kristinfræðikennslu í skólum eða hvort verði sé að boða aukinn aðgang trúarsafnaða almennt að skólastarfi.

fanney@frettabladid.is

Ólafur P. Stephensen

olafur@frettabladid.is



HALLDÓR



FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Ewald RITSTJÓRAR: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is, Mikael Torfason mikael@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Til hamingju með daginn, börn á öllum aldri!

MANNRÉTTINDI



Stefán Ingi Stefánsson framkvæmdastjóri UNICEF á Íslandi

Í dag er afmælisdagur Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Á þessum degi fyrir 24 árum var hann samþykktur af Allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna. Sáttmálin endurspeglar byltingarkennda sýn á stöðu barna í samfélaginu og undirstrikar að tryggja beri öllum börnum umönnun og vernd.

Á Íslandi hefur staða barna tekið stakka-skiptum á þessum tæpa aldarfjórðungi. Íslensk stjórnvöld hófu þegar árið 1989 að efla réttindi barna í samræmi við anda Barnasáttmálans. Lagst hefur verið í ítarlega endurskoðun á íslenskum lögum til að tryggja að þau séu í fullu samræmi við sáttmálann, stofnað var embætti sérstaks umboðsmanns barna og þannig mætti áfram telja. Afar merkur áfangi náðist svo þegar Barnasáttmálinn var lögfestur 20. febrúar síðastliðinn með einróma samþykki Alþingis Íslendinga. Lögfestingin er skýr stefnufyrirlýsing um að hér á landi skuli forgangsraðað með hagsmuni barna að leiðarljósi.

Börn þurfa að þekkja réttindi sín

En þótt við höfum nú fagnað lögfestingu Barnasáttmálans er það eingöngu upphafið

að löngu ferli. Ríkisvaldið þarf að móta stefnu sína varðandi innleiðingu sáttmálans og slíka áætlun þarf að vinna í samstarfi við sveitarfélög, opinberar stofnanir, frjáls félagsamtök og almenning. Tryggja þarf að Barnasáttmáliinn verði lifandi skjal sem börn og fullorðnir þekkja og geta sett í samhengi við eigin raunveruleika. Börn á Íslandi þurfa að þekkja réttindi sín og geta verið í umhverfi þar sem þessi réttindi eru hluti af daglegu lífi. Við undirbúning þessa næsta skrefs gegnir umboðsmaður barna ómetanlegu hlutverki og verður mikilvægi þeirrar stofnunar fyrir börn og innleiðingu Barnasáttmálans seint ofmetið.

Á afmælisdegi Barnasáttmálans skulum við gleðjast og vera stolt af þeim árangri sem náðst hefur. Um leið skulum við hafa í huga að enn er mikið verk fyrir höndum til að tryggja að lögfesting sáttmálans hafi raunveruleg áhrif. Mótum landsáætlun um innleiðingu Barnasáttmálans, kynnum sáttmálann fyrir ungum sem öldnum, vinnum eftir athugasemdum Barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna og höldum úti öflugu embætti umboðsmanns barna á Íslandi.

Kæru börn á öllum aldri, til hamingju með afmælið!

Rauðir dagar 18.-22. nóvember

Hvort á ég að taka verðtryggt eða óverðtryggt húsnæðislán?

- Verðtryggt
- Óverðtryggt
- Blöndu beggja
- Hvorugt

Miðvikudagur 20.11. kl. 16.30
Íslandsbanki Suðurlandsbraut

Fræðslufundur um húsnæðislán með áherslu á kaup á fyrstu eign. Boðið upp á kaffiveitingar. Allir velkomnir meðan húsrúm leyfir.

Við bjóðum góða þjónustu



Afbrot barna og ungmenna

Tvær níttján ára gamlar íslenskar stúlkur voru sakfelldar í vikunni sem leið af undirrétti í Tékklandi fyrir ólöglegan innflutning á fíkniefnum. Samkvæmt fréttum RÚV var um að ræða rúm þrjú kíló af kókaíni af þeim styrkleika sem talinn var duga í 60 þúsund sölu-kammta og söluandvirði þess á götunni metið á háar fjárhæðir. Önnur stúlkun var dæmd til að sæta fangelsi í sjö ár en hin, sem hafði meira magn af fíkniefnum í sínum förum, var dæmd í sjö og hálfis árs fangelsi.

DÓMSMÁL



Svala Ísfield Ólafsdóttir lögfræðingur og félagsfræðingur

einstaklingur að vera barn 18 ára gamall. Þessi aldur hefur verið breytilegur í íslenskri löggjöf. Fram til 1997 var miðað við tvítugt. Þrátt fyrir mismunandi aldursmark lögræðislaganna í gegnum tíðina er ljóst að engin undur og stórmerki gerast á 18 ára afmælisdaginn með tilliti til andlegs þroska. Þetta endurspeglar refsilöggjöfin með skýrum hætti. Þannig er í almennum hegningarlögum að finna mörg lagaákvæði sem gera ráð fyrir að börn og ungmenni á aldrinum 15-21 árs sem brjóta af sér njóti mildari viðurlaga, úrræða og meðferðar en full-orðnir einstaklingar. Er þetta gert á þeim grundvelli að um óhörðnuð ungmenni sé að ræða sem mikilvægt sé að styðja og byggja upp þannig að þau megi snúa af þeirri braut sem þau eru komin á.

Óvægur veruleiki

Dómþolarnir tveir í Tékklandi standa frammi fyrir óvægnum veruleika. Þær hafa nú þegar, á viðkvæmu aldursskeiði, sætt gæsluvarðhaldi í heilt ár í tékknesku fangelsi í óvissu um þyngd refsingarinnar sem biði þeirra. Þær sitja í erlendu fangelsi, fjarri ástvinum, í landi þar sem þær hafa enga sýn inn í kerfið. Þær kunna ekki tungumálið og eru sín í hvoru fangelsinu og hafa þannig engan stuðning haft hvor af annarri í þessum hremmingum. Sá sem fremur afbrot á unga

→ Það er allra hagur að ungir afbrotamenn eigi þess kost að bæta fyrir brot sín.

aldri fær fljótt á sig stimpil vand-ræðaunglings og þrátt fyrir að hafa gildið samfélaginu skuld sína í formi refsingar getur verið erfitt að þvo hann af. Innan afbrotarfræðinnar hafa verið gerðar rannsóknir á áhrifum „stimplunar“ (e. labeling) á líf fólks. Hafa þær leitt í ljós margvíslegar neikvæðar afleiðingar á sjálfsmynd einstaklings og á viðmót annarra í þeirra garð. Birtast þær m.a. í skertri sjálfsvirðingu, félagslegri einangrun og færri atvinnutækifærum. Í þessu ljósi er afar mikilvægt að sýna nærgætni og tillitsemi í umfjöllun um mál stúlkanna tveggja, sem og í öðrum málum er varða ungmenni sem enn eru að þroskast og komast til vits og ára. Í okkar fámenna samfélagi er ljóst að umfjöllun fjölmiðla, þ.m.t. nafn- og myndbirtingar, til viðbótar við rannsókn, dómsmeðferð og sakfellingu, er til þess fallin að auka áhrif stimplunar og loða við hlutaðeigandi alla ævi. Auðvelt er með opinberri umfjöllun að „brennimerkja“ fólk og draga þar með úr framtíðarmöguleikum þess. Ábyrgð þeirra sem fjalla um mál þeirra á netsíðum og í bloggheiminum er jafn rík og fjölmiðla.

Óskandi er að stúlkurnar fái stöðugt framseldar til Íslands til að taka út refsingu sína nærri vinum og vandamönnum. Það er allra hagur að ungir afbrotamenn eigi þess kost að bæta fyrir brot sín og eigi von um betri tíð. Aðgát skal höfð í nærveru sálar.

Enn ein stjórnarskrárnefndin?

Í framhaldi af skipun stjórnarskrárnefndar á dögunum hafa heyrst þær raddir að hin nýja nefnd sé svo ósamstæð að það muni ganga kraftaverki næst ef slík nefnd geti yfirhöfuð komið sér saman um eitt-hvað. Það er vissulega rétt að í nefndina hafa ekki einungis verið skipaðir stjórn-málamenn, eða fólk tengt tilteknum stjórn-málflokkum, heldur hefur einnig verið leitað fanga í hópi þeirra sem fjallað hafa um stjórnarskrármál á undanförmum misserum, svo sem þess sem þetta ritar. Um nefndina er að öðru leyti það að segja að þar situr einn fyrrverandi fulltrúi úr Stjórnlagaráði (2011), tveir fyrrverandi fulltrúar úr stjórnlaganefnd (2010-2011), tveir fulltrúar úr eldri stjórnarskrárnefnd (2005-2007) auk fyrrverandi formanns stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis. Þótt hér sé um að ræða fólk sem kemur úr ólíkum áttum hefur þorri nefndar-manna þannig áður komið að endurskoðun stjórnarskrárinnar.

STJÓRNARSKRÁ



Skúli Magnússon dósent við H.Í. og héraðsdómari og situr í nýrri stjórnarskrárnefnd

einnig um að mæla eigi fyrir um þjóðaratkvæðagreiðslur að kröfu almennings og setja eigi ákvæði sem heimilar framsal ríkisvalds í þágu alþjóðlegrar og evrópskrar samvinnu. Ýmis önnur atriði, svo sem styrking á stöðu Alþingis, einkum eftirlitshlutverks, og endurskoðun dómstólakafans mega heita ágreiningslaus.

Að þessu slepptu má nefna ýmis atriði sem hafa takmarkaða efnislega þýðingu en skipta þó máli um viðmót stjórnarskrárinnar eða þau „skilaboð“ sem hún sendir almenningi, t.d. hvort stjórnarskránni er fylgt úr hlaði með aðfaraorðum og hvort kafli um grundvallarréttindi eigi að vera fyrstur efniskafla stjórnarskrárinnar. Hins vegar er ljóst að greining og umræða um sum önnur atriði, t.d. grunnbreytingu á stöðu forseta Íslands og ríkisstjórnar, nýja kosninga- og kjördæmaskipan og endurskoðaðan mannréttindakafla, er komin mun skemmra.

Þeim, sem talað hafa fyrir umbyltingu á íslenski stjórnskipun á síðustu árum, kann að þykja upptalning á framangreindum samstöðumálum rýr. Ef tækist að breyta gildandi stjórnarskrá, þótt aðeins væri um þessi atriði, væri samt sem áður um að ræða viðamestu breytingu á stjórnlögum í íslenski stjórnarskrársögu. Flestir munu vera sammála um að til slíkra umbóta ætti í grunninn ekki að þurfa „kraftaverk“ heldur fyrst og fremst heilbrigða skynsemi ásamt slatta af þolinmæði.

Prófkjörstandi

Eftir niðurstöður prófkjörs Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík er rekið upp rama-kvein og upphafst krafa um að röðinni sé breytt, konur komi inn í efstu sætin o.s.frv. Það virðist gleymast að konur hafa kosningarétt í prófkjörinu til jafns við karla og gætu ef þær vildu tryggt konum góða kosningu ef það væri allt sem máli skiptir.

STJÓRNMÁL



Haukur R. Hauksson framhaldsskólakennari

Raunin er hins vegar sú að frambjóðendur hafa kynnt sig og málefni sín fyrir flokksmönnum og um það er kosið. Tökum til dæmis ágreininginn um flugvöllinn. Áttatíu prósent Reykvíkinga eru honum fylgjandi. Það er auðvitað mikilvægt kosningamál, hvað sem hver segir. Ætti þá frambjóðandi sem er alfarið á móti vellinum í Vatnsmýrinni að vera færður upp til áhrifa eingöngu á grundvelli kynferðis, og þar með vera kominn í áhrifsstöðu með vallarmálið, þvert á óskir meirihluta þeirra er mættu á kjörstað?

Í síðustu kosningum sjálfstæðismanna í Garðabæ voru þeir er grandalausir tóku þátt í prófkjöri hafðir að fíflum og listaröðunin samkvæmt óskum kjósenda höfð að engu. Menn hljóta að velja því fyrir sér til hvers þeir séu yfirleitt að hafa fyrir því að mæta á kjörstað ef ákvörðun um endanlega niðurröðun á listann á svo að vera í höndum einhverra allt annarra.

→ Það virðist gleymast að konur hafa kosningarétt í prófkjörinu til jafns við karla.

Fundaferð Samfylkingarinnar jafnaðarmannaflokks Íslands

Opinn fundur í Reykjavík fimmtudaginn 21. nóv. kl. 20 á Grand hótél. Hvetjum félagaga af höfuðborgarsvæðinu til þess að fjölmenna.



Allir velkomnir
Samfylkingin

Dagskrá

1. **Árni Páll Arnason**, formaður Samfylkingarinnar, ávarpar fundargesti
 2. Oddvitar Samfylkingarinnar á Suðvesturhorninu ræða stöðuna fyrir sveitarstjórnarkosningarnar næsta vor
 - Dagur B. Eggertsson**, Reykjavík
 - Guðíður Arnardóttir**, Kópavogi
 - Jónas Sigurðsson**, Mosfellsbæ
 - Margrét Lind Ólafsdóttir**, Seltjarnarnesi
 - Steinþór Einarsson**, Garðabæ
 - Margrét Gauja Magnúsdóttir**, Hafnarfirði
 3. Kvinnasextettinn Lyrika tekur lagið
 4. Almennar umræður
- Fundarstjóri: Magnús Árni Magnússon, dósent við Háskólann á Bifröst



Heimspekt hönnun
á hagstæðu verði

MDF
it

Robin borð
Hönnun: Bruno Fattorini & Partners

Verð frá
325.000,-

Achille stóll
Hönnun: Jean Marie Massaud, 2011


118.900,-
Þú sparar 15.600,-



Random hilla
Hönnun: Neuland Industriedesign

Stærð: 216x82x26sm
249.000,-

Var áður 325.400,-
Þú sparar 76.400,-



Randomito hilla
Hönnun: Neuland Industriedesign

Stærð: 96x82x20sm
89.900,- Hvít

Þú sparar 10.000,-
Aðrir litir 95.900,-



Tense borð
Hönnun: Neuland Industriedesign

Stærð: 90x240sm
399.900,-

Verð áður 498.500,-
Þú sparar 98.600,-

Bend stólar
Hönnun: Jehs & Laub

68.900,-

TRAUSTIR AÐILAR

GERÐU FRÁBÆR KAUP Á
NOTUÐUM BÍL FRÁ OKKUR!
BILALAND.IS

ALLT AÐ **80%** LÁNAMÖGULEIKAR



TÖKUM NOTADAN
UPPI NOTADAN!
GERÐU FRÁBÆR KAUP!

TOYOTA AVENTIS WAGON SOL
Nýskr. 05/12, ekinn 36 þús. km.
bensín, beinskiptur.
Rnr. 120283.

Frábært verð
3.990 þús.



VW POLO TRENDLINE
Nýskr. 11/12, ekinn 13 þús km.
bensín, beinskiptur.
VERÐ kr. 2.220 þús.
Rnr.141718.



SUBARU LEGACY WAGON
Nýskr. 01/12, ekinn 37 þús. km.
bensín, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 4.190 þús.
Rnr.281050.



NISSAN PATHFINDER SE
Nýskr. 05/11, ekinn 82 þús km.
dísil, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 6.190 þús.
Rnr.281074.



MERCEDES BENZ C200
Nýskr. 11/11, ekinn 22 þús. km.
dísil, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 5.890 þús.
Rnr.281027.



FORD MONDEO TREND
Nýskr. 09/12, ekinn 19 þús. km.
dísil, beinskiptur.
VERÐ kr. 3.690 þús.
Rnr.141697.



HYUNDAI i30 CLASSIC II
Nýskr. 09/12, ekinn 23 þús. km.
dísil, beinskiptur.
VERÐ kr. 2.850 þús.
Rnr.281084.

bilaland

Kletthálsi 11 -110 Reykjavík
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is
www.bilaland.is



www.facebook.com/bilaland.is

Fæðuöryggi og breytt veður- far – kemur það okkur við?

Áhrif fellibylsins Haiyan á Filippseyjum vekja ugga um afleiðingar loftslagsbreytinga á velferð mannkyns. Nýjasta skýrsla vísindanefndar Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar (IPCC) frá því í september tók af allan vafa um að breytingarnar eru af mannavöldum. Svo virðist þó að þjóðir heims fljóti sofandi að feigðarósi og erum við Íslendingar þar engin undantekning. Helst virðast menn vakna upp við vandan draum þegar veðurhamfarir ganga yfir líkt og nú eða þegar fellibylurinn Sandy skall á austurströnd Bandaríkjanna í fyrra.

LOFTSLAG



Aslaug Helgadóttir
prófessor
við Landbúnaðarháskóla Íslands

njóta góðs af. Hér verður ef til vill hægt að rækta nýjar tegundir nytjajurta sem áður hefur reynt erfiðt eða jafnvel ómögulegt, til dæmis korntegundir eins og bygg, hafra og hveiti. Nú sér íslensk landbúnaðarframleiðsla okkur fyrir um helmingi af öllum þeim hitaeiningum sem við þurfum okkur til lífsviðurværis. Með hlýnandi veðurfari gæti þetta orðið meira. Það er gott og að því ber að stefna.

→ En enginn er eyland, allra síst Ísland, þegar kemur að fæðuöryggi. Þjóðir heims eru tengdar saman í flókinn fæðuvef og landbúnaðarvörur flæða um heiminn þveran og endilangan. Það kemur okkur því við hvað gerist í fjarlægum heimshornum í náinni framtíð.

skulum ekki gleyma því að núna er hátt í milljarður manna vanræður og stór hluti þess hóps er börn.

En enginn er eyland, allra síst Ísland þegar kemur að fæðuöryggi. Þjóðir heims eru tengdar saman í flókinn fæðuvef og landbúnaðarvörur flæða um heiminn þveran og endilangan. Það kemur okkur því við hvað gerist í fjarlægum heimshornum í náinni framtíð. Það er ekki of seint að leita allra leiða til þess að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og hamlu þannig gegn enn frekari loftslagsbreytingum. Ef við grípum til aðgerða nú munu afkomendur okkar njóta þess á síðari hluta þessarar aldar. Stjórnvöld og almenníngur á Íslandi verða að leggja sitt af mörkum til þess að þetta markmið náist. Á sama tíma er mikilvægt að bregðast við með auknum rannsóknum til að milda þau áhrif sem loftslagsbreytingar munu án efa hafa á fæðuframléiðslu á komandi árum. Við þurfum að hefjast handa ekki seinna en núna.

Hefjumst handa núna

Í áður nefndum skýrsludrögum IPCC er vissulega getið um jákvæð áhrif loftslagsbreytinga á norðurslóð en neikvæð áhrif eru því miður miklu algengari. Breytt loftslag mun setja ræktun nytjajurta skorður og sveiflur í uppskeru milli ára munu aukast og það ekki síður hér en annars staðar. Á norðurslóðum er fyrirsjáanlegt að breytingar verði á útbreiðslu skordýra og plöntusjúkdómur verða vaxandi vandamál, nokkuð sem íslenskir bændur eru óvanir að eiga við. Þessar breytingar munu óhjákvæmilega leiða til verðhækkana og næsta öruggt er að fátækari þjóðir verða verr úti en við sem búum við mikla velmegun á Vesturlöndum. Hjá okkur er fæðuöryggi ekki á dagskrá, þvert á móti. Víða í löndum Evrópusambandsins hefur markvisst verið dregið úr uppskeru á undanförunum árum og framléiðslugeta landsins hefur langt í frá verið fullnýtt. En við

Höfnin hundrað ára

Áttunda mars árið 1913 kom Gufuskipið Edward Grieg til Reykjavíkur og flutti með sér járnbrautarteina, gufulyftara og eimreiðina Minör. Mánudí síðar fór Minör í sína fyrstu ferð í Öskjuhlíðina að sækja grjót. Þá var hafin hafnargerð í Reykjavík. Næstu fjögur árin var Grandagarður lagður út í Örfirisey og svo Ingólfsгарður og Norðurгарður sem mynda mynni gömlu hafnarinnar með gulum vitum á sitthvorum enda.

HAFNAR-
STARFSEMI



Hjálmar Sveinsson
formaður stjórnar
Faxaflóahafna sf.

Kaupmenn og verslunarstjórnar í Kvosinni höfðu um langan tíma hvatt til þess að ráðist yrði í hafnargerðina. Þeir vildu fá örugga höfn sem næst verslunarhúsum sínum og skemmum. Fyrsta áratuginn eftir að hafnargerðinni lauk fimmfaldaðist heildarlestafjöldi skipanna sem komu til Reykjavíkur og vörumagnnið fjórfaldaðist. Hafnargerðin í Reykjavík 1913 til 1917 var aðgangsmíði borgarinnar að nútímanum. Sá nútími byggði og byggir umfram allt á iðnvæddri framleiðslu, öflugri verslun og skilvirkum samgöngum. Höfnin varð þungmiðja atvinnulífs

í Reykjavík og um leið miðstöð verslunar og viðskipta í landinu. Skipafélög settu skemmur sínar og höfuðstöðvar niður við höfnina og mörg af stærstu útgerðarfélögum landsins gerðu út frá höfninni og starfræktu fiskvinnslu í stórum stíl. Enn í dag er „Gamla höfnin“ ein öflugasta sjávarútvegshöfn landsins. Við Vesturhöfnina á sér stað verðmætasköpun á heimsmælikvarða í krafti þekkingar, hugvits og hátæknivæðdra framleiðslufyrirtækja. Á síðasta ári var um 108.000 tonn af sjávarafli landað í Reykjavík.

Sundahöfn hefur hins vegar tekið við hlutverki flutningahafnar með háþróaðri upp- og útskipunartækni og gríðarstöfum vöruhótélum.

Þrjú þætt starfsemi

Segja má að hafnargerðinni í Reykjavík hafi aldrei lokið. Eftir 1917 var haldið áfram að koma upp viðleguköntum, byggja nýja bakka og bryggjur og útbúa svæði fyrir atvinnustarfsemi við hafnarkantinn. Þannig er það enn þann dag í dag. Hafnarstarfsemi hefur á hverjum tíma þjónað samfélaginu og lagað sig að kröfum nýrra lífshátta og atvinnuhátta.

Í dag er starfsemi við höfnina þrjú þætt. Gegnt sjávarútvegsfyrirtækjunum í vesturhöfninni hefur Harpa risið, glæsilegasta tónleikahús landsins og þótt víðar væri leitað. En við suðurhluta hafnarinnar dafna ferðaþjónustufyrirtæki í kringum hvalaskoðunarferðir. Höfnin er því allt í senn sjávarútvegshöfn, ferðaþjónustuhöfn, afþreyingarhöfn og menningarhöfn. Eitt brúnasta verkefni hafnarstjórnarinnar er að tryggja að þetta skemmtilega sambýli fjölbreyti-

→ Höfnin er því allt í senn sjávarútvegshöfn, ferðaþjónustuhöfn, afþreyingarhöfn og menningarhöfn. Eitt brúnasta verkefni hafnarstjórnarinnar er að tryggja að þetta skemmtilega sambýli fjölbreytilegrar hafnsækinnar starfsemi gangi sem best fyrir sig.

legrar hafnsækinnar starfsemi gangi sem best fyrir sig.

Í skýrslu sem unnin var fyrir á þessu ári um þróun og atvinnustarfsemi í Gömlu höfninni kemur fram að 193 fyrirtæki eru starfrækt við höfnina.

Mikil fjölgun íbúa á höfuðborgarsvæðinu undanfarna áratugi, stóru aukinn innflutningur og útflutningur og efling iðnaðar hefur gert starfsemi hafnarinnar enn umfangsmeiri en áður og sérhæfðari. Fyrirtækið Faxaflóahafnar sf. var stofnað 1. janúar 2005. Það á og rekur fjórar hafnir: Reykjavíkurhöfn, Grundartangahöfn, Akraneshöfn og Borgarneshöfn. Fyrirtækið er sameignarfélag fimm sveitarfélaga: Reykjavíkurborgar, Hvalfjarðarsveitar, Skorradalshrepps, Akraneskaupstaðar og Borgarbyggðar.

Í tilefni þess að hundrað ár eru liðin síðan hafnargerðin hófst í Reykjavík samþykkti stjórn fyrirtækisins í ágúst 2011 að ræða Guðjón Friðriksson sagnfræðing til að skrifa sögu Faxaflóahafna. Sagan er nú komin út á bók í tveimur bindum, ríkulega skreyttum ljósmyndum, og heitir „Hér heilsast skipin“. Hún á erindi til allra sem hafa áhuga á verslunar sögu, samgöngusögu, sjávarútvegssögu, atvinnuhátta sögu, verkaflyðssögu og sögu Reykjavíkur.

FUDGE Þú kemst fljótt að!
...en þú getur líka pantað tíma

FUDGE **Rakarastofan**
Klapparstíg
S: 551 3010



OYSTER PERPETUAL DATEJUST II



ROLEX
MICHELSEN
ÚRSMÍÐIR SÍÐAN 1909
Laugavegur 15 - 101 Reykjavík
511 1900 - www.sviss.is

MARKAÐURINN

Miðvikudagur 20. nóvember 2013 | 33. tölublað | 9. árgangur

Sími: 512 5000 | [visir](http://www.visir.is) www.visir.is

GÖNGUM
HREINT
TIL VERKS!



GuðjónÓ
VISTVÆNA PRENTSMÍÐJAN



BÓKAÚTGÁFA ÁRSINS VELTIR 4,6 MILLJÖRDUM

→ 125 útgefendur eiga samanlagt um sjö hundruð titla samkvæmt Bókatiðindum 2013.

→ Fimm stærstu útgáfufyrirtækin gefa út um 44 prósent af bókaútgáfu ársins.

→ Ítarleg umfjöllun um bókamarkaðinn á Íslandi.

SÍÐA 4

Verðbólga fari niður í 3,5%

Greiningardeild Arion Banka spáir 0,2 prósent verðbólgu í nóvember. Ef spá bankans gengur eftir mun ársverðbólga mælast 3,5 prósent og þá lækka um 0,1 prósentustig milli mánaða.

„Við gerum ráð fyrir því að húsnæðiskostnaður og flugfargjöld verki til hækkunar að þessu sinni, auk þess sem við gerum ráð fyrir þeim möguleika að einhver fyrirtæki séu byrjuð að brynja sig fyrir áhrifum kjarasamninga – þótt áhrifin séu tiltölulega lítil í spá okkar,“ segir í spá Greiningardeildarinnar.

- hg

VÍS hagnast um 950 milljónir

„Rekstur félagsins gekk vel á þriðja ársfjórðungi og nam hagnaðurinn tæpum 950 milljónum króna,“ segir Sigrún Ragna Ólafsdóttir, forstjóri VÍS, í tilkynningu félagsins um árshlutauppgjör þess.

Þar segir að hagnaður félagsins á fyrstu níu mánuðum ársins hafi verið 2.043 milljónir króna eftir skatta en hafi verið 1.746 milljónir á sama tímabili 2012.

Í uppgjöri VÍS kemur fram að iðgjöld tímabilsins hafi numið 12.029 milljónum en þau voru 12.128 milljónir á sama tímabili í fyrra.

- fbj

Ný útgáfa af EVE Online kynnt

Íslenska leikjafyrirtækið CCP gaf í gær út sína tuttugustu útgáfu af tölvuleiknum EVE Online. Nýja útgáfan heitir Rubicon og kemur út á tíu ára afmælisári leiksins.

CCP segir í tilkynningu að Rubicon gefi spilurum leiksins aukið frelsi og möguleika til að kanna ný svæði EVE-heimsins, sem í dag samanstendur af yfir 340 þúsund tunglum, 67 þúsund plánetum og 7.929 sólkerfum.

„Með Rubicon erum við að taka fyrsta stóra skrefið í átt að nýrri framtíðarsýn fyrir EVE Online á öðrum áratug leiksins. Þetta er byrjunin á nýrri röð viðbóta við leikinn sem mun breyta heimi EVE Online, New Eden, um alla tíð,“ segir Andie Nodgren, framleiðslustjóri EVE Online.

- hg

Spennandi fundur um snjalllausnir fyrir tækja

Við hjá Advania bjóðum þér að koma á fræðandi morgunverðarfund um hvernig fyrirtæki geta hagnýtt öpp fyrir snjallsíma og spjaldtölvur. Fundurinn er í höfuðstöðvum Advania að Guðrúnartúni 10. Húsið opnar kl. 8 með hressandi morgunverði og hefst fundurinn kl. 8.30.



Nánari upplýsingar og skráning á advania.is/fundir



Gengi félaga í Kauphöll Íslands

7
Á UPPLÉIÐ

Félög sem hækkuðu í verði

3
Á NIÐURLEIÐ

Félög sem lækkuðu í verði

3
STÓÐU Í STAÐ

Félög sem stóðu í stað

ICELANDAIR

94,0% frá áramótum

NÝHERJI

13,0% í síðustu viku

MESTA LÆKKUN

ATLANTIC PETROLEUM

-21,2% frá áramótum

BANK NORDIC

-3,0% í síðustu viku

Aðallisti Kauphallarinnar | Nasdaq OMX Iceland

Félag	Gengi í gær	Frá áramótum	Vikubreyting
Atlantic Airways (DKK)	164,50	36,0%	0,0%
Atlantic Petroleum (DKK)	145,00	-21,2%	0,0%
Bank Nordic (DKK)	130,00	26,2%	-3,0%
Eimskipafélag Íslands	235,00	2,2%	2,0%
Fjarškipti (Vodafone)	29,90	-8,1%	3,1%
Hagar	36,90	62,2%	0,3%
Icelandair Group	15,95	94,0%	-2,4%
Marel	123,50	-12,1%	-1,2%
Nýherji	3,65	-9,9%	13,0%
Reginn	13,80	25,5%	0,7%
Tryggingamiðstöðin*	31,00	16,1%	3,7%
Vátryggingafélag Íslands**	11,07	20,1%	0,0%
Össur	218,00	12,4%	2,3%

Úrvallsíðan OMXI6 1.170,55 **10,5%** **-0,1%**

First North Iceland

Félag	Gengi í gær	Frá áramótum	Vikubreyting
Century Aluminum	1150,00	0,0%	0,0%
Hampiðjan	13,50	43,6%	4,7%
HB Grandi	18,00	20,0%	0,0%
Sláturfélag Suðurlands	1,22	13,0%	0,0%

*fyrsta verð 8. maí 2013 **fyrsta verð 24. apríl 2013



HÖFUÐSTÖÐVARNAR Viðskiptaráð Íslands leggur til að ríkið selji lífeyrissjóðunum minnihlutaeign í Landsvirkjun.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Dagatal viðskiptalífsins



Miðvikudagur 20. nóvember

- Vísitala byggingarkostnaðar fyrir desember 2013
- Upplýsingar um leiguverð íbúðarhúsnæðis
- Tryggingamiðstöðin - Birting árschlutauppgjörs

Fimmtudagur 21. nóvember

- Eimskip - Uppgjör 3. ársfjórðungs

Föstudagur 22. nóvember

- Vísitala kaupmáttar launa í október 2013
- Greiðsluþjónunarvísitala í desember 2013
- Vísitala lífeyrisskuldbindinga í október 2013
- Mánaðarleg launavísitala í október 2013
- Útboð ríkisbréfa

Allar markaðsupplýsingar eru aðgengilegar á [vísir](http://vísir.is)

Lífeyrissjóðir fá að kaupa í Landsvirkjun

Viðskiptaráð leggur til að ríkissjóður selji hluti í Landsbankanum og Landsvirkjun til að draga úr áhrifum gjaldeyrishafta. Frosti Sigurjónsson þingmaður vill sjá aukna fjárfestingu í nýsköpun.

VIÐSKIPTI

Haraldur Guðmundsson | haraldur@frettabladid.is

„Sala á ríkiseignum myndi fjölga fjárfestingarkostum lífeyrissjóðanna og ég held að það séu forsendur fyrir því að þeir komi meðal annars að Landsvirkjun með einhverjum hætti,“ segir Frosti Ólafsson, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs Íslands.

Ráðið vakti nýverið athygli á neikvæðum áhrifum gjaldeyrishaftanna á starfsumhverfi og verkefni íslensku lífeyrissjóðanna.

„Gjaldeyrishöftin valda því að fjárfestingarkostir sjóðanna eru takmarkaðir því þeir geta ekki fjárfest í erlendum eignum. Því hafa fjárfestingar þeirra einkennt af stigvaxandi einsleitni sem sést hvað best í auknu umfangi sjóðanna sem eigendur íslenskra fyrirtækja,“ segir Frosti.

Hann segir Viðskiptaráð hafa



FROSTI SIGURJÓNSSON



FROSTI ÓLAFSSON

bent á ýmsar leiðir til úrbóta. Á meðal þeirra eru tillögur um sölu á ríkiseignum og aukna aðkomu sjóðanna að einkaframkvæmdum eins og lagningu Suðurlandsvegar.

„Landsvirkjun hefur auðvitað áður verið nefnd í þessu samhengi. En ef ríkið tæki þá ákvörðun að breikka eigendagrúnn Landsvirkjunar þá myndi það fjölga fjárfestingarkostum og styrkja eiginfjárgrunn fyrirtækisins. Við nefnum einnig Landsbankann en þar erum við ekki að tala um að bankinn verði seldur sjóðunum í heilu lagi heldur skráður í Kauphöll

Íslands og þannig geti sjóðirnir jafnt sem aðrir fjárfestar komið að eignarhaldi bankans,“ segir Frosti Ólafsson.

Frosti Sigurjónsson, þingmaður og formaður efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, tekur undir orð nafna síns um hversu mikilvægt það sé að lífeyrissjóðirnir fái aukin tækifæri til að dreifa fjárfestingum sínum.

„Auðvitað þarf að skoða allar hugmyndir en mér finnst að sjóðirnir eigi líka að fjárfesta í nýsköpun og tækniþróun, enda eru greinarnar að skapa ný atvinnutækifæri og aukinn hagvöxt. Ég er ekki viss um að það skapi mikinn hagvöxt ef lífeyrissjóðirnir fara að versla með eignir fyrirtækja eins og Landsbankans sem eru í rekstri. Lífeyrissjóðirnir þurfa að setja niður kartöflur, því ef þeir gera það ekki verður engin uppskera eftir tuttugu ár,“ segir Frosti Sigurjónsson.

Tvö hundruð þúsund nýir tíu þúsund króna seðlar fóru í umferð á um einum mánuði:

Tveir milljarðar í nýja seðlinum

Tvö hundruð þúsund eintök af nýja tíu þúsund króna seðlinum eru nú í umferð samkvæmt upplýsingum frá Seðlabanka Íslands.

Heildarverðmæti seðlanna er tveir milljarðar króna, eða um fimm prósent af heildarverðmæti útistandandi reiðufjár í landinu. Verðmæti þeirra er nú þegar orðið talsvert meira en verðmæti fimm hundruð króna seðlanna annars vegar og tvö þúsund króna seðlanna hins vegar, og nálgast að sögn Seðlabankans heildarverðmæti þúsund króna seðlanna.

Markmiðið með því að taka upp nýjan tíu þúsund króna seðil var að sögn bankans að fækka seðlum í umferð. Það hefur nú tekist því þrjú hundruð þúsund fimmþúsundkallar hafa borist bankanum frá því nýi seðillinn fór í umferð 24. október síðastliðinn.



BRAKANDI NÝR Már Guðmundsson seðlabankastjóri kynnti tíu þúsund króna seðilinn í síðasta mánuði.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Hækkar ræstikostnaður um 44% hjá þér í vetur?

Hafðu samband við okkur í síma 581 4000 eða kíktu á www.solarehf.is og kynntu þér lausnir okkar.

44%



Sólar er einn af stærstu ræstingar- og fasteignaumsjónar aðilum á Íslandi. Síðan 2002 höfum við veitt ótal fyrirtækjum og stofnunum þjónustu okkar.

Sólar ehf. • Kleppsmýrarvegur 8 • 104 Reykjavík
Sími. 581 4000 • www.solarehf.is



Reitir starfa í takt við nágrenni sitt

Reitir eru stærsta fasteignafélag landsins á sviði útleigu atvinnuhúsnæðis. Við leigjum út yfir 130 eignir af öllum stærðum og gerðum um allt land. Við leggjum okkur fram við að vanda framkvæmdir og tókum mið af nágrenni okkar þegar við byggjum eða breytum því sem fyrir er. Þannig sjáum við til þess að þinn vinnustaður sé í takt við umhverfi sitt.

Kringlan 4-12

103 Reykjavík

www.reitir.is

575 9000

REITIR

Velkomin til starfa

BÓKAÚTGÁFA Á ÍSLANDI


Fimm stærstu bókaútgefendurnir 2013

Fjöldi titla árið 2013



Tölurnar miðast við fjölda titla samkvæmt Bókatiðindum 2013. Rafbækur eru ekki taldar með.

Fjöldi útgefna bókartitla eftir árum



Heildarvelta bókaútgáfu

2008	4,52 milljarðar kr.
2009	4,71 milljarðar kr.
2010	4,55 milljarðar kr.
2011	4,60 milljarðar kr.
2012	4,53 milljarðar kr.

Heimild: Hagstofa Íslands

Bókaútgáfa veltir 4,6 milljörðum

Um sjö hundruð bókartitlar eru til sölu fyrir þessi jól samkvæmt skráningu Félags íslenskra bókaútgefenda. 125 útgefendur eru þar skráðir með einn titil eða fleiri. Fimm stærstu útgáfufyrirtækin gefa út um 44 prósent af bókaútgáfu ársins. Forlagið er með flesta titla í sölu þetta árið. Flestar bækur seljast í um þúsund eintökum.

VERSLUN

Haraldur Guðmundsson | haraldur@frettabladid.is

Félag íslenskra bókaútgefenda gerir ráð fyrir að heildarvelta innlendrar bókaútgáfu á þessu ári verði svipuð og síðustu ár, eða á milli 4,5 og 4,7 milljarðar króna.

Um sjö hundruð nýir bókartitlar eru til sölu fyrir þessi jól samkvæmt nýútgefnum Bókatiðindum félagsins. Þar eru skráðir 125 útgefendur með eina bók eða fleiri. Skráningin er þó ekki tæmandi því tíðindin ná aldrei utan um alla titla hvers árs.

Fimm stærstu útgáfufyrirtækin gefa út um 44 prósent af þeim bókum sem nefndar eru í tíðindunum. Útgáfufyrirtækið Forlagið á líkt og undanfarin ár, flesta titla í sölu þetta árið, um 145, eða um 21 prósent af titlum Bókatiðinda.

Um sex milljarðar í heildina

„Bókaútgáfa hér á landi veltir um fjórum og hálfum milljarði króna á ári. Við þá veltu bætist síðan álagning smásala og sjö prósent virðisaukaskattur og ég giska því á að bóksala skili á endanum um sex milljörðum króna út úr búð,“ segir Egill Örn Jóhannsson, formaður Félags íslenskra bókaútgefenda og framkvæmdastjóri Forlagsins.

Að hans sögn seljast um tvær milljónir bóka hér á landi á hverju ári, eða um sex bækur á hvern Íslending.

„Flestar bækur seljast í um þúsund eintökum og þrjú þúsund eintök þykir mjög gott. Þær bækur sem eru að enda í fimm efstu sætunum á metsölulistanum eftir áramót eru bækur sem hafa selst í tíu þúsund eintökum eða meira,“ segir Egill.

Á annað hundruð sölustaðir

„Við höfum á undanförunum árum séð verulega aukningu í bókasölu á öðrum árstímum en fyrir jól. Hér á landi hefur orðið til mjög virkur og góður heilsársmarkaður með bækur, en hér á árum áður einskorðaðist bókasala að stórum hluta við jólabókaflóðið,“ segir Egill.

Hann segir að á annað hundruð sölustaðir selji bækur fyrir þessi jól.

„Sem er auðvitað ótrúlegur fjöldi og það má segja að í nánast hverju sveitarfélagi finnist að minnsta kosti einn staður sem selur bækur og jafnvel mun fleiri. Þetta er auðvitað einskorðað við jólabókaflóðið en mér sýnist þó að útsölustöðum bóka sé að fjölga með aukinni heilsársölu,“ segir Egill.

„Eftir sem áður er bókin gríðarlega sterk jólagjöf og Félag íslenskra bókaútgefenda

hefur látið framkvæma fyrir sig skoðanakannanir í ansi mörg ár þar sem kemur í ljós að langflestir einstaklingar eru að fá eina eða fleiri bækur í jólagjöf á hverju ári.“

Svipað bókaverð

Aðspurður hvort verð á bókum hafi hækkað segir Egill að hann telji fljótt á litið að bókaverð sé svipað og á síðasta ári.

„Ég hef engar hækkningar séð sjálfur og sýnist bækur vera ef eitthvað er á betra verði núna í upphafi jólabókaflóðs en í fyrra, sem skýrist fyrst og fremst af mikilli verðsamkeppni á bóka-markaðinum. Undanfarin tuttugu ár hefur ríkt mikil samkeppni um verð á jólabókunum og stórmarkaðir og bókabúðir hafa átt í harðri samkeppni þegar kemur að verði,“ segir Egill og bætir því við að nýjar skáldsögur seljist oft á undir fjögur þúsund krónum.

Þegar bókaútgáfa ársins er skoðuð sést að útsölu bóka-flokkar innihalda fleiri titla en þeir gerðu á síðasta ári. Má þar meðal annars nefna matreiðslubækur og ævisögur. Spurdur hvort hættu sé á offramboði á bókum í þessum flokkum segir Egill að erfitt sé að leggja mat á það áður en jólabókasöluinni lýkur.

„Það skýrist ekki fyrr en



Við höfum á undanförunum árum séð verulega aukningu í bókasölu á öðrum árstímum en fyrir jól.

eftir jól. Mér sýnist úrvalið vera einstaklega breitt í ár og allir flokkar afar vel skipaðir ef svo má að orði komast. Við sjáum vissulega sveiflur í útgáfu í einstökum flokkum og til dæmis komu út fleiri íslenskar skáldsögur í fyrra en í ár. En

ég myndi ekki taka svo djúpt í árinna að segja að í fyrra hafi verið offramboð eða að það sé skortur núna. Það eru fyrst og fremst gæðin sem skipta máli, fremur en fjöldi titla. Og gæðin eru að mér sýnist sérlega mikil í ár,“ segir Egill.

FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



INNRIITA SJÁLFIR TÖSKUR

Farþegar SAS og Norwegian geta nú sjálfir innritað bæði sig og töskur sínar í flug á Kaupmannahafnarflugvelli. Til stendur að fleiri flugfélög bætist í hópinn bráðlega segir á vefsíðunni turisti.is.

Stækknarglerslampar

Laugavegi 18,
101 Reykjavík
í húsi Máls og menningar
Sími: 511 3399

Ármúla 18,
108 Reykjavík
Sími 511 3388

Opið mán-fös 9-18 og lau 11-15



Lionssalurinn Lundur

- Jólahaðborð
- Árshátíðir
- Þorrablot

Brúkaupsveislur.is
Fermingarveislur.is

Cocktail .is
Veisluþjónusta

Lionssalurinn Lundur • Auðbrekku 25-27 • s. 899-8994

Nagladekur

Fallegar gelneglur

20% afsláttur
af ásetningu gelnagla
til 30. nóvember 2013

Hæðasmára 6, 201 Kópavogi
Sími: 571-1070
www.nagladekur.is



White-Westinghouse - amerísk gæða heimilistæki

Þvottavél 12 kg Þurrkari



Taka 12 Kg · Hljóðlát
Stórt op > auðvelt að hlaða
Sparneytin amerísk tæki.

<Þvottvélin tekur
heitt og kalt vatn

Afkastamikill
þurrkari >



RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS



KALKÚNA-BORGARI
Jólaborgarinn í ár er borinn fram með fersku grænmeti, trönu-berjasósu, salt-hnetum, máis og frönskum og kostar aðeins 1.490 kr.
MYND/GVA

JÓLABORGARAR Í HÁTÍÐAFÖTUM

TEXASBORGARAR KYNNA Jólahaðborgararnir á Texasborgurum við Grandagarð eru kalkúnaborgari og hreindýraborgari.

Frá og með deginum í dag verður boðið upp á tvenns konar hamburgarar í jólabúningi á Texasborgurum, amerískan kalkúnaborgara í anda þakkargjörðarhátíðarinnar sem er í næstu viku og safaríkan hreindýraborgara. Báðir eru þeir stórir, eins og allir Texasborgarar, eða 140 grömm.

„Kalkúnaborgarinn sló í gegn fyrir síðustu jól,“ segir Magnús Ingi Magnússon veitingamaður. „Hann er einstaklega hátíðlegur og í anda þeirrar bandarísku hefðar sem staðurinn byggir á. Við berum kalkúnaborgarann fram í hamburgarabrauði með trönu-berjasósu, salt-hnetum, máis, jöklaasalati, rauðlauk og tómötum – og franskar fylgja að sjálfsögðu með. Við erum kominn í jólas- skap þannig að verðið er ótrúlega lágt, aðeins 1.490 kr.“



Hreindýraborgarinn er ekki síður gömsætur, enda ekta villibráð í girnilegum búningi, með týtuberjarjómast, djúpsteiktum laukstráum og fersku grænmeti, og hann kostar það sama, ekki nema 1.490 kr. með frönskum. „Við byrjuðum með hreindýraborgarana í haust þegar tími villibráðarinnar rann upp og fólk hefur runnið á dásamlega lyktina, ekki síst þeir sem gæddu sér á þessum borgara í fyrra,“ segir Magnús Ingi. Nýlega var settur upp ekta ítalskur ísbar á Texasborgurum og allir krakkar 12 ára og yngri fá frían ís eftir matinn.

Nánari upplýsingar á Facebook og texasborgarar.is þar sem meðal annars er hægt að skoða matseðilinn og tilboð sem alltaf eru í gangi á þessum vinsæla hamburgarastað við gömlu höfnina.

2 FYRIR 1

2 FYRIR 1 af Texasostborgara með frönskum gegn framvísun þessa miða. Aðeins 1.290 kr. fyrir tvo. Gildir til 31.12.2013. texasborgarar.is. s: 517-3130.

BetterYou™
Eins og náttúran hafði í hyggju

Magnesium Oil Sport Spray

Færðu oft harðsperrur eða vöðvakrampa?

- Fyrirbyggir harðsperrur og vöðvakrampa
- Flýtir fyrir endurheimt vöðva eftir æfingar
- Borið beint á vöðvana og virkar strax
- Frábær upptaka

Nánari upplýsingar á www.gengurvel.is og á Facebook síðunni Better You Island



Fæst í flestum apótekum, Lífandi Markaði, Heilsuhúsinu, Fjarðarkaup, Crossfit Reykjavík, Crossfit Hafnarfirði, Systrasamlaginu og TRI Suðurlandsbraut

Join "Det Nødvendige Seminarium" DNS - in Denmark 3-year programme. Boarding, Enrollment fee.

Another Kind of School

Travel in own buses, through West Africa
Work in European City Studies in International Campus
Teach - Take a BA in Pedagogy

Call +45 24424133 puk@dns-tvind.dk www.one-world-volunteer.net

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

SAFT



Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.

Blaðberinn...



...góðar fréttir fyrir umhverfið

Í LÚXUS Í HÁLOFTUNUM

Á FERÐ OG FLUGI Margrét Björg Jakobsdóttir hefur starfað sem flugfreyja hjá Etihad Airways í Abu Dhabi í tæp þrjú ár. Hún hefur kynnst vel lífi og starfi fólks þar í landi og kann afar vel við sig.

Margrét Björg er flugfreyja hjá Etihad Airways sem er ríkisrekið flugfélag í Arabísku furstadæmunum og flýgur frá Abu Dhabi í allar áttir. Flugfélagið er eitt það besta í heiminum og hefur unnið til fjölmargra verðlauna. Síðasta sumar útskrifaðist Margrét sem Premium Cabin Crew sem þýðir að nú starfar hún á fyrsta farrými, First Class, og Business Class.

„Það er mjög gott að vinna hjá Etihad og við njótum mikilla fríðinda. Félagið sér okkur fyrir allri heilsufarsþjónustu, bæði innan sem utan furstadæmanna, það útvegar húsnæði, rútu til og frá flugvelli bæði hér og þar sem við stoppum. Við fáum mörg eintök af búningum og skóm og fría hreinsun,“ svarar Margrét þegar hún er spurð hvernig sé að vinna fyrir Etihad-flugfélagið. „Við fáum átta til tíu frídaga í mánuði í Abu Dhabi og stoppum svo í 19-48 tíma á flestum þeim stöðum sem við fljúgum til. Í venjulegum mánuði gistum við sex eða sjö sinnum á viðkomandi stað en tökum fjögur til fimm flug þar sem flogið er fram og til baka,“ útskýrir Margrét.

MIKIL FRÍÐINDI

„Við fáum afslátt á flestollum fínum veitingastöðum í borginni þar sem við erum eftirsóttir viðskiptavinir. Það er ákveðin virðing borin fyrir þeim sem starfa fyrir þetta flugfélag hér. Einnig fáum við mjög góðan afslátt á flugi með félaginu. Við fáum tíu miða á ári fyrir vini með 90% afslætti, endalaust fyrir sjálfa mig, maka og foreldra og það á einnig við um öll stærsta flugfélög í heiminum. En fyrir vini nær

afslátturinn bara yfir flug með Etihad.“

Það eru gerðar strangar kröfur til starfsmanna. „Við þurfum að fylgja mjög stífum reglum hvað varðar förðun og hárgreiðslu. Ekki er liðið að nokkur mæti of seint og ef það kemur fyrir tvisvar sinnum á viðkomandi á hættu að missa starfið. Þjónustan um borð er á háu stigi og öryggið alltaf í fyrsta sæti,“ segir Margrét Björg.

GOTT ÞJÓDFÉLAG

Þegar hún er spurð hvort það sé gott að búa í Abu Dhabi svarar hún að svo sé. „Hér er allt sem maður hugsanlega þarfnast nema kannski ferska loftið á Íslandi. Emíratar (innfæddir) bera flestir mikla virðingu fyrir konum og eru þær alls staðar í forgangi. Eina sem truflar hér og skemmir svoltið fyrir eru tveir ákveðnir hópar sem eru áberandi hér, það eru lágstéttavinnumenn sem kunna ekki mannsiði og síðan öfluguggar sem horfa dónalega á konur og eiga það til að áreita þær. Annars er þetta mjög örugg borg og þjófnaðir nánast ekki til.“

DRAUMURINN RÆTTIST

Margrét segir að hún hafi þráð að verða flugfreyja allt frá barnæsku. „Það hefur ekkert breyst. Hins vegar var erfitt að fá flugfreyjustarf heima þannig að ég ákvað að leita á önnur mið og sé alls ekki eftir því. Það er auðvelt að vera vestræn kona á þessum slóðum og það kom mér reyndar á óvart hversu vestrænt landið er. Áður en ég kom hingað hélt ég að lítil virðing væri borin fyrir konum og að þær þyrftu að hylja sig. Þannig er þetta ekki



ÚTSKRIFT Margrét Björg, neðri röð til vinstri, ásamt hópi flugfreyja og kennara við útskrift Premium Cabin Crew í sumar.

nema hjá stofnunum þar sem maður verður að hylja axlir og hné. Ég á nokkrar „abajur“ sem ég nota þegar það á við,“ segir Margrét.

„Ógift fólk má ekki sofa í sama herbergi þótt ekkert sé farið eftir því. Hins vegar fær þar áminningu ef það kyssist á almannafæri. Hér er yfirleitt mjög góð þjónusta. Þegar ég fer út að borða er bílnum mínum lagt í stæði og þjónn opnar dyrnar fyrir mig. Í matvörubúðinni er sett í poka fyrir mig og vörurnar bornar heim ef ég vil. Það er ekki rukkað fyrir neitt af þessu en auðvitað gefur maður þóknun vegna þess að það er fátækt fólk sem vinnur við þessi störf.“

FIMM STJÖRNU VEITINGAHÚS

Það hefur komið Margréti á óvart hversu fólk ferðast mikið. „Það er talið að hálf milljón manna sé í loftinu allan sólarhringinn. Við fljúgum á 96 áfangastaði í öllum heimsálfum og setið er í hverju sæti. Samt eru fleiri stór flugfélög á þessum slóðum, Emirates, Qatar og Golf Air svo fáein séu nefnd. Það kom líka á óvart að um borð er fimm stjörnu veitingastaður þar sem borinn er fram 5-6 rétta hádegis- eða kvöldmat. Kokkur eldar matinn eftir pöntunum á fyrsta farrými og í svítum. Á Business Class eru bornir fram þrjú réttir á keramikdiskum. Allt er frítt um borð hjá okkur óháð farrými, einnig áfengi.“

Margrét segir að það sé afar hagstætt að lifa í Abu Dhabi. „Mjólkin er reyndar dýrari en bensínið en það er hægt að velja hvort maður lifir djúrt eða ódjúrt. Kókdós kostar 50 krónur.“

Margrét er ekki á leiðinni heim en hún segist stundum fá heimþrá. Það hafi þó verið mest fyrsta árið. „Ég hef aðlagast lífinu hér og hef það mjög gott. Ég hef ekki heldur mikinn tíma til að hugsa um heimþrá. Móðir mín hefur heimsótt mig og sömuleiðis vinkonur mínar. Ég er í miklu sambandi við alla heima,“ segir Margrét sem er einhleyp og segist bara vilja íslenskan kærasta. Hún reynir að heimsækja Ísland þrisvar á ári. elin@365.is

Kemur út
26. nóvember

JÓLAGJAFAHANDBÓK FRÉTTABLAÐSINS

Meðal efnis í blaðinu: Jólaþjósinn, kökur, sætindi, skraut, fönður, matur, borðhald, jólasíðir, jólagjafir og venjur.

Bókið auglýsingar tímanlega: Kolbeinn Kolbeinsson
koll@365.is
S. 512 5447
663 4055

Bryndís Hauksdóttir
bryndis@365.is
S. 512 5434
695 4999

Atli Bergmann
atlib@365.is
S. 512 5457
897 9144

Ívar Örn Hansen
ivarorn@365.is
S. 512 5429
615 4349

Sverrir Birgir Sverrisson
sverrirbirgir@365.is
S. 512 5432
694 9150



Á FLUGI Margrét Björg um borð ásamt ungum farþega.
MYNDIR/EINKASAFN



KENÍA Margrét hefur farið um allan heim í starfi sínu og fékk meðal annars tækifæri til að hitta barn sem hún hefur stutt fjárhagslega í gegnum ABC í Kenýa.



FAGNAÐ Útskriftinni fagnað. Margrét hefur starfað í Abu Dhabi í tæp þrjú ár og hefur nú leyfi til að starfa á fyrsta farrými hjá Etihad-flugfélaginu.



AÐ HYLJA SIG Margrét þarf stundum að hylja sig í Abu Dhabi en það er bara við sérstök tækifæri.



VIÐ HÆFI Á leið að hitta vini í borginni.

FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir**, bryndis@365.is, s. 512 5434
Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is, s. 512 5432 **Kolbeinn Kolbeinsson**, koll@365.is, s. 512-5447 | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

MIÐVIKUDAGUR 20. NÓVEMBER 2013

ELDVARNIR

& ÖRYGGISFATNAÐUR

Kynningarblað Jólaseríur, reykskynjarar, flóttaleiðir og nýjar eldhættur.



Seríurnar þurfa að vera í lagi

Jólin eru hátíð ljóssins. Þá er kveikt á fleiri ljósum og þau oft látin loga lengur en aðra daga ársins. Hluti af undirbúningi jólanna á að vera að ganga úr skugga um að þau ljós sem nota á séu í góðu lagi. Eldvarnabandalagið er samstarfsvettvangur nokkurra félaga, undir hatti Mannvirkjastofnunar, um auknar eldvarnir. Eftirfarandi upplýsingar eru fengnar af vefsíðu bandalagsins, www.mannvirkjastofnun.is

Áriðandi er að skipta tafarlaust um brotnar klær og brotin þerustæði þegar jólaseríur eru yfirfarnar. Einnig þarf að ganga úr skugga um að allar rafmagnsleiðslur séu heilar, að einangrun sé alls staðar í lagi og að ekki sjái í bera víra.

Flestar ljósakeðjur til notkunar innandyrna eru þannig gerðar að þegar ein pera „deyr“ logar áfram á hinum perunum. Eftir því sem logar á færri perum eykst ljósstyrkur hvernar peru og þar með hitinn. Ljós sem ofhitna geta auðveldlega valdið bruna. Því er mikilvægt að alltaf sé nægileg fjarlægð frá ljósi í brennanlegt efni. Rafljós geta kveikt í gluggatjöldum engu síður en kerta-ljós. Sýnum sérstaka varúð gagnvart jólastjörnum og öðru pappírsskrauti sem sett er utan um ljósaperur.

Jóla ljós utandyra eiga að vera sérstaklega gerð til slíkrar notkunar. Að nota inniljós utandyra getur verið lífshættulegt.

Atriði sem vert er að hafa í huga:

- Látum aldrei loga á ljósunum á jólatrénu yfir nótt eða þegar við erum að heiman
- Hendum gömlum jóla ljósum sem eru úr sér gengin
- Notum ætíð ljósaperur af réttri gerð, stærð og styrkleika
- Gætum þess að brennanleg efni séu ekki nálægt jóla ljósum
- Óvarinn rafbúnaður getur valdið raflosti
- Vörum okkur á óvönduðum jóla ljósum
- Inniljós má aldrei nota utandyra
- Förum eftir leiðbeiningum um uppsetningu og notkun
- Látum logandi kerti aldrei standa ofan á raftæki
- Góður síður er að skipta um rafhlöður í reykskynjurum fyrir hver jól



Gamlar jólaseríur þarf að yfirfara vel fyrir hver jól.
NORDIC PHOTOS/GETTY

Eldheitt afmælis tilboð

90

ára

við erum orðnir **eldgamlir**

Í tilefni af 90 ára afmæli Ólafs Gíslasonar & Co. hf. bjóðum við 15% afslátt í verslun okkar af eftirfarandi búnaði næstu 10 dagana eða til og með 30. nóvember. Einstaklega gott tækifæri til þess að eignast eldvarnarbúnað á lægra verði.



Dufttæki
6 kg



Léttvatnstæki
6 kg



Dufttæki
2 kg



Eldvarnarteppi
Stærð 100x100 sm



Reykskynjari
(Jóniskur)



Reykskynjari
(Óptískur)

15%
afsláttur
í verslun okkar
næstu 10 dagana



Nú fer í hönd tími kertaljósa og mikilvægt að kenna börnum að umgangast eld.

Börn kunni eldvarnir

Eldur getur kviknað fyrirvaralaust og breiðst afar hratt út. Því þurfa foreldrar og forráðamenn að upplýsa börn um eldvarnir og kenna þeim nauðsynlega aðgát í umgengni við eld.

- Kennið börnum að aldrei megi leika sér með eldspýtur, kveikjara eða flugelda. Þegar börnin stálpast ættu þau eingöngu að umgangast eldfæri undir eftirliti fullorðinna. Hafið slökkvitæki ávallt nærri og síma við höndina ef slys eiga sér stað.
- Æfið flóttaleiðir sem notaðar yrðu við eldsvoða með börnunum og miðið við tvær gildar útgönguleiðir. Notið skeiðklukku til að sjá hversu langan tíma tekur fyrir fjölskylduna að komast út. Krakkarnir eiga eftir að hafa gaman af þessari æfingu og læra mikið af henni.
- Öll börn ættu að kunna að bregðast við hljóði reykskynjara. Kennið þeim að beygja sig strax niður í gólf og koma sér út um leið og reykskynjarinn varar við eldi eða reyk. Barn sem þetta kann hefur mun betri möguleika á að komast heilu og höldnu úr eldsvoða.
- Notið hyggjuvitíð í eldhúsinu og gætið barna sérstaklega í kringum heita ofna, gaseldamennsku og eldavélar.
- Virkir reykskynjarar draga verulega úr dauðsföllum vegna eldsvoða og eru nauðsynleg eldvörn á öllum heimilum. Best er að koma fyrir reykskynjurum á öllum hæðum húsa og við öll svefnerbergi.



Ólafur Gíslason & Co. hf.
Eldvarnamiðstöðin

Ólafur Gíslason & Co hf -
Eldvarnamiðstöðin
Sundaborg 7, 104 Reykjavík
Sími 568-4800 Fax 568-5056
www.oger.is



MIÐVIKUDAGUR 25. NOVEMBER 2015
25. TÖLUBLAÐ 1. ÁRGANGUR
DAGSKRÁRBLAÐ STÖÐVAR 2

ÍSLENSKAR RÁÐGÁTUR

HELGA ARNARDÓTTIR FJALLAR UM MÁL
SEM ALDREI HAFU VERIÐ UPPLÝST Í
ÓUPPLÝSTUM LÖGREGLUMÁLUM SEM
HEFJAST Á SUNNUDAG.



FJÖRUGUR BÍLAÞÁTTUR
Á fullu gasi hefst næsta
þriðjudag.



TOUCH SNÝR AFTUR
Önnur sería dramapáttanna
Touch hefst í kvöld.



GALAPAGOS
David Attenborough
fetar í fótspor Darwins á
Galapagoseyjum
næstu mánudaga.



FRÁBÆR TILBOÐ
Í STÖÐ 2 VILD



Krakka
Stöðin




BÍÓ
STÖÐIN


GULL
STÖÐIN

Tónlist.is






THE GOODS: LIVE HARD, SELL HARD
Miðvikudag



WHAT'S YOUR NUMBER?
Fimmtudag



TAKEN 2
Föstudag



THE LINCOLN LAWYER
Sunnudag



J. EDGAR
Mánudag



HARRY BROWN
Þriðjudag



Ásgrímur Logason leikari og Friðrik Dór tónlistarmaður stýra eldhressum spjall- og tónlistarþætti á Stöð 3.

MYND/PJETUR

ÞRIÐJUDAGSPÁTTURINN MEÐ **FRIKKA DÓR**

Stórsöngvarinn Friðrik Dór stjórnar nýjum spjall- og tónlistarþætti ásamt Ásgrími Geir Logasyni leikara á Stöð 3. Fjöldi góðra gesta mætir í þáttinn.

3 ÞRIÐJUDAGSPÁTTURINN Kl. 21.10 þriðjudaga

„Við fáum áhugavert tónlistarfólk hvaðanæva úr samfélaginu í létt spjall og verðum líka með tónlistaratriði,“ segir Friðrik Dór tónlistarmaður sem stýrir glænýjum spjall- og tónlistarþætti sem fer í loftið í nóvember á Stöð 3, Þriðjudagsþátturinn með Frikka Dór.

„Í þættinum ætlum við Ási vinur minn, sem stýrir þættinum með mér, að taka nýjan vinkil á tónlistina og verðum með aðeins öðru vísi tónlistaratriði. Við ætlum líka að flækja gestina, hvort sem það eru tónlistarmenn eða aðrir gestir, í einhvers konar sketsa og grín,“ segir Friðrik og lofar góðri skemmtun.

„Við erum svo sem ekkert að finna upp hjólið en þetta verður hress og skemmtilegt. Við vinnum þættina í grunninn í stúdíói en svo er aldrei að vita nema við förum eitthvað á ferðina og sýnum þá myndir af vettvangi. Við erum á fullu að vinna þetta núna,“ segir Friðrik hress. Þetta er í fyrsta sinn sem hann stýrir sjónvarpsþætti en kappinn

er þó hvergi banginn.

„Maður er auðvitað með háar hugmyndir, sumar kannski ekki framkvæmanlegar,“ segir hann hlæjandi. „Flestar hugmyndirnar ættu samt að vera viðráðanlegar og þá ætti útkoman að vera hressilegt og skemmtilegt sjónvarpsfni.

Ætlunin er að sýna þættina fram á vorið.“

50 ÁR FRÁ DAUÐA KENNEDYS

4 THE KENNEDY DETAIL Kl. 22.10 fimmtudag

Stöð 2 sýnir hina mögnuðu heimildarmynd The Kennedy Detail annað kvöld. Myndin er byggð á endurminningum fyrrverandi leyniþjónustumanns, Gerald Blaine, sem gegndi þjónustu hjá forsetaembætti Bandaríkjanna. Nú, fimmtíu árum eftir morðið á John F. Kennedy, veita Blaine og aðrir í innsta hring leyniþjónustunnar einstaka innsýn í atburði þessa orlagaríka dags.

Myndin er byggð á bókinni The Kennedy

Detail sem Blaine skrifaði ásamt Lisu McCubbin. Í myndinni eru viðtöl við þá menn sem stóðu vörð um öryggi Kennedys. Þar minnst þeir mannsins og forsetans. Samskipti Kennedy-fjölskyldunnar við leyniþjónustumennina voru allt önnur og nánari en þeir áttu áður að venjast. Fjölskyldan lærði nöfn þeirra og kom fram við þá sem hluta af fjölskyldunni. Því var fráfall Kennedys þeim enn meira áfall en ella. Nokkrir þeirra manna, sem rætt er við í myndinni, voru á staðnum þegar Kennedy var myrtur á götum Dallas 22. nóvember 1963.



STJÚPDÓTTIR SPIELBERGS

Jessica Capshaw leikur hina einfættu Arizona Robbins í hinum geysivinsælu þáttum Grey's Anatomy. Hún er með enskugráðu frá Brown-háskóla og er dóttir leikkonunnar Kate Capshaw.

GREY'S ANATOMY
Kl. 21.05 miðvikudaga

Bandaríska leikkonan Jessica Capshaw (37) er fædd í Columbia í Missouri-ríki. Hún er dóttir leikkonunnar og framleiðandans Kate Capshaw en sú er líklega þekktust fyrir hlutverk sitt sem Willie Scott í kvikmyndinni Indiana Jones and the Temple of Doom. Þar kynntist Kate Steven Spielberg og giftist honum síðar. Þar með varð þessi heimsfrægi leikstjóri stjúpfaðir Jessicu Capshaw.

Capshaw er með enskugráðu frá Brown-háskóla. Eftir háskólanám hóf hún leiklistarnám við Konunglega listaskólann í London (RADA). Hún er hvað þekktust fyrir hlutverk sín sem Jamie Stringer í lögfræðidramanu The Practice og barnalæknirinn Arizona Robbins í Grey's Anatomy. Persóna Arizonu var kynnt til leiks í fimmtu seríu en ætlunin var að Capshaw myndi aðeins leika í þremur þáttum. Höfundur þáttanna, Shonda Rhimes, ákvað hins vegar að framlengja samning hennar út fimmtu seríu. Í sjöttu þáttaröðinni var Capshaw orðin hluti af föstum leikarahópi þáttanna.

Jessica er gift og á þrjú börn sex, þriggja og eins árs. Hún er besta vin kona Söshu Alexander sem leikur Mauru Isles í þáttunum Rizzoli & Isles.



SÉR INN Í FRAMTÍÐINA

TOUCH
Kl. 21.50 miðvikudaga

Fyrsti þáttur í annari seríu Touch verður sýndur á Stöð 2 í kvöld. Touch eru yfirnáttúrulegir dramapættir frá höfundi Heroes með Kiefer Sutherland í hlutverki föður sem reynir að ná tengslum við fatlaðan son sinn, Jake. Móðir Jakes lést í árásinni á tvíburaturnana árið 2001 en Jake hefur aldrei sagt orð. Hann er hins vegar mjög upptekinn af tölum og mynstrum sem tengjast tölum. Þegar faðir hans uppgötvar að sonurinn getur séð fyrir atburði sem enn hafa ekki átt sér stað breytist líf þeirra svo um munar.



MÖGNUM NÁTTÚRA

GALAPAGOS
kl. 20.20 mánudaga

Tvö hundruð árum eftir að Charles Darwin steig fyrst á strendur Galapagoseyja fetaði David Attenborough í fótspor náttúrufræðingsins víðfræga. Stöð 2 sýnir fyrsta þáttinn af þremur í þáttaröðinni Galapagos næstkomandi mánudag.

Galapagoseyjar eru eyjaklasi undan strönd Ekvadors. Þar er fjölbreytt dýralíf og mikil náttúruvegurð sem Darwin kynnti fyrir heiminum þegar hann nýtti rannsóknir sínar þar til að sanna þróunarkenningu sína sem hann setti fram í Uppruna tegundanna.

Í þáttunum þremur kannar Attenborough lífríki eyjaklasans og skoðar hvernig það hefur haldið áfram að þróast í fullkominni einangrun. Einnig hvernig síbreytilegt landslag mótað af eldgosum hefur getið af sér dýra- og plöntutegundir sem hvergi annars staðar er að finna í heiminum. Á Galapagos er að finna þróunarsögu þar sem allt er mögulegt.



David Attenborough

EIN HARÐASTA AKSTURSKEPPNI ÍSLANDSSÖGUNNAR

Bílapátturinn *Á fullu gazi* hefst næsta þriðjudag á Stöð 2. Þar keppa þjóðþekktir einstaklingar í rallí, bílaáhugamenn verða heimsóttir og umsjónarmenn gera upp gamlar druslur. Fjörugir og skemmtilegir þættir fyrir alla fjölskylduna.

Næsta þriðjudag hefur göngu sína á Stöð 2 nýr og bráðfjörugur bílapáttur sem ber heitið *Á fullu gazi*. Þættirnir eru ólíkir hefðbundnum bílapáttum að því leyti að ekki er verið að fjalla eingöngu um nýja bíla heldur byggjast þeir á heimsóknum til bílaáhugamanna, keppni um að breyta druslu í draumaferðabíl og rallíakstur þekktra Íslendinga. Þetta eru virkilega fjörugir og skemmtilegir þættir þar sem umsjónarmenn þeirra, Sigríður Elva Vilhjálmssdóttir, fréttakona á Stöð 2, og Finnur Thorlacius, blaðamaður hjá Fréttablaðinu, visir.is og Stöð 2, gera allt sem í þeirra valdi stendur til að svala hraða- og spennuþorsta þjóðarinnar. Finnur segir þættina eðlilega byggjast á óbilandi áhuga þeirra beggja á bílum og öllu sem þeim viðkemur. „Í fyrsta þætti heimsækjum við til dæmis Bílasafnið í Borgarnesi sem er einstakt í sinni röð. Á bak við það standa nokkrir hörkuduglegir einstaklingar, þar á meðal einn kunnasti rútbílstjóri landsins, Sæmundur Sigmundsson.“ Safnið er til húsa í gamla sláturhúsinu í Borgarnesi og því má segja að ljúf olíulyktin hafi leyst gorfnykinn af hólmi. Þar má finna bíla af öllum stærðum og gerðum; fólksbíla, rútur, vörubíla og glæsibílfreiðar. Allir bílar á safninu eru fornbílar og sá elsti er frá árinu 1927.

Erfitt en skemmtilegt verkefni

Í öðrum hluta þáttarins fá Finnur og Sigríður það erfiða og krefjandi verkefni að breyta algjörum bílhraejum í tvo draumaferðabíla. „Þar vinnum við hvort með sínu liðinu og fengum bara eina helgi í verkefnið. Þetta var svo sannarlega knappur tími og nánast unnið allan sólarhringinn. Við Sigríður fengum afar hæfa og skemmtilega menn með okkur í lið en fyrirfram vorum við búin að móta grófar hugmyndir um

hvernig við vildum breyta bílunum. Við vorum ekki búin að sjá bílana áður og er óhætt að segja að við höfum bæði fengið nett áfall við að sjá ástandið á þeim. En þetta var ofboðslega skemmtilegt verkefni.“

Síðast en ekki síst fá Finnur og Sigríður sextán þjóðþekktar einstaklinga til að keppa í tveggja manna liðum í rallíkrossi á rallíkrossbrautinni í Kapelluhrauni. „Það er óhætt að segja að þar hafi farið fram ein harðasta aksturskeppni Íslands sögunnar. Í fyrsta þætti leyfum við keppendum að kynna aðstæðum og bílunum. Við Sigríður prófum brautina og fáum góða aðstoðarökumenn með okkur sem eiga eftir að koma áhorfendum mjög á óvart.“

Mikið blótað

Í næstu þáttum keppa tvö lið í útsláttarkeppni og í lokapættinum stendur eitt liðið uppi sem sigurvegari. „Rallíkeppnin fékk viðurnefnið „helvítis djöfulsins“-keppnin enda komu þessi tvö orð ansi oft fyrir hjá keppendum. Það er óhætt að segja að talsvert mikið hafi verið blótað í keppninni. Í öðrum þætti mætast fyrstu tvö liðin sem eru skipuð Hermann Hreiðarssyni, fyrrum atvinnumanni í knattspyrnu, og Ragnheiði Elínu Árnadóttur, iðnaðar- og viðskiptaráðherra. Mótherjar þeirra eru Kormákur

Geirharðsson, tónlistar- og athafnamaður, og Björk Eidsdóttir, annar ritstjóri tímaritsins MAN. Áskrifendur Stöðvar 2 eiga því svo sannarlega í vændum skemmtilega og fjöruga þætti á þriðjudagskvöldum.“



GERENDUR GANGA LAUS

Óupplýst lögreglumál er ný þáttaröð í um Arnardóttur og hefst á Stöð 2 á sunnudag. Þátturinn fylgir eftir Mannshvörfum sem var á dagskrá árs. Fjallað verður um bankarán, brunamál sem aldrei hafa verið upplýst.

ÓUPPLÝST LÖGREGLUMÁL
Kl. 20.45 sunnudaga

Óupplýst lögreglumál í umsjón Helgu Arnardóttur hefst á Stöð 2 á sunnudag. Í röðinni eru sex þættir og ná málin sem fjallað er um allt aftur til ársins 1945. Til umfjöllunar eru meðal annars brunar, bankarán og morð sem aldrei hafa verið upplýst og ganga gerendurnir enn lausir. Mikil vinna liggur að baki þáttunum en Helga naut liðsinnis Brynju Daggar Friðriksdóttur sem er jafnframt framleiðandi þáttanna.

„Við vorum með nokkur mál í höndunum eins og brunana þrjá í Vestmannaeyjum í byrjun þessarar aldar og morðið á Gunnari Tryggvasyni leigubílstjóra sem er með þekktari óupplýstum málum. Svo rakst Brynja á grein um þrjú óupplýst mannlát á síðustu öld sem við ákváðum að kafa ofan í en þar er í tveimur tilfellum um að ræða mjög harðsvíraðar árásir sem leiddu til dauða fórnarlambins. Fleiri mál rak svo á fjörur okkar og að mínu mati er í raun ótrúlegt hvað þau eru mörg og að ekkert fréttist eða leki út.“

Í þáttunum er rætt við aðstandendur og vitni og skoðað hvaða áhrif óupplýst mál hafa á fólkið sem þau snerta. Þá er rætt við lögreglumenn sem hafa komið að rannsókn þeirra og kemur berlega í ljós að þrátt fyrir að lögregla hafi ekki komist á sporið er um að ræða mjög ítarlegar og umfangsmiklar rannsóknir.

„Ég hef lært það á þessari vinnu að lögreglan fær oft mjög ósanngjarna gagnrýni. Hörður Jóhannesson aðstoðarlögglustjóri hefur veitt okkur ómælda aðstoð. Þar sem málin eru enn opin komumst við ekki í nein gögn en hann hefur veitt okkur allar þær upplýsingar sem völ er á enda er það hagur lögglunnar að fólk hafi vitneskju um þessi mál og auðvitað vonast menn til þess að einhver þarna úti stigi fram. Í eldri málum fer sú von reyndar dvínandi. Þá voru aðstæður lögglu allt aðrar og menn höfðu ekki sömu tækni. Tæknin leysir þó ekki öll vandamál sem sýnir sig í nýrri málum eins og bankaráninu í útibúi Búnaðarbankans á Vesturgötu árið 1995. Þar fundust lífsýni en það dugði ekki til.“

En hvernig ætli sé fyrir seka manneskju að ganga laus árum og áratugum saman? „Í síðasta þættinum komum við einmitt inn á það. Þar er fjallað um mál eldri manns sem fannst látinn í bragga í Kveldúlfsporti á annan í júlum árið 1945. Hann hafði verið barinn fólkskulega og var ekki ljóst hvort um ránmorð var að ræða eður ei. Morðinginn fannst aldrei. Rætt er við afbrotafræðing sem segir menn sem ganga með slíkt á samviskunnri hafa þunga byrði að bera.“

Mannshvörf og óupplýst lögreglumál hafa átt hug Helgu frá því hún fjallaði ítarlega um endurupptöku Guðmundar og Geirfinnsmálsins í Íslandi í dag árið 2011 og hlaut fyrir það Blámannaverðlaun Íslands. Síðustu daga hefur frumburðurinn, sem fæddist 13. nóvember síðastliðinn, þó skyggt á allt annað. „Þetta er alveg dásamlegt og gengur eins og í sögu. Stelpurófan átti þó að vera löngu komin en ég fór heila þrettán daga fram yfir. Skírinninn og frumsýningu fyrsta þáttar verður því bara að slá saman í eitt,“ segir Helga glöð í bragði. En verður framhald á löggluþáttum? „Nei ég hugsa að ég sé að verða búin. Ætli málefni barna verði ekki næst á dagskrá.“

R USIR

msjón Helgu
ag. Þáttaröðin
gskrá í byrjun
, morð og fleiri



Helga eignaðist frumburð sinn fyrir viku. Hún mun skíra dótturina á sunnudag, sama dag og þátturinn fer í loftið.



HUGAÐ AÐ AND- LEGRI HEILSU

DOKTOR
Kl. 20.10 fimmtudag

Heilbrigð sál í hraustum líkama eru einkunnarorð næsta þáttar af Doktor með þeim Telmu Tómasson og Teiti Guðmundssyni. Þátturinn fjallar um andlega heilsu en hún er ekki síður mikilvæg en líkamleg heilsa.

„Geðraskanir er orð sem notað er yfir andlega kvilla og sjúkdóma, en einkennin geta verið misalvarleg. Rætt verður við sérfræðinga á sviði geðlækninga og sálfræði, sem skýra út mismunandi geðraskanir,“ segir Telma. „Komið er inn á þætti sem margir munu kannast við leynt og ljóst hjá sjálfum sér.“

„Við ræðum einnig við einstaklinga sem hafa glímt við alvarlegar geðraskanir og við fáum innsýn inn í líf þeirra. Rætt er við hjúkrunarfræðing sem lýsir streitutengdum ofsakvíða sem rekja má til vinnuálags, en einkennin voru fyrst og fremst líkamleg og flöggraði ekki að henni í fyrstu að huga að andlegri líðan sinni. Við ræðum einnig við ungan mann sem lýsir félagsfærni, kvíða, þunglyndi og tilraun til sjálfsvígs á þann hátt að það lætur engan ósnortinn.“

Þátturinn tekur einnig á því hvaða leiðir eru færar til að opna á vandann, en fólk er ekki alltaf meðvitað um að það sé með geðröskun. „Margir lífa því í mikilli vanlíðan án þess að koma vörnum við, en staðreyndin er sú að með rétttri meðferð er unnt að hjálpa fólki við að ná bata, þannig að það geti bætt líðan sína og lífs-gæði til muna.“



HRYLLINGUR Á ÁLFTANESINU

HEIMSÓKN
Kl. 20.10 í kvöld

„Kristín er alvöru partistelpa með diskókúlu fyrir borðstofu-ljós, svo sjón er sögu ríkari,“ segir Sindri Sindrason, sem í kvöld guðar á dyr hjá Kristínu Stefánsdóttur föröunarameistara á Álftanesinu.

„Kristín býr í svakalega skemmtilegu húsi og er snillingur í að raða hlutum saman. Stíllinn kemur úr öllum áttum og hjá henni er glys, glingur og fallegir hlutir frá aldamótunum 1800 yfir í nútímenn.“

Sindra varð hreint ekki um sel í heimboði Kristínar.

„Það skemmtilegasta við heimili Kristínar er bíosalur með alvöru bíóstólum og bíóteppi. Kristín er ástríðufullur safnari hryllingsmynda og bauð mér í þvílíkan hrylling að ég




ligg enn andvaka og skelfingu lostinn á nóttunni. Því ógeðslegri sem hryllingurinn er, því ánægðari er Kristín sem horfir alltaf einsömul í rökkri bíósalarsins þegar enginn er heima,“ segir Sindri og hryllir sig.

„Það kom svo rosalega á óvart að Kristín elskar að þvo þvotta og þrifa. Þvottahúsið hennar er það háþróaðasta sem ég hef séð um dagana og þar er hugsað fyrir öllu. Mig undrar þessi þvottaáhugi margra en mér þykir fínt að skúra.“

KOLLA RÆÐIR BARNAUPPELDI

KOLLA
Kl. 20.30 miðvikudaga



Kolbrún Björnsdóttir heldur áfram með upplýsta umræðu í þætti sínum Kolla á Stöð 2 í kvöld. Umræðuefnið verður uppeldi barna og er leitast við að svara þeim spurningum sem brenna á foreldrum. María Hrönn Nikulásdóttir sálfræðingur er gestur þáttarins ásamt Kolfinnu Bergþóru Bustos, uppeldis- og sérkennslufræðingi. Nokkrir foreldrar bera fram áhugaverðar spurningar í þættinum og leitað verður svara við þeim.

Víða hefur verið komið við í þáttum Kollu í vetur og fylgjast margir með þáttunum. Fjallað hefur verið um stjúpþjófskyldur, meðvirkni og fleira.

MYNDIR HELGARINNAR



HARRY POTTER AND THE GOBLET OF FIRE kl. 21.05 föstudag

Frábær ævintýramynd um Harry Potter sem er á fjórða ári sínu í Hogwarts og þarf að taka þátt í Þrígaldraleikunum ógurlugu, þrátt fyrir að vera undir lögaldri. Þetta fer allt að hljóma sífellt meira ógnvekjandi þegar allt bendir til þess að þessi dularfulla þátttaka Harrys gæti leitt hann til hins ógnvænlega Voldemorts, sem er talinn líklegur til að snúa aftur voldugri en áður.

BATTLE LOS ANGELES Kl. 23.40 föstudag

Spennumynd frá 2011 með Aaron Eckhart, Michelle Rodriguez og Bridget Moynahan í aðalhlutverkum. Óþekkt öfl utan úr geimnum gera árás á jörðina og stráfella íbúana. Los Angeles er síðasta vígið þar sem loka-bardagi mannkyns-ins fer fram.



TO ROME WITH LOVE Kl. 20.00 laugardag

Skemmtileg mynd frá 2012 sem Woody Allen leikstýrir auk þess sem hann leikur í myndinni. Meðal annarra leikara eru Alec Baldwin, Roberto Benigni, Penélope Cruz, Judy Davis, Jesse Eisenberg, Ellen Page og Alison Pill.

HOW I SPENT MY SUMMER VACATION Kl. 21.55 laugardag

Gamansöm spennumynd frá 2012 með Mel Gibson í aðalhlutverki. Hann leikur eilífð-arglæpamann sem er handtekinn eftir bankarán í Mexíkó en lífið innan fangelsismúranna í Mexíkó er alls enginn dans á rósum.



BARÁTTAN UM BÍTLABORGINA

Stórleikur helgarinnar í enska boltanum er nágrannaslagur Everton og Liverpool á Goodison Park í Liverpool. Bein útsending frá leiknum hefst á laugardag klukkan 12.35 á Stöð 2 Sport 2.

SPORT **EVERTON - LIVERPOOL**
Kl. 12.35 laugardagur

Liverpool er í öðru sæti deildarinnar með 23 stig og getur komist á toppinn með sigri en Arsenal, sem er í efsta sæti með 25 stig, tekur á móti spútnikliði Southampton á laugardag klukkan 15.00. Nái Everton að sigra kemst liðið upp að hlið Liverpool með 23 stig svo búast má við að bæði lið leggi allt í sölurnar.

Steven Gerrard, fyrirliði Liverpool, veit hvers virði það er að sigra í þessum nágrannaslag. Hann ólst upp í Liverpool þar sem fólk skiptist í tvær fylkingar. Pabbi hans var Liverpool-aðdáandi en það voru harðir Everton-menn í móðurættinni. „Bróðir mömmu er mikill aðdáandi Everton og hann var með 2-3 ársmiða á Goodison Park. Hann bauð mér með á nokkra Everton-leiki og reyndi að fá mig til að halda með Everton en pabbi og bróðir minn sáu til þess að ég missti ekki áhugann á Liverpool,“ rifjar Gerrard upp. Það er oft heitt í kolunum þegar Everton og Liverpool mætast og nokkrum sinnum hefur rauða spjaldið farið á loft. Steven Gerrard er eini leikmaðurinn sem hefur tvívegis fengið rauða spjaldið í viðureignum þessara liða.

Á sunnudag eru einnig tveir stórleikir. Gylfi Sigurðsson og félagar hans í Tottenham heimsækja Manchester City en bæði lið þurfa nauðsynlega á sigri að halda til þess að halda sér í toppbaráttunni. Tottenham er í 7. sæti með 20 stig en City í 8. sæti með 19. stig. Bein útsending frá leiknum hefst klukkan 13.15 á sunnudag og strax að þeim leik loknum, eða klukkan 15.45, verður skipt yfir til Wales þar sem Aron Einar Gunnarsson og félagar hans í Cardiff City taka á móti meisturum Manchester United. Aron Einar er harður stuðningsmaður United og mætir þar „sínu liði“ í fyrsta sinn.

30.000 fréttabyrstir notendur



Smelltu þér á Fréttablaðsappið og lestu blaðið hvar sem er og hvenær sem er








Fáðu Fréttablaðið ókeypis í spjaldtölvuna og snjallsímann með Fréttablaðsappinu. Sláðu inn **Fréttablaðið** á Google Play, Windows store eða í App store og náðu í appið.



FRÉTTABLAÐIÐ

KAFFITÁR



15% afsláttur af öllum vörum.
Tilboð gildir til 30. nóvember.



15%
AFSLÁTTUR

VEGAMÓT VEGAMÓT

RESTAURANT I BAR

35% afsláttur af matseðli frá kl. 11-16 alla mánudaga,
þriðjudaga og miðvikudaga.



35%
AFSLÁTTUR



Byrjaðu strax að spara. Skráðu kortin ykkar
núna á www.stod2.is/vild

er snilld

NÚ ENN MEIRA FYRIR ÁSKRIFENDUR

STÖÐ 2 VILD

Það eina sem þarf að gera er að skrá kreditkort heimilisins á stod2.is

LIFANDI MARKAÐUR

LIFANDI
MARKAÐUR

20% afsláttur af öllum vörum við fyrstu kaup.
10% afsláttur eftir það. Tilboð gildir aðeins í Fákafeni 11.



20%
AFSLÁTTUR

MÝS OG MENN



Borgarleikhúsið

Riflega 25% afsláttur af miðum á fyrstu 10 sýningarnar.



25%
AFSLÁTTUR

Þú færð sjálfkrafa afslátt hjá fjölda samstarfsaðila.

1011

10%

afsláttur ef verslað er fyrir 2.000 kr. eða meira

SUSHI

12%

afsláttur ef verslað er fyrir 2.000 kr. eða meira

olis OB

Kynntu þér tilboðin á stod2.is/vild

Sækja þarf um Olís greiðslulýkil til að fá afslátt

BJÖRG

20%

afsláttur af fatahreinsun

Splash

40%

afsláttur af bílapvotti að utan

Skemmtigaðurinn

SMÁRALIND

50%


afsláttur af fjölskyldukortum Stöðvar 2

KYNNTU ÞÉR
FLEIRI SPENNANDI
TILBOÐ Á STOD2.IS

3

1.
mánuðurinn
ÓKEYPIS

Frábær dagskrá á Stöð 3



Krakka
stöðin

**BARNAEFNI
ALLA DAGA**

Vandað talsett barnaefni
og skemmtilegir þættir
fyrir yngstu
áhorfendurna
alla daga.

SkjárEinn
4.990
kr. á mánuði

Stöð 3 + Krakka stöðin + = **2.990** kr. á mánuði

Trygðu þér áskrift á www.stod3.is

DY NJ AN DI

allt fyrir öryggið

HÁGÆÐA VINNUFATNAÐUR

GERIR VINNUNA ÞÆGILEGRI!

*Dynjandi býður upp á góðan vinnufatnað
á hagstæðu verði!*

Dynjandi örugglega fyrir þig!



Dynjandi - Skeifunni 3 - Sími: 588 5080 - dynjandi.is



SKIPULEGGÐU FLÓTTALEIÐ

Nauðsynlegt er að fjölskyldan geri áætlun um hvernig yfirgefa á heimili ef eldur kemur upp. Slík áætlun getur ráðið úrslitum um hvort allir komast heilir út. Ef unnt er skal loka rýminu þar sem eldur logar, það tefur útbreiðslu elds og reyks.

Best er að öll fjölskyldan taki þátt í að gera áætlunina og æfi hana síðan. Brýnið fyrir ungum börnum að þau megi ekki fela sig inni í skáp eða undir rúmi. Mörg dæmi eru um að slökkviliðsmenn hafi átt erfitt með að bjarga börnum úr brennandi húsum vegna þessa.

Við gerð flóttaáætlunar þarf að hafa í huga:

Að hafa tvær greiðar leiðir út úr íbúðinni og húsinu. Komið fyrir neyðarstiga þar sem þörf krefur.

Að allir viti að þeir eigi að fara út um leið og elds verður vart. Hringið á slökkvilið í 112 eins fljótt og auðið er.

Að ákveða fyrirfram stað þar sem allir hittast þegar út er komið. Þannig má ganga úr skugga um að allir hafi skilað sér út.

PRÓFIÐ SKYNJARANN FJÓRUM SINNUM Á ÁRI

Best er að hafa reykskynjara í öllum rýmum. Setjið hann upp sem næst miðju lofts og aldrei nær vegg eða ljósi en sem nemur 30 sentimetrum. Í langan gang skal setja skynjara við báða enda. Ef sjónvörp og tölvur eru í barna- og unglíngaherbergjum skal setja reykskynjara í þau.

Reykskynjara þarf að prófa að minnsta kosti fjórum sinnum á ári og er gott að miða við jóla, páska, sumar og haust. Til að prófa skynjara er prófunarhappnum haldið inni þar til viðvörunarkerki heyrir. Gott er að leyfa heimilisfólki að heyra hljóðið svo það þekkist vel.

Ef stutt hljóðmerki heyrir frá skynjaranum á um það bil mínútu fresti þarf að endurnýja rafhlöðuna.

Hana þarf að endurnýja árlega og er gott að miða við að gera það í kringum jóla.

Líftími reykskynjara er áætlaður um 10 ár. Gott er að skrá á bakhlíð skynjarans hvenær hann var keyptur. Skynjarinn endist betur ef hann er ryksugaður að innan í hvert sinn sem skipt er um rafhlöðu.

Heimild: Eldvarnabandalagið

Nýjar eldhættur á heimilum

Miklar breytingar hafa orðið á tækjum og tólum á heimilum landsmanna undanfarin 10-15 ár. Áður var eitt sjónvarp á heimili en nú er algengt að mörg sjónvörp séu á heimili, jafnvel eitt í hverju svefnherbergi. Samkvæmt vef Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins er sjónvarpið um 20% orsakavaldur íkveikju af völdum rafmagns hérlendis. Því er mikilvægt að huga vel að staðsetningu þeirra og góð regla er að slökkva ekki eingöngu á því með fjarstýringunni heldur taka það úr sambandi. Þegar slökkt er með fjarstýringu helst straumurinn á sjónvarpinu og brunahætta er því enn til staðar. Þá skiptir engu hvort sjónvarpið er nýtt eða gamalt. Því

er góð regla að tengja sjónvarpið í millistykki með slökkvavara og slökkva þannig eftir notkun hverju sinni.

Ljós í barnaherbergi verða sífellt skrautlegri og stærri. Röng stærð eða gerð á peru getur orsakað bruna vegna hitans sem myndast í ljósa-stæðinu og því er mikilvægt að velja rétta peru í ljósið.

Notkun á gaseldavélum hefur aukist mikið undanfarin ár. Nauðsynlegt er að velja alltaf viðurkenndan búnað og láta fagmenn um uppsetningu vélanna heima fyrir. Logavörður er nauðsynlegur öryggisbúnaður og ef gaskútur er geymdur inni í skáp er nauðsynlegt



Það er gaman að elda með gasi en huga þarf að öryggi. að koma gasskynjara fyrir sem næst gólfi. Góð regla er að láta fagmenn yfirfara tækin reglulega og mælt er með því að skipta um slöngur á fimm ára fresti.

STOMP



„Sannir sviðstöfrar“

Sunday Telegraph

Eldborg — sýnt í desember

Harpa kynnir STOMP í samstarfi við Stomp Productions og Glynis Henderson Productions

Sýningin sameinar leikhús, dans og hryntónlist og hefur farið sigurför um heiminn. Býðst Íslendingum nú tækifæri til að sjá þetta magnaða sjónarspil hér á landi — ferskara og hraðara en nokkru sinni!

Miðasala á midi.is og harpa.is

www.harpa.is/stomp

ICELANDAIR er aðalstyrktaraðili Hörpu

Arion banki

Graníthöllin

Legsteinar

Allt innifalið!
Tilboð út nóvember
á legsteinum ásamt
beðramma og fylgihlutum



Einnig til í Paradiso (Brúnleitt)

Fullt verð: 475.000,-

Tilboð: 325.000,-



Einnig til í Shanxi Black (Svart)

Fullt verð: 400.000,-

Tilboð: 278.000,-



Eingöngu til í Shanxi Black (Svart)

Fullt verð: 515.000,-

Tilboð: 349.000,-

Innifalið í tilboði:

Beðrammi, undirlag og hvít möl.

Granítlukt, fjölnota batterískerti og granítvasi.

Áletrun sem og ein ígráfin mynd t.d. kross, rós o.fl.

Uppsetning á höfuðborgarsvæðinu og nágrannabyggðalögum og einnig þökkun fyrir landsbyggðina.



Lukt

Vasi

Kerti

Beðrammi

ATH!
Setjum upp
legsteina allt árið!

Dæmi um uppstillingu



Einnig bjóðum við 20% afslátt
af öllum öðrum legsteinum



Graníthöllin
Bæjarhrauni 26
220 Hafnarfirði
Sími 555-3888
www.granithollin.is

smáauglýsingar

FRÉTTABLAÐIÐ

smaar@frettabladid.is / visir.is

512 5000

Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opin alla virka daga frá 8-17

Allar smáauglýsingar vikunnar á visir.is

BÍLAR & FARARTÆKI

BÍLAHÖLLIN

S: 567-4949



BMW X5 e.0D E70 Diesel 6/2009 ek.47þús. Sjálfskiptur. 1 eigandi. Nýkominn úr 45þús km skoðun. Umboðsbíll. Ökutæki er í sal. Ásett verð 8.590.000.- Rnr.310554



Toyota Land Cruiser 120 Gx Diesel 4/2007 ek.122þús. Sjálfskiptur. Búið að skipta um spíssa. 1 eigandi. Dráttarbeiðsi. Ný dekk. Ásett verð 5.290.000.- Rnr.310333



Honda Civic 5DR 3/2013 ek.27þús. Sjálfskiptur. Bakmyndavél. 17" Álfelgur. Loftkæling. Mjög fallegur bíll. TILBOÐSVERÐ 2.990.000.- Rnr.310603



Toyota Corolla S/D Sol 1/2004 ek.120þús. Sjálfskiptur. Nálægðarskynjarar. Allt nýtt í bremsum. Ásett verð 1.090.000.- Rnr.104219



VORTEX heithúðun á allargerðir pallbílur og fleira upplýsingar í Bílaryðvörn sími 587-1390.

Bílahöllin
Bíldshöfða 5, 112 Rvk
Sími: 567 4949
www.bilahollin.is

bilaborg.is
Sími: 517-1111



AUDI A6 3.2 new Quattro bíluð vél. Árgerð 2005, ekinn 146 PKM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.590.000. Rnr.133528. Rétt ásett verð 2990 þús. Upp síma 696-1001 . Bifreiðin er staddur á eðalbílum.

Bílaborg
Stórhöfða 26, 112 Reykjavík
Sími: 517 1111
http://www.bilaborg.is

Bílalíf



TILBOÐ 2.390.000.-

BMW M5 401 HÖ. Árgerð 1999,ek. aðeins 146.þ km,6 girar,hrikalega vel með farinn,nýjar M5 felgur og bremsur,ný öllu á öllu,er á staðnum. Rnr.104009.S:562-1717.



M.BENZ SPRINTER 313 CDI 4X4 - 9 MANNNA.Árg.'06,ek.aðeins 115.þ km,einn eigandi,lítur vel út,háþekja,5 gjra,er á staðnum.Rnr.104036. S:562-1717.

Bílalíf
Klettháls 2, 110 Reykjavík
Sími: 562 1717
Opíð virka daga 10-18
www.bilalif.is



TOYOTA
Notaðir bílar Kletthálsi
Sími: 570 5220
www.toyotakletthalsi.is



TOYOTA Yaris hybrid. Árgerð 2013, ekinn 15 PKM, bensín, sjálfskiptur. Verð 3.160.000. Rnr.181352. uppl. í síma 570-5220 Toyota Kletthálsi

Notaðir bílar Kletthálsi
Klettháls 2, 110 Reykjavík
Sími: 570 5220
Opíð virka daga 9-18, lau 12-16.
www.toyotakletthalsi.is



KRÓKUR

Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt.

Krókur
Sími: 522 4600
http://www.krokur.net

STÓRA BÍLASALAN



Range Rover Sport HSE Árgerð 2006, ekinn 109þ.m. Allur nýfirfarinn hjá Eðalbílum. Ný dekk. Flott eintak! Verð 3.990.000kr. Raðnr 155443. Sjá nánar á www.stora.is

Stóra bílasalan
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 5861414
Myndefirlit á plani
http://www.stora.is

Ellingsen



Lynx 600rs Árgerð 2008 120" Ekinn 2300km Verð 890.000.-



Polaris sks 800 Árgerð 2003 144" Rafstart & töskur Ekinn 4500 km Verð 490.000.-



Lynx Xtrim 800 Árgerð 2008 144" Rafstart,negldur,stýrishækun. Ekinn 5200 km Verð 990.000.-

Ellingsen
Fiskilóð 1, 101 Reykjavík
http://www.ellingsen.is



KIA Ceed w/g ex 1.6 new diesel beinsk.. Árgerð 2012, ekinn 19 PKM, dísel, 6 girar. Verð 3.890.000. Rnr.990498. 6 ár eftir af verksmiðjuábyrgð.



MERCEDES BENZ B 200 cdi blue efficiency. Árgerð 2012, ekinn 4 PKM, dísel, sjálfskiptur. Verð 5.490.000. Rnr.160815.



VW Touareg v6 diesel. Árgerð 2006, ekinn 134 PKM, dísel, sjálfskiptur. Verð 4.190.000. Rnr.160827.



TOYOTA Land cruiser 150. Árgerð 2011, ekinn 46 PKM, dísel, sjálfskiptur. Verð 8.490.000. Rnr.990597.

ASKJA notaðir bílar
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 590 2160
www.notadir.is



KLÁRT Í SNJÓINN

CAN-AM Outlander 800 max götuskráð. Árgerð 2007, ekinn 7 PKM krókur töskur Auka felgur með stærri dekkjum fylgja Verð 1.680.000. lán 1.100.000 Rnr.124174.



2012 ÁRGERÐ BESTA VERÐINU

TOYOTA Auris terra. Árgerð 2012, ekinn 53 PKM, bensín, 6 girar. Verð 2.580.000. lán 1.920.000Rnr.194037.

Bill.is
Sími: 577 3777
www.bill.is



MMC Pajero. Árgerð 2009, ekinn 75 PKM, dísel, sjálfskiptur. Verð 5.950.000. Rnr.100308.

Hekla Söluumboð
Njarðarbraut 13, 260
Reykjanesbæ
Sími: 420 3040
www.heklarnb.is



VANTAR ALLAR GERÐIR BÍLA Á SKRÁ OG Á STADINN!! Komdu til okkar, sendu okkur mail á 100bilar@100bilar.is eða hringdu í síma 5179999, Skráðu bíllinn frítt hjá okkur. Kíttu á www.100bilar.is

100 bílar ehf
Pverholt 6, 270 Mosfellsbær
Sími: 517 9999
Opíð virka daga 10-18.00 og laugardögum 11-15.
www.100bilar.is

Bílar til sölu



Nærri 50% Lægra Verð!
Nissan Leaf
Tilboð frá Kr. 2.995.000!
Rafmagn og Bensín. Nissan Leaf Rafbíll frá 2.995þ, Ford Focus Rafbíll frá 3.995þ, Chevrolet Volt Raf+Bensín frá 3.995þ Toyota Prius Plug-in Raf+Bensín frá 3.995þ, Toyota RAV4 Tesla rafbíll frá 4.995þ. Útsölutilboð á sýningabílum, eftirársbílum, rafbílum, metan/bensín/díselbílum. Íslensk ábyrgð og allt að 100% fjármögnun í boði. islandus.is - S.522000.



Rafmagn og Bensín. Nissan Leaf Rafbíll frá 2.995þ, Ford Focus Rafbíll frá 3.995þ, Chevrolet Volt Raf+Bensín frá 3.995þ Toyota Prius Plug-in Raf+Bensín frá 3.995þ, Toyota RAV4 Tesla rafbíll frá 4.995þ. Útsölutilboð á sýningabílum, eftirársbílum, rafbílum, metan/bensín/díselbílum. Íslensk ábyrgð og allt að 100% fjármögnun í boði. islandus.is - S.522000.

0-250 þús.

Peugeot 306 Station. Ek. 153þús. Árg. '99. V. 120þús. Skoðaður ,14. S. 864 6489

500-999 þús.



PESSI ELSKAR SNJÓINN!

JEEP LIBERTY RENEGADE 4X4 2002 ek.145 þús km. ný vetrardekk, kastarar,toppluga, millikassi með val um afturhjuladrif og 4x4 og lágt drif, mjög flott eintak! ásett verð 1100 þús TILBOÐ 890 ÞÚS möguleiki á 100% láni visa/euro s.841 8955



4X4 GLÆNÝ VETRARDEKKI
SUZUKI GRAND VITARA 2.0 árg' 98 ek.180 þús, beinskíptur, skoðaður 14, hiti í sætum, ný vetrardekk! verð 550 þús möguleiki á 100% visaeuro láni s.841 8955

Bílar óskast

BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.

Má þarfnast lagfæringa.
Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.

Sendibílar



Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

Bátar



STRANDVEIÐIBÁTUR TIL SÖLU.

TILBOÐ ÓSKAST.
DNG rúllur Viking 700 - dekkadur. Nonni KE 151 / 7196 Yanmar 75 hp 24 V kerfi, lagt fyrir 3 vindum. VHF, radar, dýptarmælir, sjálfstýring, STK. Verð 7.9 millj. Ymis Skipti koma til greina. Tilboð óskast Uppl síma 696-1001

Varahlutir

SMÁPARTAR.IS

Eigum orðið mikið úrval notaðra varahluta í Subaru, Skoda, Suzuki, Nissan, Opel, Volkswagen, Kyrón, Mitsubishi, Honda, Peugeot, Renault, Ford Escape. Uppl. á Smápartar.is eða í s. 567 5040/ 7785040

til sölu



Bátur til sölu

Til sölu m.b. Kiddi RE 89 (2488)
Oppl. gefur Amar í síma 8939742 og amar@imj.is.

VW - SKODA - VARAHLUTIR

Eigum varahluti í VW, Skoda og Audi og Pajero frá '02 Kaupum bíla til niðurrifs og uppgerðar. Bílabúið, Kaplahrauni 11 220 hfj. S. 534 1045.

JAPANSKAR VÉLAR BÍLAPARTASALA

Eigum úrval varahluta í Japanska og Kóranska bíla og fleiri teg. Kaupum flestar tegundir bíla. Opíð 8-18 virka daga. S. 565 3400 & 893 2284. www.japanskvarelar.is / www.carparts.is japvel@carparts.is

VÉL ÓSKAST

Óskast í Toyota Avensis árg 2002. Uppl. í s. 564 2488

Hjólbarðar



FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ
Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

Viðgerðir

AB BIFREIDAVERKSTÆÐI

Get bætt á mig öllum teg. bíla til viðgerða. Þar á meðal þúvstíðgerðir, bremsur og allar viðgerðir. Uppl. s. 555 6020.

ÞJÓNUSTA

Pípulagnir

VANTAR ÞIG PÍPARA ?
Getum bætt við okkur verkefnum, viðgerðir, viðhald og nýlagnir. Vönduð vinnubrögð. Tilboð/íformavinna. Uppl. í s. 869 4808 Heimslagnir ehf.

FAGLÆRÐIR PÍPARAR

Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

PÍPULAGNIR

Faglaerðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 663 5315.

Búsíðaflutningar

Ert þú að flytja? Búsíðaflytja, fyrirtækjaflytja, planófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikael S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Hreingerningar



Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþj. - Þrif eftir iðnaðarmenn thevgillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

A-Ö ÞRIF&HREINLÆTI

Hreingerningar, Flutningsþj. Gólfbónun, Teppahreinsun og Húsgagnahreinsun.

Bókhald

BÓKHALD OG SKATTFRAMTÖL

Fyrir einstaklinga, einyrkja og félög. Aralöng reynsla. Dignus ehf - dignus.is - s: 699-5023.

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Forlagið með flesta bókartitla

Útgáfufyrirtækið Forlagið gefur út flesta bókartitla fyrir þessi jól eða um 21 prósent af þeim titlum sem nefndir eru í Bókatiðindum 2013. Bækur fyrirtækisins eru seldar undir merkjum JPV, Máls og menningar, Vöku-Helgafells og Iðunnar.

Forlagið varð til árið 2008 með samruna tveggja fyrirtækja, JPV útgáfu ehf. og Vegamóta ehf. Samkeppniseftirlitið taldi þá nauðsynlegt að setja fyrirtækinu ýmis skilyrði svo samruninn myndi ekki skaða samkeppni á íslenskum bókamarkaði og fyrirtækið tók þátt í að móta þau.

Tveimur árum síðar lagði Samkeppniseftirlitið 25 milljóna króna stjórnvaldssekt á Forlagið vegna brota gegn tveimur skilyrðum.

Stjórnendur fyrirtækisins voru ósáttir við þá ákvörðun og skutu henni til áfrýjunarnefndar samkeppnismála. Nokkrum mánuðum síðar staðfesti nefndin að Forlagið hefði framið umrædd brot. Þá ákvað Forlagið að kæra ákvörðunina til Héraðsdóms Reykjavíkur þar sem málið er nú til meðferðar.

„Það voru kvaddir til dómkvaddir matsmenn sem hafa nú skilað greinargerð sinni og næsta þinghald verður um miðjan desember. Okkar skoðun er einfaldlega sú að ákvörðun

áfrýjunarnefndar og Samkeppniseftirlitsins hafi verið röng og því kærðum við,” segir Egill Örn Jóhannsson, framkvæmdastjóri Forlagsins.

Þá Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins, segir að stofnunin hafi nú til skoðunar hvort tilefni sé til að gera breytingar á áður nefndum skilyrðum eða fella þau niður.

„Það er núna til athugunar hvort Forlagið sé enn í markaðsráðandi stöðu eins og við töldum vera við samrunann,” segir Páll.



PÁLL GUNNAR PÁLSSON



JÓLABÓKAFLÓÐIÐ HAFIÐ Um sjö hundruð bókartitlar eru til sölu fyrir þessi jól samkvæmt skráningu Félags íslenskra bókaútgefenda. FRÉTTBLAÐIÐ/VALLI



HUGINN ÞÓR GRÉTARSSON, framkvæmdastjóri Óðinsauga

Sala sumarsins svipuð og jólavertíðin í fyrra

Huginn Þór Grétarsson, framkvæmdastjóri Óðinsauga útgáfu, gefur út 35 bækur á þessu ári. Hann hefur rekið fyrirtækið í um fjögur ár og aðallega sérhæft sig í útgáfu barna- og unglingsbóka.

„Í fyrra var ég með um átján til tuttugu bækur og árið þar á undan var ég með um tíu bækur. Útgáfan hefur því tvöfaldast milli ára. Þrátt fyrir það hefur þessi bókamarkaður verið svolítið erfiður undanfarin ár. Styrkleiki minn er sá að ég er ekki með mikla yfirbyggingu eða gamlar syndir og mér hefur því gengið ágætlega að vaxa,” segir Huginn.

Spurður hvort það hafi verið erfitt fyrir lítinn einyrkja að komast í hillur bókaverslana segir hann að það hafi ekki verið auðvelt í fyrstu.

„Það er mjög erfitt í rauninni að réttlæta dreifingu á einni til tveimur bókum. En eftir því sem á leið byggði maður upp samstarfsflötinn og þetta stækkaði ár frá ári. Eymundsson er langmikilvægasti smásöluaðili minn á ársgrundvelli og ég er með allar mínar bækur þar. Það sama má segja um Hagkaup og A4 og það má ekki gleyma þessum stöku búðum eins og Iðu og Máli og menningu. Svo koma stórmarkaðirnir eins og Bónus og Nettó og þeir eru meira að einblína á að velja rjómann fyrir jólin.”

Huginn segir að hann hafi markvisst reynt að gefa óþekktum íslenskum rithöfundum tækifæri til að gefa út bækur.

„Margir áttu engan séns á að gefa út barnabækur hjá öðrum útgefendum ef þeir voru ekki búnir að skapa sér nafn fyrir kreppu,” segir Huginn.

„Árið í ár vekur manni væntingar því sumarið var gríðarlega gott og fór að slaga upp í jólavertíðina í fyrra. Ég sé því fram á að þetta verði mjög góð jól fyrir útgáfuna.”

ÞÚ VELUR LENGRI LEIÐINA HEIM

NÝR VOLVO XC60

AUKIÐ AFL OG MEIRI SPARNEYTNI



VOLVO XC60 AWD
VERÐ FRÁ 8.790.000 KR.
VOLVO.IS

Njóttu ferðarinnar til botns í einstakri hönnun og skandinavískum lúxus. Margverðlaunaða öryggiskerfið Borgaröryggi er staðalbúnaður í Volvo XC60. DSTC stöðugleikastýrikerfið leiðréttir mistök í akstri og CTC beygjuspólvörmin gerir þér kleift að taka beygjur á meiri hraða, með aukinni mykt og öruggar en áður. Veghæðin er heilir 23 cm undir lægsta punkt.

KOMDU OG SKOÐAÐU NÝJAN VOLVO XC60 Í BRIMBORG Í DAG. OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17 OG LAUGARDAGA KL. 12-16.

Brimborg Reykjavík: Bildshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050 | volvo.is

Volvo XC60 AWD, D4 dísil, 20 ventlar, 5 strokkar, 181 hö, tog 420 Nm, sjálfskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 6,4 l/100 km. CO₂ 169 g/km. Brimborg og Volvo áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.



Gluggi opnast með nýjum námsskrám

Stöðugur barningur er að laða að fjárfesta sem stutt geta við vöxt og útrás Mentors. Fyrirtækið er með góða fótfestu hér og í Svíþjóð. Reynt er að sæta lagi í útrás við innleiðingu nýrra námsskráa í öðrum Evrópulöndum.

FRÉTTAVIDTAL

Óli Kristján Ármannsson | olikr@frettabladid.is

Viðmótsbreyting sú sem nýverið var gerð á Mentor-námsumsjónarkerfinu er fyrsta skrefið í að innleiða nýja kynslóð hugbúnaðarins. Í nýrri útgáfu er að sögn Vilborgar Einarsdóttur, framkvæmdastjóra Mentors, að finna allmikla viðbót við kerfið og nýjar einingar.

„Við byrjuðum á Íslandi, en viðmótið fyrir foreldra og nemendur er að koma út í öllum löndum. Síðan erum við að sérsníða kerfið að nýrri íslenskri aðalnámsskrá,“ segir Vilborg. Í þeirri vinnu segir hún líka byggt á aðlögun kerfisins að nýrri námsskrá Svía, Breta og Svisslendinga.

Ný kynslóð á nýju ári

„Við erum að gera kerfi sem getur aðlagast mismunandi námsskrám. Námsskráin er að segja má hjartað í kerfinu okkar og um hana snúast verkferlarnir í skólunum.“ Innleiðingu nýrrar námsskrár hér segist Vilborg telja eitt af mikilvægustu verkefnum þjóðarinnar. „Í grunninn snýst þetta um hvers konar nám við viljum veita börnunum okkar og hvers konar hæfni við viljum að börnin okkar búi yfir þegar þau koma út í lífið. Þetta snýst um framtíð lands og þjóðar, ekki bara einhver verkefni inni í ráðuneyti.“

Vilborg segir von á fyrstu einingum nýju kynslóðarinnar fyrir íslenska skóla í byrjun næsta árs. „Þetta kerfi hefur þegar verið tekið í notkun í Bretlandi og verður tilbúið í ágúst í Svíþjóð, en innleiðing er mislangt komin eftir mörkuðum.“

Fimmtungshlutur í Svíþjóð

Kerfið segir Vilborg hins vegar svo öflugt að það standi undir fleiri milljónum notenda.



NÝTT VIÐMÓT MENTORS Fyrsta skrefið í innleiðingu á nýrri kynslóð námsumsjónarhugbúnaðar Mentors var breyting á viðmóti í vefumhverfi notenda.

MYND/SKJÁSKOT

„Við hugsum þetta sem kerfi sem hægt er að fara með til Evrópu og erum að gera það.“ Núna er Mentor hins vegar starfandi í fimm löndum og sinnir um hálfri milljón notenda. „Við erum að stíga fyrstu skrefin inn á markaði eins og Bretland, Þýskaland og Sviss. Í Svíþjóð erum við í sterkri stöðu með um 20 prósentu markaðshlutdeild.“

Tækifæri Mentors segir Vilborg hins vegar byggjast á þeim breytingum sem unnið er að í kennslumhverfi landanna og það kalli á auknið utanumhald kennara. Núna sé í auknum mæli notast við margvíslega nýmiðlun, rafræn kennslugögn, öpp og netið auk bóka. „Þeir eru að breyta námsskrám sínum og þá opnast gluggi til að koma inn á markaðinn með nýja og ferska lausn sem byggist á þekkingu frá fimm löndum.“

Keppinautarnir segir Vilborg að séu mestanpart staðbundin fyrirtæki, en sérstaða Mentors felist í víðfeðmari nálgun þar sem nýtt sé þekking á fleiri mörkuðum og svæðum. Núna segir Vilborg áherslu lagða á markaði þar sem fyrirtækið hafi náð fót-



VILBORG EINARSDÓTTIR Fyrirtæki í örum vexti þarf stöðugt að vera á höttunum eftir fjármagni til að standa undir útpenslu starfsmanna. Vilborg segir að nú sé kerfið til, það sem vanti sé fé til kynningar og markaðsstarfs.

FRÉTTAHLAÐIÐ/DANIEL

festu en stefnan sé hins vegar á starfsemi á heimsvísu.

Peninga þarf í uppbyggingu

„Tækifærin eru þarna. Í geiranum er gríðarlegur vöxtur, eins og sést til dæmis á notkun nýrrar tækni, hvort sem það eru spjaltdölvur eða krakkar að nota símana sína. Til þess að tryggja að unnið sé eftir markmiðum aðalnámsskrár í þessu nýja umhverfi þarf kerfi sem nær utan um alla þessa hluti.“

Vilborg segir stefnuna hjá Mentor setta á áframhaldandi uppbyggingu og það kalli á fjármagn. „Við erum eitt af þessum svokölluðu vaxtarfyrirtækjum með gríðar-

lega möguleika og erum að fjárfesta bæði í lausninni og í sókn inn á ný markaðssvæði.“ Að tryggja fjármagn til vaxtar geti aftur á móti verið þungur róður á stundum. „Við erum í þeirri stöðu að vera háð gjaldeyris-höftum og það er snúið fyrir erlenda fjárfesta. Svo erum við eitt af þessum fyrirtækjum sem geta bara tekið út vöxt á erlendum mörkuðum.“ Því sé fjárþörf, en það sé viðvarandi slagur. Fyrirtækið sé að verða komið með tæknilausnina, sem sé mikilvægt fyrir fjárfesta, en nú vanti fjármagn í sölu og markaðssetningu. „Og það er náttúrulega draumur fjárfesta að koma inn í þannig fyrirtæki.“

Nauðsyn að þjálfra bæði líkama og huga

Hrund Rudolfsdóttir tók nýverið við starfi framkvæmdastjóra Veritas. Meðal helstu áhugamála hennar eru hestamennska, bridds og veiði og ef henni gæfist meiri tími myndi hún vilja eyða meiri tíma í sumarbústað í Borgarfirði.

SVIPMYND

Samúel Karl Ólason | samuel@frettabladid.is

Hrund Rudolfsdóttir er framkvæmdastjóri Veritas og tók hún við því starfi 15. október sl. „Þetta er gott fyrirtæki að starfa hjá og starfsandinn er mjög skemmtilegur. Veritas er móðurfélag fjögurra fyrirtækja, Vistor, Distica, Artasan og Medor, sem öll eru tengd lyfja- eða heilbrigðismálum,“ segir Hrund. Hún er menntaður viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands og útskrifaðist 1994. „Svo fór ég til Kaupmannahafnar og fór í mastersnám í alþjóðaviðskiptum hjá Copenhagen Business School.“ Hún bjó svo í Kaupmannahöfn í sjö ár áður en hún kom aftur til Íslands og hóf störf hjá Lyfjum og heilsu.

Hún vann áður hjá Lyfjum og heilsu um árabíl, fyrst sem rekstrarstjóri og svo sem framkvæmdastjóri. „Þar sem ég var áður í lyfjageiranum er hægt að segja að ég sé komin aftur heim. Einnig var ég í stjórn Veritas í fjögur ár áður en ég kom til starfa sem framkvæmdastjóri. Það er gott að koma inn í félag sem maður hefur haft kynni af áður, bæði sem viðskiptavinur og stjórnarmaður. Ég þekki ýmsa hluti og get þá einbeitt mér betur að fólkinu, ferlunum og að kynnst innviðunum.“

Áður en hún hóf störf hjá Veritas var Hrund

framkvæmdastjóri starfsþróunar hjá Marel, þar sem hún vann frá ársbyrjun 2009. „Það var góður tími með frábæru samstarfsfólki, sem ég gekk með í gegnum umfangsmikið sameiningarferli Marel og Stork og það var mjög skemmtilegt.“

Hrund er gift Kristjáni Óskarssyni og saman eiga þau þrjár dætur. Helsta áhugamál hennar er hestamennska en þau hjónin eiga hesta. „Ég spila líka bridds. Maður þarf bæði að þjálfra líkama og huga. Mér finnst gaman að lesa og er í bráðskemmtilegum bókaklúbbi. Ég hef líka gaman af laxveiði og í rauninni veiði almennt. Seinustu árin var ég farin að ganga á fjöll, en er í pásu frá því þar sem ég sleit krossband fyrir mánuði. Svo á ég sumarbústað í Borgarfirði og ef ég gæti myndi ég eyða meiri tíma þar. Það er rosalega gott að vera í sveitinni. Æðisleg staðsetning örstutt frá bænum. Það stutt að maður vilar ekki fyrir sér að keyra fyrir eina nótt.“

Aðspurð hvernig Hrund varð fyrir slíkum meiðslum segir hún: „Maður á ekki að láta plata sig í fótbolta þegar maður er komin yfir fertugt og ákveða svo að tækla einhvern. Það gekk ágætlega fyrir sig þegar ég var 16-18 en eftir fertugt er það ekki góð hugmynd. Ég sleit krossbandið á mínum seinustu dögum hjá Marel, í góðgerðarfótbolta fyrir SOS barnaþorp. Þannig að ég fórnaði krossbandinu fyrir góðan málstað. Ég get huggað mig við það.“



HRUND RUDOLFSDÓTTIR, framkvæmdastjóri Veritas.

ALDREI LOGNMOLLA Í KRINGUM HRUND



ÁSRÚN RUDOLFSDÓTTIR, gæðastjóri Vegagerðarinnar.

„Ég gæti ekki óskað mér betri litlu systur en Hrund er. Þegar hún var yngri var hún býsna ákveðin, svo ekki sé meira sagt og til nokkrar sögur af því. Hún hefur mikið keppnisskap og er metnaðarfull í öllu því sem hún tekur sér fyrir hendur, vill gera alla hluti vel. En hún ber líka umhyggju fyrir öðrum, fjölskyldu og vinum, og sinnir þeim vel og vinnuhópurinn er stór. Það er sannarlega aldrei lognmolla í kringum hana Hrund, alltaf eitthvað skemmtilegt í gangi.“

KEMUR TIL DYRANNA EINS OG HÚN ER KLÆDD



HREGGVIDUR JÓNSSON, forstjóri Veritas Capital.

„Ég er búinn að þekkja Hrund í u.þ.b. tíu ár en við kynntumst fyrst í gegnum vinnuna þegar við tókumst aðeins á við samningaborðið. Hrund er mjög heilsteypt og traust. Hún nálgast öll mál af mikilli yfirvegun og vinnur sína heimavinnu vel. Hrund hefur öðlast viðtæka reyngu í stjórn og rekstri fyrirtækja sem gerir það að verkum að hún er vel læs á fólk, rekstur og fjármál. Hún er hress og skemmtileg og kemur til dyranna eins og hún er klædd.“

FRÁBÆR SAMSTARFSFÉLAGI



SIGSTEINN GRÉTARSSON, aðstoðarforstjóri Marel.

„Það er ansi margt hægt að segja um Hrund. Hún er mjög skipulögð. Fljót að greina aðalatriðin frá smáatriðum og afkastamikil. Hún er góður stjórnandi, sem á auðvelt með að fá fólk til að vinna með sér og leiða teymi. Hún er mjög útsjónarsöm og er fljót að setja sig inn í hlutina. Hrund er frábær samstarfsfélagi, mikill hómoristi og mjög skemmtileg.“



GÆÐIN SKIPTA ÖLLU MÁLI

Í hörðum diskum skiptir mestu máli að þeir séu traustir og standist ítrustu gæðakröfur vélbúnaðarins. Fyrirtækjasvið Tölvulistans flytur inn þúsundir diska fyrir fyrirtæki í hverjum mánuði frá Seagate, WesternDigital, Toshiba og Hitachi. Heimspékkir framleiðendur með allt frá hefðbundnum hörðum diskum upp í Enterprise level diska fyrir netþjóna.

ER ÞITT FYRIRTÆKI AÐ BORGJA OF HÁTT VERÐ FYRIR HARÐA DISKA ?

Harðir diskar eru stór hluti rekstrarkostnaðar tölvudeildar hvers fyrirtækis. Við kunnum ekki að leggja eins mikið á diskana eins og margir samkeppnisaðilar okkar. Hvað sem vélbúnaðurinn heitir og hvaða kröfur sem hann gerir til diska, þá erum við líklegir til að geta útvegað sambærilega eða betri diska á lægra verði.

FÁÐU TILBOÐ

Það sakar ekki að skoða hvaða diska og verð við getum boðið þér. Leyfðu fyrirtækjaráðgjöfum okkar að gera þér tilboð sem þú átt erfitt með að hafna í síma 414-1710. Við lofum að gleðja fjármálastjóran þinn.

tl.is



TOSHIBA HITACHI

FYRIRTÆKJAFJÓNUSTA



Klemmdar rasskinnar

Í boði um daginn steig kona fram og ræddi af dauðans alvöru um klemmdar rasskinnar. Hún dró upp mynd af manneskju með stífan afturenda, afleiðingar dómhörku og ósveigjanleika viðkomandi. Skila-boðin voru þau að með minni áreynslu næðum við betri árangri. Frásögnin vakti kátínu en einnig til umhugsunar og skildi eftir sig bæði mynd í huganum og tilfinningu í kroppnum sem fylgdi manni út í kvöldið.

Indra Nooyi

Sömu áreynslulausu skilaboð sendi Indra Nooyi, forstjóri PepsiCo, frá sér í erindi sínu á hátíðarfundum Ólgerðarinnar í byrjun mánaðarinnar. Þar ræddi hún um samfélagslega ábyrgð fyrirtækisins en fór síðan á kostum þegar hún lýsti stjórnunaraðferðum sínum og sagði frá verkefnum sem hún hefur staðið frammi fyrir ásamt því hvernig hún lagði til atlögu við þau. Indra er ein af valdamestu konum heims og var það hvalreki fyrir íslenskt viðskiptalíf að heyrna í henni. Hún lagði áherslu á að til að ná árangri þyrftu hugur, hjarta og hönd að vinna saman.

Auðmjúk

Hjartað verður að vera með í því sem þú gerir annars er það ekki satt, sagði hún. Aðspurð hvort hún teldi að aðferðir hennar væru til komnar af því að hún væri kona svaraði hún því til að hún spáði ekkert í það því hún gerði þetta af sannfæringu. Hún tók dæmi af bréfi sem hún sendir foreldrum starfsmanna sinna þegar tilefni er til, þar sem hún þakkar þeim fyrir þann góða einstakling sem þau hafa alið af sér og lýsir hvernig eiginleikar hans/hennar nýtast í starfi. Hún er auðmjúk gagnvart starfsfólkinu og leggur sitt af mörkum til að hjálpa því að ná árangri og þróa persónulega hæfni sína sem aftur hjálpar fyrirtækinu að vaxa. Áhugavert ekki satt?

Fjölbreytni

Í septemberblaði Harvard Business Review birtist rannsókn á 24 forstjórum og árangri þeirra mældum út frá fjölbreytileika. Forstjórnir voru sammála um að fjölbreytileiki væri nauðsynlegur bæði út frá viðskiptalegum og menningarlegum sjónarmiðum. Mörg þeirra mæla fjölbreytileikann í sérstakri fjölbreytileikavísitölu í þeirri vísu að það sem er árangursmælt sé framkvæmt. Þau segja lykilatriði í að vekja áhuga kvenna á fyrirtækjum sé að hafa konur meðal stjórnenda og leiðtoga fyrirtækjanna því það tryggi fjölbreytileika og betri árangur. Einfalt? Lærum af valdamesta fólki heims. Gætum að fjölbreytileika með sannfæringu og auðmýkt að leiðarljósi, látum hug, hjarta og hönd leiða okkur og byggjum þannig upp öflugt viðskiptalíf, það einfaldlega virkar.

Börn á Filippseyjum þurfa þína hjálp – NÚNA



Sendu sms-ið barn í númerið 1900

til að styrkja neyðarstarf UNICEF um 1.900 krónur

Söfnunarreikningur

701-26-102040
kt. 481203-2950

www.unicef.is

unicef

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is



S A F T



Málarar

MÁLARAMEISTARI

Við tökum að okkur alla almenna málningsvinnu f. húsfélag, einstaklinga og fyrirtæki. Fagmennska og sanngjarnt verð. Uppl. í s. 868 5171 & egillsverris@gmail.com

MÁLNINGARÞJÓNUSTA REYKJAVÍKUR

20% afsláttur fyrir eldri borgara og öryrkja. Frítt verðtilboð. Alhliða málningsþjónusta. S. 778 0100.

HIMNAMÁLUN

Gerir tilboð í allt sem tengist málningsvinnu og sandsparsli. Heiðarleiki, fagmennska og sanngjarnt verð. Himnamálun Hilmar Sigurðsson málarameistari S: 851-1960. himnamalun@gmail.com

REGNBOGALITIR MÁLNINGARÞJÓNUSTA

Getum bætt við okkur verkefnum. Uppl. s. 891 9890. malarar@simnet.is

Húsviðhald

VIÐHÁLD
fasteignaviðgerðir

Viðhald og viðgerðir fasteigna fyrir fyrirtæki, húsfélög og einstaklinga.

- murviðgerðir • pipulagnir
- þakviðgerðir • rafslagnir
- málningsvinnu • flisalagnir
- tresmiðvinnu • jarðvinnu
- gluggaskipti • heiluvagnir
- glierskipti

Sími 567 6699
kristjan@vidhald.is

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagning og tresmiði, nýsmíði á gluggum og ísetningu. Föst tilboð eða tímavinna. S. 616 1569.

Byggingarvinna á góðu verði. Góð gæði, vinnu um helgar og á kvöldin. Uppl. í S. 771 8013

STRÚCTOR BYGGINGARÞJÓNUSTA EHF.

Flisalagnir - Múrverk - Flotun. Áratuga reynsla. Þorsteinn s. 893 6994

LEKUR PAKIÐ ?

Pakpappalagnir / Pakviðgerðir. Á steypt og timbur þök. Mikil reynsla, meðmæli geta fylgt. s. 8498700.

Spádómar

SPÁSÍMI 908-6116

Ástir, fjármál & heilsa.

661 3839 - SÍMASPÁ

Opið frá kl. 14 alla daga.

SPÁSÍMINN 908 5666

Stjórnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Spái í tarot og bola. Uppl. í s. 894 7494

KEYPT & SELT

Til sölu

www.stolpiehf.is
Geymslugámar
til sölu og leigu
Stólpi Gámar ehf
Kletttagörðum 5 | Sími 568 0100



HITAVEITUSKELJAR OG LOK
Eigum til Hitaveituskeljar til afgreiðslu strax. Staærð 210x210cm. 1650 lítrar. Byggaðar úr trefjagleri. Sterkustu og vönduðustu hitaveituskeljar á markaðnum í dag. Litir: Svört og Moonscape. 100% sjálfbærandi skeljar. Eigum lok á lager fyrir rafmagnspotta og hitaveituskeljar. www.Heitirpottar.is Sími 777 2000, (Sogavegi 3, í verslun Fiskikóngsins)

Íslensk framleiðsla fyrir íslenskt veðurfar
Vandaðir krossar á leiði!
25% afsláttur
JS LJÓSSAMÍÐJAN
Skemmuveggi 34 - 200 Kóp. Sími 554 0661

Til sölu 12 volta leiðiskrossar með rafgeymi, einnig 24 volta og 32 volta vandaðir díóðuljósakrossar á leiði. JS Ljósasmíðjan ehf Skemmuvegur 34 (brún gata) 200 kóp. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502. Opið virka daga 8-18 og lau 10-16.

ÚTSALA Á KAMÍNUM
25% afsláttur
Littu við í verslun okkar eða kynntu þér úrvalið á heimasíðunni: www.normx.is
NORMX
Setlugar & kamínur
Aubreykkju 6 • 200 Kópav. • Sími 565 8899

HEILSA

Heilsuvörur

Árangur næst með Herbalife. Frítt lífstílsmat. Hringdu núna S. 896 4662 Edda Borg & www.lifstill.is

Ég náði árangri með Herbalife. Frítt lífstílsmat. Rannveig 862 5920, rkbald@simnet.is

Nudd

TANTRA NUDD

Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir þér, konur og karla. 112 Reykjav. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

Námskeið

ERFITT BARN EÐA UNGLINGUR?

Þá er hjartanærandi upplifun fyrir þig af því HNA umbreytir, byggir upp innri styrk, sjálfsmat og einbeitingu. Námskeið hefst í kvöld þriðjudag kl 19:30. Uppl. í s 615 2161 eða gretajondottir@internet.is

Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2011, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

HEIMILIÐ

Dýrahald

9 vikna toy poodle tók til sölu, ættbókarfærð hjá HRSÍ. uppl. í síma 692-7944 eftir kl. 16

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

2. herb. c.a 45fm íbúð á sv. 108 Vogahv. fyrir reglus., reykl. og barnlaust par eða einstakl. eldri en 30 ára. 105 þús. Uppl. í s. 898-7868 milli kl. 13-17.

BÍLSKÚR Í HLÍÐUNUM

20 fermetra bílskúr í 105 til leigu. Laus frá 1. desember. Óskað eftir amk árs leigutíma. Uppl. s. 856 5335 og 867 6625.

Til leigu glæsileg sérhæð í Mosfellsbæ, 212fm m. bílskúr. 3 svefnh. Laus frá 01. des. Uppl. í s. 699 3737 vatnsk@simnet.is

Húsnæði óskast

Óska eftir 4 herbergja íbúð til leigu frá 1 janúar eða febrúar Skilvisum greiðslum heitið Uppl. í síma 772-6658

Atvinnuhúsnæði

TIL LEIGU MIÐSVÆÐIS Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU AUBREKKU 25 (GAMLA TOYOTAHÚSIÐ)

150 - 1500 fm húsnæði sem hægt er að nýta sem lagerhúsnæði, fyrir léttan iðnað eða verkstæði. Óflugt lofttræstikerfi, niðurföll með olíugildrum, stórar innkeyrsludyr, allt að 4 metra lofthæð, greið aðkoma að húsnæðinu, matvöruverslanir, veitinga og kaffihús í göngufæri. Höfum einnig til leigu skrifstofur frá 20 fm

Allar nánari uppl. veitir Sverrir í s. 661-7000

TIL LEIGU SKRIFSTOFUR MIÐSVÆÐIS Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU NÝBÝLAVEGI 8 (GAMLA TOYOTAHÚSIÐ)

20 - 50 fm vel staðsettar skrifstofur eða skrifstofuhæðir 3 - 400 fm með glæsilegu útsýni, fjölmörg bílastæði, greið aðkoma að húsnæðinu, matvöruverslanir, veitinga og kaffihús í göngufæri. Möguleiki á að leigja stakar skrifstofur eða heila hæð.

Allar nánari uppl. veitir Sverrir í s. 661-7000



Höfum til leigu í þessu húsi ca 1100 fermetra þjónustu og iðnaðarhúsnæði á efri hæð. Húsnæðið er snyrtilega innréttað með móttöku rými og og góðri aðstöðu fyrir starfsmenn Uppl. síma 696-1001.

Gott 150fm atvinnulagerhúsnæði á góðum stað í Garðabæ til leigu. Einar innkeyrsludyr. Uppl. í s. 699 3737 vatnsk@simnet.is

Geymsluhúsnæði

WWW.BUSLÓDAGEYMSLA.IS
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sér geymslur frá 3.900.1 til 17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500.

GEYMSLUR.COM
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskilóð í Reykjavík. S. 555 3464

ATVINNA

Atvinna í boði

Óskum eftir starfsmanni í hlutastarf í sal og eldhús. 18 ára aldurstakmark. Áhugasamir sendið ferilskrá á rubyuesdayice@gmail.com Ruby Tuesday Höfðabakka & Skípholti.

Vantar aðila vanan húsamálun í tímabundin verkefni. Uppl. í síma 896 3982

TILKYNNINGAR

Einkamáll

Rauða Torgið
Sönn tilbreyting • Heit ævintýri
Stefnumót: 905-2000 • 535-9920
Konur, allt frítt í s. 555-4321
Karlar auglýsa frítt, 535-9922
Heitar kynslóður
905-2002 • 535-9930
Símadómur • Live spjall
908-6000 • 535-9999

Heitasta upptakan! Kamilla hjá Sexyceland.com hjóðritaði sjálfa sig fyrir Rauða Torgið. Upptakan er frábær og endaspjallurinn alveg magnaður! Hlustaðu núna í s. 905-2002 og 535-9930, uppt.nr. 8307.

Tvær fallegar ungar konur, vinkonur, vilja kynnastrá karlmanni. Rauða Torgið, s. 905-2000 og 535-9920, augl.nr. 8369.

Karlmáður, leitast þú kynf. tilbreytingar? 100% leynd, nýjar auglýsingar daglega í s. 905-2000 og 535-9920.

atvinna

Auglýst eftir framkvæmdastjóra

Hestamannafélagið Sprettur, sem er sameinað félag hestamanna í Garðabæ og Kópavogi með aðstöðu á Kjóavöllum, auglýsir eftir framkvæmdastjóra. Um er að ræða **50% starf** og er reiknað með að viðkomandi geti hafið störf um næstu áramót. Starfið felst m.a. í markaðssetningu og útleigu á fasteignum félagsins, færslu bókhalds, fjármálastjórn og öðru sem viðkemur rekstri þess. Ekki er gerð krafa til þess að viðkomandi sé hestamaður.

Umsókn skal skilað á netfangið radning@sprettarar.is eigi síðar en **01.12. 2013**. Sé óskað frekari upplýsinga um starfið má beina þeim spurningum á sama netfang. Þá er bent á heimasíðu félagsins, sprettarar.is

Stjórn Hestamannafélagsins Sprettis

SMIÐIR VERKAMENN MÚRARAR
ERUM MEÐ VANA SMIÐI, VERKAMENN OG MÚRARAR SEM ÓSKA EFTIR MIKILLI VINNU.
HANDAFL EHF
S. 777 2 333

fasteignir

HÖFÐI
FASTEIGNASALA
Suðurlandsbraut 20
Sími 533 6050
Faxnr. 533 6055
www.hofdi.is

Laufrimi 28 – Sérinnngangur

OPIÐ HÚS
Opið hús í dag frá kl. 17:30-18:00

Stórglæsileg 98,5 fm - 3ja herb. íbúð á 1.hæð. Glæsilegt eldhús og baðherbergi. - Rúmgóð herbergi og stofa. Sérinnngangur og suðursvalir. Mjög góð eign! Allar nánari uppl. og skoðun veitir Jóhann Friðgeir GSM: 896-3038
Opið hús í dag milli kl.17:30 og 18:00 – Verið velkomin!

109 Reykjavík

OPIÐ HÚS
Miðvikud. 20. nóv. 17:30 - 18:00

Melsel 6 raðhús

- Fallett raðhús 346,8 m²
- Auka íbúð á jarðhæð 97,1 m² 3ja
- Tvöfaldur bílskúr
- Frábær staðsetning innan hverfis

Verð: **61,5 millj.**

Nánari upplýsingar veitir **Jórunn Skúladóttir**, Sölufulltrúi jorunn@miklaborg.is sími: 845 8958

Óskar R. Harðarson hdl. og löggiltur fasteignasali

FASTEIGNASALAN **569 7000** Síðumúli 13 www.miklaborg.is
MIKLABORG Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -



Ástkær eiginkona mín, dóttir, móðir, tengdamóðir og amma,
JÓNA HAFSTEINSDÓTTIR
Prastarhöfða 24, Mosfellsbæ,



andaðist á hjúkrunarheimilinu Hömrum, Mosfellsbæ laugardaginn 16. nóvember. Útförin fer fram frá Háteigskirkju miðvikudaginn 27. nóvember kl. 13.00.

Kristján Tryggvason
Steinunn Sigurbjörnsdóttir
Steinunn L. Ólafsdóttir
Kristrún Kristjánsdóttir
Hrannar B. Kristjánsson
Thelma, Aron, Daniel, Oliver, Sara, Emelía, Alex og Gabríel

Jeannot Tsirenge
Gunnar Fjalar Helgason
Björg Eir Birgisdóttir



Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

ÓLÖF PÉTURSDÓTTIR
Bugólæk 12, Reykjavík,



andaðist á líknardeild Landspítalans í Kópavogi laugardaginn 16. nóvember. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju föstudaginn 22. nóvember kl. 15.00. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir. Þeim sem vilja minnst hennar er bent á Minningarsjóð líknardeildarinnar í Kópavogi.

Þorsteinn Ólafsson
Sigrún Guðmundsdóttir
Pétur Þorsteinsson
Jóna Þorsteinsdóttir
Heiðis Þorsteinsdóttir
Þorsteinn Ólafur Þorsteinsson
barnabörn og barnabarnabörn.

Friðrik Jónsson
Kristín Ármannsdóttir
Sveinn Jóhannsson
Pálmi Egilsson
Svana Berglind Karlsdóttir



Okkar yndislega mamma, tengdamamma, amma, langamma og stjúpa,

LILJA MARGEIRSDÓTTIR

sem lést á Dvalarheimilinu Grund 13. nóvember sl. verður jarðsöngin frá Reykholtskirkju laugardaginn 23. nóvember kl. 14.00.



Ólafur Flosason
Anna Ólafsdóttir
Floki Ólafsson
Harpa Líf, Jason Daði
Anna Flosadóttir

Elisabet Halldórsdóttir
Guðjón Már Guðjónsson
Halldóra Baldvinsdóttir



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð, hlýhug og vináttu við andlát og útför ástkærrar eiginkonu minnar, móður, tengdamóður, ömmu, systur og mágkonu,

GUÐBJARGAR BÁRÐARDÓTTIR
Hjallaseli 27, Reykjavík.

Sérstakar þakkir fær starfsfólk Karitas fyrir einstaka umhyggju og vináttu.



Garðar Einarsson
Einar Már Garðarsson
Garðar Már Einarsson
Ágústa Bárðardóttir
Elínborg Bárðardóttir
Sigurbjörn Bárðarson
Bárður Bárðarson

Eimee Damsin
Eythan Már Einarsson
Þorsteinn Þorsteinsson
Ómar Sigfússon
Friða Steinarsdóttir

Vekja athygli á stöðu kvenna með bíósýningu

KFUM og KFUK standa fyrir kvikmyndasýningum í Bíó Paradís í samstarfi við UN Women. Myndirnar, sem eru eftir Abigail Disney, fjalla um konur á stríðshráðum svæðum.

„Verkefnið kemur í raun þannig til að nokkrar okkar fóru á heimsþing KFUK fyrir nokkrum árum og sáu þessar myndir sem við ætlum að sýna. Þær hrifust svo mjög af myndunum og verkefninu í heild að þær ákváðu strax að reyna að vekja meiri athygli hér á landi á stöðu kvenna á stríðshráðum svæðum,“ segir Jóhanna Sesselja Erludóttir, meðlimur í Mannréttindanefnd KFUK. Næstkomandi miðvikudag, 27. nóvember klukkan 20, standa KFUM og KFUK fyrir kvikmyndasýningu í Bíó Paradís í samstarfi við UN Women á Íslandi og verður það heimildarmyndin I Came to Testify eftir Abigail Disney sem ríður á vaðið í þessu verkefni sem styrkt er af Æskulýðssjóði.

Jóhanna Sesselja segir Heimssamband kristilegra félaganna ungra kvenna (YWCA) lengi hafa unnið að framgangi kvenréttinda og því að vekja athygli á stöðu kvenna um allan heim. „Okkur hér á Íslandi langaði til að taka virkari þátt í þessu stóra verkefni og ákváðum að byrja á þessum kvikmyndasýningum,“ útskýrir hún og bætir við að fyrst um sinn séu áætlaðar sýningar á tveimur myndum af fimm sem téð Abigail Disney hefur framleitt undir yfirheitinu Konur, stríð og friður.

„Fyrri myndin, sem við sýnum næsta miðvikudag, heitir I Came to Testify og fjallar um áhrif Bosníastríðsins á konur og hvernig þær sögðu sína sögu. Síðari myndin, sem sýnd verður þriðjudaginn 10. desember, heitir Pray the Devil Back to



KFUK Jóhanna Sesselja Erludóttir situr í Mannréttindanefnd KFUK. Hún hvetur sem flesta til að mæta á kvikmyndasýningar sem félagið stendur fyrir í samstarfi við Un Women á næstunni.

FRÉTTABLAÐID/GVA

Hell og fjallar um viðbrögð kvenna við borgarastyrjöld í Líberíu. Svo kemur í ljós hvort við skellum ekki fleiri myndum eftir Abigail Disney í sýningu,“ segir Jóhanna Sesselja og bætir við að kvikmyndagerðarkonan sé barnabarn Roy O. Disney, bróður hins fræga Walt, en þeir stofnuðu saman kvikmyndafyrirtækið fræga á sínum tíma.

„Okkur þótti líka tilvalið að nota þessa fyrstu sýningu til að vekja athygli á alþjóðlegum baráttudegi gegn ofbeldi gegn konum, sem er hald-

inn næsta mánudag. Þessar myndir, sem við ætlum að sýna, vekja athygli á því hversu konur ná að gera ótrúlega hluti í erfiðum aðstæðum þegar þær standa saman. Þessar kvikmyndasýningar eru bara byrjunin því að við hyggjumst gera meira úr þessu verkefni síðar meir,“ segir Jóhanna Sesselja, en auk kvikmyndasýninganna verður boðið upp á umræður um efni myndanna að sýningum loknum. „Því fleiri sem mæta, því betra,“ segir hún að lokum.

kjartan@frettabladid.is



Elsku hjartans vinur okkar, faðir, tengdafaðir, afa og langafi,

KOLBEINN ÞORSTEINSSON
fyrirverandi blómakaupmaður frá Vatnsleysu í Biskupstungum,

sem lést sunnudaginn 10. nóvember, verður jarðsöngin frá Grafarvogskirkju föstudaginn 22. nóvember kl. 13.00.

Ynja Sigrún Ísey
Ágústa Harpa Kolbeinsdóttir
Sigurður Heimir Kolbeinsson
Þorsteinn Örn Kolbeinsson
tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

ELÍN THEÓDÓRA BJÖRNSDÓTTIR
vefari,
áður Hamravík 38,

lést á Hjúkrunarheimilinu Eir 6. nóvember sl. Útförin fór fram í kyrkþey að ósk hinnar látnu. Þökkum auðsýnda samúð. Starfsfólk Eirar fær sérstakar þakkir fyrir hlýja nærveru og góða umönnun.

Reynir Þorsteinsson
Þorsteinn Þorsteinsson
barnabörn og langömmubörn.

Guðbjörg Árnadóttir
Ingibjörg Guðlaugsdóttir



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

INGIBJÖRG ÁSTVALDSDÓTTIR
Þúfubarði 11, Hafnarfirði,

lést á Landspítalanum Fossvogi, sunnudaginn 17. nóvember. Jarðsöngið verður frá Hafnarfjarðarkirkju, mánudaginn 25. nóvember kl. 13.00. Þeim sem vilja minnst hennar er bent á S.Í.B.S.

Björg Hjörleifsdóttir
Sigurður Ben Guðmundsson
Guðmundur Rúnar Guðmundsson
ömmubörn og langömmubörn.

Sumarliði Már Kjartansson
Margrét Ósk S. Guðjónsdóttir
Sigríður R. Sigurðardóttir



Okkar elskulega móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

ÓLAFÍA GUÐBJÖRNSDÓTTIR
áður til heimilis að Hjallabraut 33, Hafnarfirði,

lést á Hrafnistu Hafnarfirði sunnudaginn 17. nóvember. Útförin fer fram í kyrkþey að ósk hinnar látnu. Sérstakar þakkir til starfsfólks Hrafnistu Hafnarfirði fyrir hlýhug og góða umönnun.

Lilja S. Mósesdóttir
Þórdís S. Mósesdóttir
barnabörn og fjölskyldur þeirra.

Halldór Ó. Bergsson
Andrés Ingi Vigfússon



Okkar ástkæra

SIGRÍÐUR HALLA EINARSDÓTTIR
Njarðarvöllum 6, Reykjanesbæ,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja sunnudaginn 17. nóvember.

Auður Ingvarsdóttir
Hildur Ingvarsdóttir
Björg Ingvarsdóttir
Rósa Ingvarsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Snorri Gestsson
Leifur V. Eiríksson
Snæbjörn Sigurðsson
Ólafur Björnsson



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur hlýhug og samúð við andlát og útför föður okkar, tengdafaður, afa og langafa,

GEIRS AGNARS ZOËGA
Dyngjuvegi 1.

Helga Zoëga
Geir Þórarinn Zoëga
Þórdís Zoëga
barnabörn og barnabarnabörn.

Guðmundur Kristjánsson
Vilborg Traustadóttir
Ólafur E. Friðriksson



Houstuútsala
20-30% afsláttur

Granithöllin
Lögsteinar

Bæjarhrauni 26 - Hafnarfirði
Sími 555 3888 - granithollin.is

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið

6th
sense[®]
FreshControl

Whirlpool
SENSING THE DIFFERENCE



HÉR ER ÍSSKÁPUR MEÐ HÁPRÓAÐRI NÆMNI FYRIR LANGVARANDI FERSKLEIKA

Nýji 6th SENSE ísskápurninn með Fresh Control tækninni laðar fram hinn sanna keim ferskleikans. Þökk sé sérstökum skynjum sem eru mjög virkir í að stýra hita- og rakastiginu, varðveitist útlit, áferð og bragð matarins allt að fjórum sinnum lengur. Ennfremur er sérstakt hólf fyrir kjöt og fisk sem tryggir stöðugt hitastig við 0°C - til að viðhalda næringargildinu, ferskleikanum og bragðinu óbreyttu.

Whirlpool

Heimilistæki ht.is
UMBOÐSMENN UM LAND ALLT

Besta svarið



KOMIÐ Í
VERSLANIR



LOKSINS
Á ÍSLANDI
VERÐLAUNA SPILIÐ
BESTA SVARIÐ

EINFALT OG
SKEMMTILEGT

MÖNDLUGJÖFIN - JÓLASPILIÐ - PARTÝSPILIÐ



MYNDFORM

Útþynntur Orwell uppi í sveit

LEIKLIST ★★★★★

Refurinn

Höfundur: Dawn King. Leikstjóri: Vignir Rafn Valþórsson. Þýðing: Jón Atli Jónasson. Leikmynd og búningar: Sýsta Björnsdóttir. Lýsing: Björn Bergsteinn Guðmundsson. Hljóð: Baldvin Magnússon. Tónlist: Frank Hall.

BORGARLEIKHÚSIÐ LITLA SVIÐ

Refurinn (Foxfinder) er nýlegt breskt leikrit eftir ungan höfund, Dawn King, sem fékk góðar viðtökur í Bretlandi fyrir tveimur árum. Þetta er pólitískur tákneikur sem er látinn gerast í einhverju óstaðsettu alræðisríki þar sem fjarlæg yfirvöld efla tök sín á alþýðunni með áróðri um skæða andstæðinga; andstæðinga sem eru þó líkast til einber ímyndun og tilbúningur. Útsendari stjórnvalda, kornungur maður, nýútskrifaður úr uppeldisstöð þeirra, vandlega heilabveginn, knýr dyra á bóndabæ einum, sest þar að og tekur að terrorisera hjónin á bænum og nágrenna þeirra í sveitinni. Hann segist vera í leit að refum sem eiga að sýkja allt og alla með nærveru sinni. En þó að ungi maðurinn virðist í fyrstu hafa öll tök í viðureign sinni við þetta fólk, kemur þar að hann missir stjórnina og atburðir taka aðra stefnu en búast mátti við í upphafi.

Þetta er á margan hátt kunnáttusamlega skrifað og spennandi leikrit, en á einhvern hátt nær það aldrei á manni verulegum tökum. Bókmenntalegar fyrirmyndir þess eru næsta augljósar, að maður ekki segi yfirþyrmandi: andi Orwells sveimar hér mjög yfir vötnum, Kafka er líka á næsta leiti og svo auðvitað Pinter hinn pólitíski með sín endalausú ofbeldissambönd. Samspil ótta og haturs, vænisýki, sektarkenndar og hreinna hugaróra, er höfundur hugleikið, allt undir auga „Stóra bróður“,

en man grunar að hún hafi kynnst þeim fremur af lestri bóka en eigin reynslu. Ég er ekki heldur viss um að sá viðsnúningur, sem á sér stað um og upp úr miðjum leiknum og leiklausnin byggist síðan á, sé nógu trúverðugur sálfræðilega. Skírskotanir til sögu og samtíðar liggja í augum uppi; nú á dögum er það helst „stríðið gegn terrorism“ sem Kanar og þeirra fylgifyrirlit telja sig standa í.

Hafi þeir hjá L.R. viljað sýna verk um ógnir alræðisins, hefði ég til dæmis bent þeim á leikrit úkraínsku skáldkonunnar Nataliu Vorozbith, Korngeymsluna sem Royal Shakespeare Company í Stratford setti upp fyrir þremur árum í magnaðri sýningu. Það fjallar um hungursneyðina miklu í Úkraínu og kúlakkamorð Stalíns á fjórða áratugnum og má raunar mikið vera ef ekki má heyra ákveðið bergmál þaðan í leik Kings. Mun nýstárlegra hefði verið að sjá slíkt verk hér heldur en enn einn smellinn frá London; þó að við fáum hér litla nasasjón af því, vill svo til að víðar eru skrifuð góð leikrit um þessar mundir en í Bretlandi og Bandaríkjunum.

Vignir Rafn Valþórsson leikstjóri sýnir bæði kjark og glöggskyggni í vali á leikendum. Í stóru hlutverki unga mannsins teflir hann fram nýútskrifuðum leikara, Arnari Dan Kristjánssyni, sem er bersýnilega ágætis efni og skilar túlkun sem sýnir bæði næmleika og skýra mótun. Frá upphafi má skynja öryggisleysið undir köldu og harðneskjulegu fasi stjórnarfulltrúans sem brotnar svo niður þegar á reynir og eftir stendur óttasleginn og frekur krakki; ferli sem var vel unnið af bæði leikara og leikstjóra. Kvenhlutverkin eru í höndum Nönnu Kristínar Magnúsdóttur, sem hefur sést of lítið á sviði seinni árin, og Tinnu Lindar Gunnarsdóttur; þær gerðu báðar vel, þó að samspil þeirra yrði á stundum helst til vélrænt og flatt sem kann að hafa stafað af full hraðri leikstjórn.



REFURINN
Nanna Kristín Magnúsdóttir og Tinna Lind Gunnarsdóttir í hlutverkum Júlíu og Söru.

Hallgrímur Ólafsson gerði hlutverki Sams bónda óaðfínanleg skil.

Leikmyndin, sem spannar bæði bóndabæinn og umhverfi hans, er í mjög náttúralískum stíl, en opnast þó út á annarlegri baksvið sem ég sá reyndar ekki nógu vel, þar sem mér var vísað til sætis til hliðar í salnum. Útisenur fara fram í hliðarturni, sem leikendur þrifa upp í, og á brú sem er byggð þvert yfir áhorfendasvæðið. Þær nutu sín vel í þessari umgerð, en þetta ofurraunsaði skapaði í bland við dempaða lýsingu heldur

drungalegt andrúmsloft á sviðinu. Hrollvekjubrellur með ljósagangi og tilheyrandi látum orkuðu fyrst og fremst kómískt sem ég efa stórlega að hafi verið ætlun höfundar. Einfaldari sviðsbúnaður, hljóð og myndgervingar, hefðu farið óræðum heimi verkefins betur.

Jón Viðar Jónsson

NIÐURSTAÐA: Pólitísk táknsaga um andlega kúgun í vel unninni en full drungalegri sviðsetningu. Forvitnilegt verk sem er einnar kvöldstundar virði, þó að Orwell sjálfur sé betri.

Stemmerettsjubileet

Málþing í tilefni af 100 ára afmæli kosningaréttar norskra kvenna
Norræna húsinu föstudaginn 22. nóvember kl. 15.00 – 18.00



Framsögumenn:

Ingvild Næss Stub, aðstoðarutanríkisráðherra Noregs
Einar K. Guðfinnsson, forseti Alþingis
Anne Krogstad, prófessor, UiO
Eygló Harðardóttir, félags- og húsnæðismálaráðherra

Pallborðspátttakendur:

Vigdís Finnbogadóttir, fyrrv. forseti Íslands
Árni Páll Arnason, alþingismaður
Kristín Ástgeirsdóttir, framkvæmdastýra Jafnréttisstofu
Rósa Erlingsdóttir, sérfræðingur, Velferðarráðuneyti
Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, prófessor, HÍ

Fundarstjóri: Dag Wernø Holter, sendiherra Noregs á Íslandi.

Málþingið fer fram á ensku og er öllum opið.
Léttar veitingar.

Norska sendiráðið í Reykjavík í samstarfi við Miðstöð margbreytileika og kynjarannsóknar (MARK) og Rannsóknarstofu í kvenna- og kynjafræðum (RIKK) við Háskóla Íslands.



AFHENDING Frá afhendingu styrkjanna í Listasafni Íslands 18. nóv. Karl Ómar Jónsson verkfræðingur, Jóhanna Kristbjörg Sigurðardóttir og Ragnar Þórisson styrkhafar.

Tveir ungir myndlistarmenn styrktir.

Úthlutað úr styrktarsjóði

Stjórn Styrktarsjóðs Svavars Guðnasonar listmálara og Ástu Eiríksdóttur úthlutaði úr sjóðnum hinn 18. nóvember við hátíðlega athöfn í Listasafni Íslands, en þann dag voru 104 ár liðin frá fæðingu Svavars Guðmundssonar. Styrkhafar í ár eru tveir: Ragnar Þórisson, fæddur 1977, og Jóhanna Kristbjörg Sigurðardóttir, fædd 1982. Sjóðurinn var stofnaður árið 1993 og er því 20 ára um þessar mundir. Í ár nam upphæð hvors styrkjanna úr sjóðnum 400.000 krónum. Í reglugerð sjóðsins segir að styrkinn skuli veita „ungum og efnilegum myndlistarmönnum“.

Rauðir dagar 18.-22. nóvember

Hvar er hægt að stofna húsnæðissparnaðarreikning?

- Í útibúi Íslandsbanka
- Í Netbankanum
- Í Eldey
- Bæði í útibúi og Netbanka

Komdu á Rauða daga í útibúinu þínu og fáðu upplýsingar um húsnæðissparnað.

Við bjóðum góða þjónustu

Íslandsbanki



LJÓÐSKÁLDIN Aðalsteinn Ásberg, Halla Margrét og Heiðrún kallast á í ljóðum.

Ljóðskáld með ljóðabráðing

Á næstu vikum flytja ljóðskáldin Aðalsteinn Ásberg, Halla Margrét Jóhannesdóttir og Heiðrún Ólafsdóttir ljóðadagskrá sem nefnist Ljóð eftir ljóð. Um er að ræða nýmóðins ljóðabráðing úr nýjustu bókum þeirra eða samfellt ljóðaflóð. Fyrsti bráðingurinn fer fram á Stofunni við Ingólfstorg annað kvöld klukkan 20.

Við erum búin að vera að spinna svolítið,“ segir Halla Margrét. „Þetta er ekki hefðbundinn ljóðaupplestur, þar sem hver les ljóð eftir sig og síðan tekur næsti við, heldur köllumst við svolítið á í ljóðunum, komum inn í lestur hvert annars og leikum okkur svolítið með þetta.“

